

THEODÓR INGI ÓLAFSSON

*Gisti með vinum sínum í bíósal í Danmörku*

ferðir bílar heimili veiði

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



LANDBÚNAÐUR

*Hjarta íslensks kynbótastarfs*

Sérblað um landbúnað

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

23. apríl 2008 — 110. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Ósáttir vertar



Kormákur Geirharðsson segir borgaryfirvöld ætla að stytta opnunartíma skemmtistaða.

FÓLK 28

### Dýrasti málari sögunnar



Ásgeir Valur vill fá 400 milljónir Bandaríkjadala fyrir málverk sitt.

FÓLK 34

### Skólavistin gengur í ættir



Menntaskólinn að Laugarvatni er 55 ára.

TÍMAMÓT 22



### Dramatík á Anfield

Liverpool og Chelsea skildu jöfn í Meistaradeildinni í gærkvöld.

ÍÞRÓTTIR 31

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMA NÁLGAST** Í dag verða austan 10-18 allra syðst annars 5-8. Fer að rigna sunnan til um eða eftir hádegi. Bjart nyrðra í fyrstu en þykknar smám saman upp síðdegis eða í kvöld. Áfram milt.

VEÐUR 4

# Neyðaráætlun tekur gildi standi uppsagnir

**Neyðaráætlun hefur verið gerð á Landspítalanum verði af uppsögnum geislafræðinga. Þá er í undirbúningi neyðaráætlun á skurðstofum standi hjúkrunarfræðingar þar við sínar uppsagnir. Nær 140 manns hafa sagt upp störfum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sett hefur verið upp neyðaráætlun á röntgendeildum Landspítala - háskólasjúkrahúss (LSH) ef til þess kemur að uppsagnir um fjörutíu geislafræðinga af 52 sem starfa á spítalanum taki gildi. Neyðaráætlun verður einnig sett upp á skurðdeildum spítalans ef 96 skurðhjúkrunarfræðingar standa við uppsagnir sínar. Allar þessar uppsagnir eiga að taka gildi á miðnætti á miðvikudag, eftir rétta viku.

„Við erum að ljúka við að tala einslega við geislafræðinga og fara yfir stöðuna þannig að fólk sé með allt á hreinu,“ segir Ásbjörn Jónsson, sviðsstjóri myndgreiningarsviðs LSH. „Við höfum beðið þá að svara okkur í síðasta lagi á föstudag hvort þeir ætli að standa við uppsagnirnar.“

Ásbjörn segir að neyðaráætlunin feli í sér að fólk í bráðustu neyð fái þjónustu. „En auðvitað hefur þetta víðtæk áhrif ef til kemur og skerðir starfsemina.“

Anna Stefánsdóttir, settur forstjóri á LSH, segir að nú standi yfir viðræður við skurðhjúkrunarfræðinga, hvern fyrir sig. Gert sé ráð fyrir að þeim ljúki á föstudag. Enn sé eftir að tala við um fimmtung hjúkrunarfræðinganna. „Einhverjir sem við höfum þegar rætt við munu láta okkur vita á morgun [í dag] hvort þeir ætli að standa við uppsagnir sínar,“ segir Anna og kveður skurðhjúkrunarfræðingum ekki hafa verið gerð einhver tilboð í viðræðunum.

„Fyrst og fremst er fólk óánægt með þessa breytingu á vaktafyrirkomulagi,“ útskýrir hún. „Við erum að ræða við hvern og einn um þetta fyrirkomulag, skýra sjónarmið spítalans og benda á það sem er jafnvel betra heldur en gamla fyrirkomulagið.“

Anna segir að neyðaráætlunin, sem sett verður á standi skurðhjúkrunarfræðingarnir við uppsagnir sínar, felist einkum í því að sinna megi öllum bráðaaðgerðum og einnig sjúklingum sem þurfa að fara í aðkallandi aðgerðir vegna krabbameins. - jss



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Á BESSASTÖÐUM** Abbas hélt til fundar við Ólaf Ragnar Grímsson, forseta Íslands, á Bessastöðum. Að því loknu ræddi hann við blaðamenn um framlag smáþjóða til friðarmála. Ljóst var á máli hans að lóð Íslands gæti vegið þyngra en stærð þjóðarinnar.

Bjarni Ármannsson til liðs við 90 milljarða fjárfestingarsjóð í Bandaríkjunum:

# Leitar fjárfestinga í N-Evrópu

**VIÐSKIPTI** Bandaríski fjárfestingarsjóðurinn Paine & Partners hefur fengið til liðs við sig Bjarna Ármannsson og Frank O. Reite, sem báðir voru áður hjá Glitni. Frank og Bjarni stýra fjárfestingum í Norður-Evrópu.

Bjarni segir að í Paine & Partners sé bakland og farvegur fyrir stærri fjárfestingar, en um þessar mundir er fjárfest úr sjóði sem er tæpir 90 milljarðar króna að stærð. Hann útilokar ekki að samstarfið leiði til aukinnar erlendrar fjárfestingar hér á landi.

Í viðtali við Markaðinn kveðst Bjarni ekki bjartsýnn á þróun efnahagsmála í heiminum og segir að nú fari að koma fram annars stigsáhrif undirmálslánakreppunnar. Hann segir krónuna hafa misst trúverðugleika bæði innan lands og utan og segir ekki að undra þótt Evrópusambandsaðild sé talin ein af leiðum til úrlausnar.

Bjarni ræðir einnig stöðu REI og telur útséð um að fyrirtækið geti uppfyllt þær væntingar sem til þess voru gerðar í upphafi. - óká / Sjá Markaðinn

Bleikt og blátt hættir

# Íslensk erótík úr hillum

**ÚTGÁFUMÁL** „Það var enginn Hugh Hefner-bragur á þessu og ég lenti ekki í neinum ævintýrum,“ segir Guðmundur Arnarson. Bleikt og blátt, eina tímaritið sem gefið hefur verið út á seinni árum þar sem áhersla er alfarið lögð á erótík, hefur verið lagt niður. Þetta umdeilda tímarit á sér merka en brokkgenga útgáfusögu og var rétt tæplega tvítugt þegar það lagði upp laupana. Guðmundur er síðasti ritstjóri þess. Hann segir það hafa komið sér á óvart hversu breiður lesendahópurinn var. - jbg / sjá síðu 34



GUÐMUNDUR ARNARSON

Fækkun ferða Baldurs:

# Endalok búskapar í Flatey

**SAMGÖNGUR „Ætli þetta verði ekki til þess að bæði ferðaþjónusta og búskapur leggist af á eynni,“ segir Hafsteinn Guðmundsson ábúandi í Flatey. Niðurgreiðslur Vegagerðarinnar vegna ferða yfir Breiðafjörð munu lækka í áföngum en falla svo niður í lok árs 2009. Eftir þann tíma er gert ráð fyrir því að ferjan Baldur fari tvisvar í viku frá Stykkishólmi til Flateyjar.**



HAFSTEINN GUÐMUNDSSON

**„Það munar mikið um það fyrir ferðaþjónustuna hér ef fólk kemst ekki lengur hingað til þess að eyða helgi og þó ekki sé fararsnið á mér verður það afar vont þegar ferðunum fækkar svona og vinir og ættingjar geta ekki lengur skotist hingað í heimsókn.“**

**Tvær fjölskyldur búa nú allan ársins hring í Flatey.** - jse










## SPURNING DAGSINS



*Sindri, varstu með fullt hús?*

„Ja, það var fullt út úr dyrum en ég var með lélega hönd.“

Lögreglan stöðvaði pókermót sem Sindri Lúðvíksson hélt í fyrra. Hann bíður nú niðurstöðu lögreglurannsóknar.

Fulltrúar ungs fólks mæltu fyrir tillögum á fundi borgarstjórnar í gær:

# Vilja reisa styttu af Vigdísi

**BORGARSTJÓRN** „Verk þessarar stórfenglegu konu munu ávallt lifa með okkur, eins og störf hennar í þágu lista og menningar þjóðarinnar. Persónutöfrar Vigdísar og bros geta brotið ís í hinu kaldasta hjarta,“ mælti Kjartan Þór Ingason úr ungmennaráði Breiðholts úr ræðustól á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fulltrúa úr Reykjavíkurráði ungmenna í Ráðhúsinu í gær.

Kjartan, sem mælti fyrir tillögu þess efnis að stytta verði reist af Vigdísi Finnbogadóttur á áberandi stað í borginni, var einn af af átta fulltrúum úr Reykjavíkurráði ungmenna sem mælti fyrir tillögum á fundinum. Ráðið er skipað fólki undir 18 ára aldri sem starfað hefur í ungmennaráðum í hverfum borgarinnar og er þetta sjöunda árið í röð sem tillögur þess eru lagðar fram á sérstökum fundi með borgarstjórn.



**UNG Í ANDA:** Æskufjörið sveif yfir Ráðhúsinu í gær. Eva Brá Axelsdótir og Kjartan Þór Ingason úr ungmennaráði Breiðholts ásamt Kjartani Magnússyni borgarfulltrúa FRÉTTABLAÐIÐ/PS

Aðrar tillögur sem fram komu á fundinum snerust meðal annars um bætta aðstöðu fyrir graffiti í Reykjavík, stofnun ungmennahúss miðsvæðis í borginni, aukið fjármagn til sumarstarfa fyrir námsmenn og bætta lífsleiknikennslu í grunn- og framhaldsskólum.

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri segir markmið fundanna vera að gefa fulltrúum unga fólksins tækifæri til að tala fyrir hönd ungs fólks í borginni, og hljóta um leið þjálfun og fræðslu í lýðræðislegum vinnubrögðum. - kg

Sviðsstjóri framkvæmdasviðs:

# Vildi ekki bera ábyrgðina

**REYKJAVÍK Guðný Gerður Gunnarsdóttir borgarminjavörður var reiðubúin að sýna stofnfélögum Hollvinasamtaka Hallargarðsins húsið Fríkirkjuveg 11 í Reykjavík á stofnfundinum um síðustu helgi en Hrólfur Jónsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs, afturkallaði leyfi sem hann hafði veitt.**

**„Ég skildi þetta þannig að það færu inn fjórir eða fimm menn og sá ekkert athugavert við það. Þegar ég sá hins vegar auglýsingu um opið hús fannst mér það vera allt annað og treysti ég mér ekki til að taka ábyrgð á því að vera með húsið til sýnis, því í raun er búið að selja það,“ segir Hrólfur.** - ghs

Útgáfa Fréttablaðsins:

# Sjö ára afmæli

**FJÖLMIÐLAR** Fréttablaðið er sjö ára í dag. Blaðið kom fyrst út þann 23. apríl árið 2001. Í upphafi var blaðið 24 síður og kom út alla virka daga.

Fréttablaðið var fyrsta íslenska dagblaðið sem var dreift ókeypis í hús, fyrst á höfuðborgarsvæðinu en seinna bættust stærri staðir á landsbyggðinni við. Fréttablaðinu var strax vel tekið af lesendum. Blaðið er nú mest lesna dagblað landsins og kemur út alla daga vikunnar.



**FRÁ ÖÐRUM SLYSSTAÐNUM** Ekið var í veg fyrir lögreglumann sem var á leið í útkall vegna áreksturs. VÍKURFRÉTTIR/ELLERT

Tveir árekstrar í Njarðvík:

# Ekið í veg fyrir lögreglubifhjól

**LÖGREGLUMÁL Tveir árekstrar urðu með skömmu millibili um klukkan þrjú í gærdag í Innri-Njarðvík. Ekið var í veg fyrir lögreglumann á bifhjóli sem var á leið á slysstað þar sem tveir bílar höfðu lent í árekstri. Lögreglumaðurinn var fluttur á sjúkrahús. Barn sem var í bílnum sem lögreglumaðurinn lenti í árekstri við var sent á sjúkrahús til athugunar, að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum.**

**Enginn meiddist í fyrri árekstrinum, en aðeins var spölkorn á milli slysstaðanna tveggja.** - jse



**Á VESTURGÖTU** Bíll ungrar stúlku og ljósastaur er ónýtur eftir að hún missti stjórn á bílnum á Vesturgötu á Akranesi. Stúlkan er grunuð um ölvun. Banaslys varð þegar bíl var ekið á húsið lengst til hægri í febrúar. MYND/VILBERG JÓHANNESSON

# Blöskrar ofsaakstur í íbúagötu á Akranesi

**Kona sem flutti heim til Akraness eftir 23 ára fjarveru segir sér blöskra ofsakstur þar. Drukkin stúlka ók á ljósastaur við hús hennar á Vesturgötu. Banaslys varð í götunni fyrir tveimur mánuðum. Bærinn íhugar að bæta við hraðahindrun.**

**LÖGREGLUMÁL** „Mér hreinlega blöskrar hraðaksturinn á öllum sem fara hér um,“ segir Anna María Pálsdóttir íbúi á Vesturgötu á Akranesi.

Tæplega 22 ára stúlka slapp fremur lítið meidd þegar hún ók bíl yfir á rangan vegarhelming og á ljósastaur á fimmta tímanum aðfaranótt laugardags. Anna María var þá vakandi yfir barni en rétt ógengin til náða. Hún heyrði mikinn vélargný fyrir utan eins og nokkrum sinnum áður um nóttina. Síðan heyrðist gríðarlegur skarkali og Anna María segir húsið hafa leikið á reiðiskjálfi.

„Maðurinn minn vaknaði og við rukum bæði út í glugga. Við sáum þá hvar bílinn dúaði nýlentur og ung stúlka opnaði dyrnar bílstjóramegin. Hún féll út og var flutt vönkuð af slysstað,“ lýsir Anna María. Stúlkan er grunuð um að hafa verið ofurölvi.

Nítján ára piltur lést eftir að bíl var ekið á húsvegg í febrúar aðeins nokkrum húslengdum frá þeim stað sem stúlkan ók á ljósastaurinn. „Vesturgatan er beinn og breiður vegur og er eins og flugbraut. Það eru aðeins tvær hraðahindranir á löngum kafla á okkar svæði og einmitt þar á milli er eins og margir ökumenn þurfi endilega að gefa í. Þetta eru ekki bara fólksbílar heldur líka sendibílar og vörubílar sem er jafnvel ekið hraðar en fólksbílunum,“ segir Anna María sem er fædd og uppalin á Akranesi en nýflutt þangað aftur eftir 23 ára fjarveru:

„Ég hélt að ég væri að komast í rólegt umhverfi en svo bara bý ég við kappakstursbraut. Okkar hús er alveg við götuna eins og húsið sem var keyrt á þannig að okkar hús getur orðið næsta skotmark. Ég skora á bæjaryfirvöld að bregðast strax við þessu. Við viljum fá hindranir eða þrengingar til að ná niður hraðanum.“

Jónas Hallgrímur Ottósson, varðstjóri í lögreglunni á Akranesi, segir bæjaryfirvöld nú einmitt skoða að bæta við hraðahindrun á Vesturgötu eins og gert hafi verið á fleiri stöðum nú nýlega.

„Þótt þessi tvö slys hafi orðið með stuttu millli á Vesturgötu eru óhöpp þar fremur fátíð. Við vitum að íbúarnir hafa kvartað undan hraðakstri en þegar við höfum mælt hraðann hefur hann ekki reynst vera mikill. Hins vegar fylgir oft mikill hávaði umferðinni og hann angrar fólk,“ segir Jónas. gar@frettabladid.is

Nýjar tölur frá Hagstofu:

# Byggingakostnaður hækkar

**EFNAHAGSMÁL Byggingakostnaður hefur hækkað um tólf og hálft prósent undanfarið ár, að því er fram kemur í tölum Hagstofunnar. Hagstofan birti vísitölu byggingakostnaðar í byrjun vikunnar. Hún var reiknuð um miðjan mánuðinn og hækkað um ríflega 3,3 prósent frá því í mars.**

**Þetta segir Hagstofan að megi rekja til verðhækkana á efni. Vísitalan hækkaði um ríflega 4,4 prósent milli febrúar og mars, en þá skýrðist hækkunin að mestu af launahækkunum iðnaðar- og verkamanna.** - ikh



**SLYS VIÐ GULLINBRÚ** Ökumaðurinn ökklabrotnaði og beita varð klippum til að ná honum úr bílnum. MYND/SIGURÐUR V

Þrjú bílslys í gær:

# Ökumaður fastur í bíl sínum

**SLYS** Þrjú bílslys urðu á höfuðborgarsvæðinu í gærdag. Um klukkan eitt missti ökumaður stjórn á bíl sínum við Gullinbrú með þeim afleiðingum að hann ók á ljósastaur. Að sögn lögreglunar ökklabrotnaði ökumaðurinn. Beita varð klippum til að ná honum úr bílnum sem er gjörónýtur.

Um klukkan fimm urðu tveir árekstrar. Annar á Vesturlandsvegi en þar hlaut einn maður nokkra áverka og var fluttur á sjúkrahús. Hinn áreksturinn varð á Hnoðravöllum í Hafnarfirði en þar sluppu ökumenn með minniháttar meiðsl. - jse






Ríkið gerir BHM, BSRB og Kennarasambandinu tilboð:

# Bauð sama samning og í febrúar

**VINNUMARKAÐUR** Forystumenn BHM, BSRB og Kennarasambandsins hafa verið boðaðir á fund samninganefndar ríkisins í dag til að svara tilboði ríkisins um samning sambærilegan þeim sem Samtök atvinnulífsins gerðu við Starfsgreinasambandið um miðjan febrúar. Svarið verður hið sama hjá öllum félögunum: opinberir starfsmenn vilja samning til ellefu til tólf mánaða.

Tilboð ríkisins gengur út á samning til tveggja til þriggja ára með endurskoðunarákvæði eftir eitt ár. Tilboðið er svo líkt samningnum sem gerður var milli Samtaka atvinnulífsins og Starfsgreinasambandsins að krónutölurnar eru þær sömu og þá miðað við samning verkamanna, ekki iðnaðarmanna. Á því er ekki mikil hrifning meðal opinberra starfsmanna. Tilboðinu hefur þó ekki verið hafnað. Hugmyndin er að ná samkomulagi hratt og semja til skamms tíma. Formenn félaganna innan BHM gera ráð fyrir að vera kallaðir á fundi í Karphúsinu eftir að fundinum með forystu bandalaganna lýkur.



**KLÁRA Á SKÖMMUM TÍMA**
„Hugmyndin gengur út á að klára þetta á skömmum tíma,“ segir Árni Stefán Jónsson, formaður SFR.

Árni Stefán Jónsson, formaður SFR, stéttarfélags í almannaþjónustu, segir að samþykkt hafi verið hjá aðildarfélögum BSRB að veita forystu BSRB heimild til að hefja könnunarviðræður við samninganefnd ríkisins um skammtímasamning fyrir öll félögin „á einu borði,“ eins og hann orðar það. Meðan fullreynt er hvort samningar takist haldi forystumenn félaganna sig til hlés.

„Það er ekki fastmótað hvernig þetta verður en megináherslan verður örugglega á launaliðinn,“ segir hann.

Samningsumboðið er hjá einstökum félögum innan BHM og BSRB og innan Kennarasambandsins eru það aðeins framhaldsskólakennarar sem eru starfsmenn ríkisins. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er ekki áhugi innan BHM á því að semja á sameiginlegu borði þó að það sé til skamms tíma. Þar vilja félögin semja sjálf hvert fyrir sig. - ghs




ENNEMM / SÍA / NM33304

## GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

## GENGIÐ 22.04.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 74,09 | 74,45 |
| Sterlingspund | 147,10 | 147,82 |
| Evra | 118,01 | 118,67 |
| Dönsk króna | 15,813 | 15,905 |
| Norsk króna | 14,88 | 14,968 |
| Sænsk króna | 12,613 | 12,687 |
| Japanskt jen | 0,7174 | 0,7216 |
| SDR | 121,65 | 122,37 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
151,1824

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fyrsta heimsókn leiðtoga Palestínumanna til Íslands:

# Framlag smáþjóða mikilvægt

**UTANRÍKISMÁL** „Það er ekki stærð eða styrkur þjóða sem skiptir máli, heldur hve ákveðnar þær eru í að leggja sitt af mörkum til að koma á friðsamlegum samskiptum,“ sagði Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, að loknum fundi hans með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta.

Heimsókn hans til Íslands í gær er fyrsta heimsókn leiðtoga Palestínumanna hingað til lands, en Abbas er á leið til Bandaríkjanna að hitta þarlenda ráðamenn.

Á blaðamannafundi á Bessastöðum sagði Abbas að sögulegur fundur þeirra Ronalds Reagan Bandaríkjaforseta og Mikhaíls Gorbatsjov Sovétleiðtoga í Reykjavík væri skýrt dæmi um það hve mikilvægt framlag smáþjóða getur verið.



**KOMINN TIL BESSASTAÐA** Ólafur Ragnar Grímsson forseti tók á móti Mahmoud Abbas á hlaðinu á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ólafur Ragnar sagði blaðamönnum reyndar að sér þætti mikið til þess koma hve Abbas hefði í samræðum þeirra reynst vera vongóður og bjartsýnn á að lausnir finnist í deilum Ísraela og Palestínumanna.

Hann sagðist ennfremur vonast til þess að Abbas fari frá Íslandi með enn skýrari skilaboð um mikilvægi vonar og hugrekkis: „Ég segi stundum að íslenska þjóðin byggi samfélag sitt ennþá á því að treysta öðrum og gera ráð fyrir að allir komi sem vinir þar til annað kemur í ljós, og það eru mikilvæg skilaboð í viðbót við skilaboð um von.“ - gb

Tölur frá Hagstofunni:

# Launavísitala hækkar lítillega

**EFNAHAGSMÁL** **Launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 1,2 prósent í apríl frá síðasta mánuði. Vísitalan hefur hækkað um 7,8 prósent undanfarið ár. Verðbólga hefur verið meiri en sem því nemur undanfarnar vikur. Hagstofan segir að áhrifa nýgerðra kjarasaminga Landssambanda og stærstu aðildarfélaga Alþýðusambandsins gæti í hækkun vísitölunnar nú. Gengið var frá samningunum um miðjan febrúar, en þeir voru ekki endanlega samþykkir fyrr en um miðjan mars. Því áætlar Hagstofan að þeir komi ekki að fullu til framkvæmda fyrr en í þessum mánuði.** - ikh

Fjárfestingafélagið Gift:

# Slit fjárfestingafélagsins dragast á langinn

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta er farið að dragast verulega á langinn,“ segir Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður um slit Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga.

Fjárfestingafélagið Gift var stofnað upp úr félaginu síðasta sumar en Eignarhaldsfélaginu hefur enn ekki verið slitið. Fjöldi fólks sem tryggði hjá Samvinnutryggingum á tilteknu árabili, samkvæmt túlkun félagsins, á að fá hlutabréf í Gift. Hins vegar er enn á huldu hversu mikið hver tryggjandi fær í sinn hlut. Guðmundur Ómar bendir á að í heildina litið séu verulegir hagsmunir í húfi, en umbjóðendur hans tryggðu hjá félaginu. Gift er meðal annars stór hluthafi í Exista og Kaupþingi. - ikh

**FJALLABYGGÐ**

### Safnaðarheimili til sölu

Gamla safnaðarheimilið í Ólafsfirði verður auglýst og selt hæstbjóðanda. Húsnæðið er ekki talið henta sem félagsmiðstöð.

**FLATEYRI**

### Læknabústaður seldur

Fjármálaráðuneytið hefur falið Ríkiskaupum að selja fyrrverandi læknabústað á Hrannargötu 2 á Flateyri. Um er að ræða 162 fermetra einbýlishús sem Ísafjarðarbær á 15 prósent í á móti ríkinu.

**ALÞINGI**

### Hví ekki sveitarfélögin?

Árni Þór Sigurðsson VG spyr forsætisráðherra hverju það sæti að sveitarfélögin eigi ekki aðild að nýskipaðri Evrópunefnd. Ljóst sé að þau hafi ríkar skuldbindingar í EES-samningnum og eigi mikilla hagsmuna að gæta.

# Samskipti við Palestínu efld

**Þórður Ægir Óskarsson verður sérlegur sendifulltrúi Íslands gagnvart Palestínu. Einangrun Hamas-samtakanna verður þó ekki rofin. Abbas, forseti Palestínustjórnar, ræddi við íslenska ráðamenn í gær.**

**UTANRÍKISMÁL** Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra skýrði frá því í gær að Þórður Ægir Óskarsson verði sérlegur sendifulltrúi Íslands gagnvart Palestínu. Þetta kom fram á blaðamannafundi Ingibjargar með Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar, að loknum fundi þeirra í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu.

Abbas sagðist afar þakklátur Íslendingum fyrir að taka þetta skref. „Þetta er mjög mikilvæg ákvörðun, og við kunnum að meta hana vegna þess að hún endurspeglar ekki bara áhuga Íslendinga á því að friður takist milli Ísraela og Palestínumanna, heldur einnig hagsmuni alþjóðasamfélagsins,“ sagði Abbas.

Ingibjörg segist hafa áttað sig á því á ferð sinni til Mið-Austurlanda síðastliðið sumar að Ísland væri eina ríkið á Norðurlöndum sem ekki hefði með einhverjum hætti opinber tengsl við stjórnvöld í Palestínu.

Þórður Ægir, sem undanfarin ár hefur verið sendiherra í Japan, segir grunninn að starfi sínu til að byrja með vera sérstaka aðgerðaáætlun gagnvart Mið-Austurlöndum, sem ríkisstjórnin samþykkti á síðasta ári. „Það er þegar farið af stað stuðningsverkefni niðri í Palestínu og það þarf að halda því áfram og byggja meira undir það.“ Til viðbótar því fær Þórður svo það verkefni að rækta pólitísk samskipti við Palestínumenn.

Ingibjörg Sólrún segir þó ljóst að íslensk stjórnvöld verði fyrst og fremst í formlegum samskiptum við palestínsk stjórnvöld, en hafi ekki í hyggju að ræða mikið við Hamas-samtökin, þrátt fyrir að Jimmy Carter, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, sem hefur verið á ferð um Mið-Austurlönd síðustu daga, hafi lagt áherslu á nauðsyn þess að bandarísk og ísraelsk stjórnvöld hafi Hamas-samtökin með í friðarviðræðum við Palestínumenn, eigi að nást raunhæfur árangur úr þeim.

„Carter er ekki fulltrúi stjórnvalda,“ sagði Ingibjörg. „Auðvitað getur hver sem er farið og talað við hvern sem er á þessu svæði, en við hljótum að leggja áherslu á samskipti okkar við Abbas forseta og þá sem honum tilheyra.“

Mahmoud Abbas tekur ekki heldur undir með Carter um nauðsyn þess að ræða við Hamas: „Hamas er palestínskur stjórnmálaflokkur, ekki palestínskt stjórnvald,“ sagði Abbas á Bessastöðum í gær, að loknum fundi sínum með Ólafi Ragnari Grímssyni forseta.

Bæði Ingibjörg Sólrún og Ólafur Ragnar ræddu mannréttindamál við Abbas og sendinefnd hans, eins og mannréttindasamtökin Amnesty International höfðu hvatt til. Meðal annars var minnst á mál 23ja ára gamals manns í Palestínu, sem hefur verið dæmdur til dauða.

Að sögn Ingibjargar tók Abbas vel í þetta mál, og sjálfur sagðist hann taka það alvarlega: „Við tökum þetta mál mjög alvarlega og munum kynna okkur það.“

Abbas vildi þó ekki svara fleiri spurningum frá blaðamönnum á Íslandi eftir að einn þeirra hafði spurt út í þetta mál.

gudsteinn@frettabladid.is



**Á FUNDI MEÐ INGIBJÖRGU SÓLRÚNU** Mahmoud Abbas hitti utanríkisráðherra Íslands í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu í gær. Maðurinn, sem er lengst til hægri á myndinni, er túlkur Abbasar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

DOKTOR
DOKTOR
Við lagadeild Háskólans í Reykjavík eru fleiri doktorsmenntaðir kennarar en við aðrar lagadeildir íslenskra háskóla.
Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0608

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**KÓLNANDI VEÐUR UM HELGINA**
Það er ekki að sjá annað en að um helgina verði komin norðanátt á landinu með kólnandi veðri. Má búast við lítilsháttar úrkomu víða um land á laugardag, líklega slyddu nyrðra en skúrum syðra. Á sunnudag verður hins vegar víðast þurrt og nokkuð bjart syðra.



**Á MORGUN** 3-10 m/s, hvassast syðst.

**FÖSTUDAGUR** 5-13 m/s , hvassast NV og V-til.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Billund | 13° |
| Ósló | 16° |
| Stokkhólmur | 11° |
| Gautaborg | 13° |
| London | 17° |
| París | 18° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 13° |
| Berlín | 17° |
| Alicante | 23° |
| Mallorca | 21° |
| Basel | 14° |
| Eindhoven | 18° |
| Las Palmas | 23° |
| New York | 23° |
| Orlando | 28° |
| San Francisco | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


casall
HOLEY SOLES
CANADA
O'NEILL
SUNDFÖT
20% AUKA-afsláttur
af útsöluvöru
CINTAMANI
asics
o'neill
bfc
BABYFACE
BARNAFATNAÐUR Í
ÚRVALI
Vorsprengja
19.-30. apríl
A3
OUTLET
CENTER
LAUGARDAG 10-16
SUNNUDAG 12-16
MÁN-FÖS 10-18
AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ
KAPLAKRIKI
A3
REYKJANESBRAUT
IKEA

## KJÖRKASSINN



*Vilt þú að ráðist verði í stjórnarskrárbreytingar svo Ísland geti gengið í Evrópusambandið?*

| | |
|---|---|
| Já | 65% |
| Nei | 35% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að beinið sem fannst í Dýrafirði á sunnudag sé frá Spánverjavígunum?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

Brasilískur prestur ætlaði að safna fé fyrir vörubílstjóra:

# Fauk af leið með þúsund blöðrum

**BRASILÍA** Björgunarsveitir í suðurhluta Brasilíu leita nú að kaþólskum presti sem saknað er eftir að hann reyndi að slá nýtt met í blöðruflugi. Presturinn var fastur við þúsund helíumblöðrur þegar hann hvarf.

Faðir Adelir de Carli hófst á loft frá hafnarborginni Paranagua á sunnudaginn var og ætlaði að slá metið yfir lengsta flug með blöðrum og fljúga í nítján klukkustundir samfleytt, alla leið til bæjarins Douados, þegar hann bar af leið og sveif út yfir hafið. Björgunarsveitir voru sendar til leitar eftir að samband við ofurhugann slitnaði.

Í símaviðtali sem presturinn átti við brasilísku sjónvarpsstöðina Globo á sunnudag sagðist hann eiga í vandræðum með GPS-staðsetningarbúnaðinn sinn.

Faðir Carli ætlaði að safna fé til að reisa hvíldaraðstöðu fyrir vörubílstjóra í borginni Paranagua.

„Við erum sannfærðir um að finna hann á lífi, líklega fljótandi einhvers staðar í sjónum," sagði Denise Gallas, einn af stjórnenum björgunarleiðangursins. „Faðir Adelir vissi vel hvað hann var að gera."

Í byrjun árs notaði presturinn sama ferðamáta þegar hann flaug í um fjórar klukkustundir, alls 110 kílómetra leið. **- kh**



**OFURHUGINN** Faðir Adelir de Carli var klár í slaginn þegar ferðin hófst. Hann var með GPS-tæki, gervihnattasíma og fallhlíf þegar hann hvarf. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hæstiréttur úrskurðar:

# Dómari átalinn fyrir ummæli

**DÓMSMÁL Hæstiréttur felldi úr gildi ákvörðun Péturs Guðgeirssonar héraðsdómara um að hann og tveir aðrir víki sæti í máli á hendur manns sem ákærður var fyrir nauðgun á Hótel Sögu.**

**Héraðsdómur hafði sýknað manninn en málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem ómerkti dóminn og vísaði honum aftur í hérað.**

**Segir í dómi hæstaréttar að ástæður þær sem Pétur færi fyrir ákvörðun sinni varði í engu hæfi dómaranna og er hann jafnframt átalinn fyrir ummæli sem hann hefur uppi í rökstuðningi sínum. - jse**




26. apríl - 3. maí

FRAMKVÆMDA- OG EIGNASVIÐ

Þú klippir -við hirðum

Starfsmenn Framkvæmda- og eignasviðs Reykjavíkurborgar fara um borgina dagana 26. apríl til 3. maí og sækja garðaúrgang. Settu greinar í knippi, annan garðaúrgang í poka og komdu þessu fyrir á áberandi stað við lóðarmörk.

Ekki verða fjarlægð stór tré og trjástofnar. Eingöngu verður fjarlægður garðaúrgangur en ekki laus jarðvegur. Íbúum sem þurfa að losa sig við annað rusl eða muni er bent á Sorpu.

Nánari upplýsingar hjá símaveri í síma 411 1111.

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar | Borgartúni 10-12 | www.reykjavik.is/fer


# Meirihlutinn sprakk eftir samning Soffíu

**Meirihluti A-lista og K-lista í bæjarstjórn Bolungarvíkur er sprunginn. Oddviti A-listans segir umsvif Soffíu Vagnsdóttur, oddvita K-listans, í atvinnurekstri vera ástæðu samstarfsslitanna. Ástæðan einhver önnur, segir Soffía.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Þetta kemur mér á óvart, og er ekki í takt við það góða samstarf sem til þessa hefur einkennt stjórnmálin hér í Bolungarvík," sagði Soffía Vagnsdóttir, oddviti K-lista framsóknar- og Samfylkingarfólks, um óvænt slit meirihlutasamstarfs í bæjarstjórn Bolungarvíkur.

A-listinn, Afl til áhrifa, sem er klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum, sendi frá sér yfirlýsingu að kvöldi mánudags þar sem samstarfsslitin eru sögð „óumflýjanleg með tilliti til hagsmuna bæjarfélagsins og íbúa þess." Fulltrúar A-lista hafa þegar sett sig í samband við fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í bænum með samstarf í huga.

Anna G. Edvardsdóttir, oddviti A-listans, segir samstarfsslitin byggja á því að umsvif Soffíu í atvinnurekstri í bænum hafi verið of mikil og þau fari ekki saman við starf bæjarfulltrúa. „Í mínum huga er þetta prinsippmál. Það liggur alveg ljóst fyrir að það verða hagsmunaárekstrar hjá oddvita K-listans vegna umsvifa í atvinnurekstri annars vegar og starfs fyrir bæinn hins vegar," segir Anna, og vitnar til nýlegs samnings sem Kjarnabúð ehf., fjölskyldufyrirtæki Soffíu, gerði við Ósafl, samstarfsfyrirtæki Íslenskra aðalverktaka og Marti Contractors upp á um hundrað milljónir. Hann felur það í sér að Kjarnabúð ehf. mun sjá starfsmönnum fyrir mat og gistingu meðan á gerð Bolungarvíkurganga stendur yfir.

Anna segist hafa boðið fulltrúum K-listans að leysa málið með því að Soffía víki frá störfum. „Því var ekki tekið. Það er augljóst mál að fulltrúar bæjarins þurfa að eiga mikil samskipti við þau fyrirtæki sem vinna að gangagerðinni og það er mikilvægt að þeim störfum sé sinnt einungis á faglegum forsendum."



**FRÁ BOLUNGARVÍK** Staða mála í sveitarstjórnarmálum í Bolungarvík er óljós eftir að fulltrúar A-listans slitu meirihlutasamstarfi við K-lista framsóknar- og Samfylkingarfólks. Fulltrúar A-listans hafa tekið upp viðræður við Sjálfstæðismenn í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/BB

Soffía segir samstarfsslitin hafa verið fyrirvaralaus og ef ástæðan sé atvinnurekstur hennar þá komi það á óvart. „Það hefur ekki verið neinn ágreiningur okkar á milli og samstarfið hefur gengið hnökralaust fyrir sig. Ég held að það sé engin hætta á því að nýlegur samningur minn við verktaka muni hafa áhrif á hvernig ég starfa sem bæjarfulltrúi. Ég hef staðið í þessum rekstri í tvö ár án þess að nokkur hafi kvartað yfir því. Atvinnurekendur víða um land taka þátt í sveitarstjórnarmálum og ég held að það sé gott fyrir sveitarfélögin, þannig að ég held að ástæða slitanna sé einhver önnur."



**ANNA G. EDVARDSDÓTTIR**



**SOFFÍA VAGNSDÓTTIR**

**magnush@frettabladid.is**



Bæjarstjórinn í Bolungarvík:

## EKKI VAR VIÐ NEINA ÓÁNÆGJU

„Ég hef ekki orðið var við kraumandi óánægju eða eitthvað slíkt," segir Grímur Atlason, bæjarstjóri Bolungarvíkur, um samstarfsslit A-listans og K-listans í bæjarstjórn Bolungarvíkur.

A-listinn, Afl til áhrifa, er klofningsframboð úr Sjálfstæðisflokknum í bænum en K-listinn er sameiginlegur listi framsóknar- og Samfylkingarfólks. Grímur segir bæjarstjórnarfundi hafa gengið vel. „Við höfum rætt málin til hlítar og yfirleitt hafa fundir tekið fremur skamman tíma hjá okkur. Við höfum verið laus við miklar deilur og því kemur þetta mér mjög á óvart."


Eldri borgarar 60+

Byrjendur

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara.

Aðalmarkmið námskeiðsins er að gera þátttakendur færa að nota tölvuna sjálfstætt, m.a. til að skrifa texta og prenta, nota Internetið sér til gagns og gamans, taka á móti og senda tölvupóst.



Kennsla hefst 28. apríl og lýkur 21. maí
Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl. 13 - 16
Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

Framhald I

30 kennslustundir. Hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.
Byrjað er á upprifjun áður en haldið er lengra í ritvinnslu í Word. Framhaldsæfingar á Internetinu og í allri meðferð tölvupósts.

Kennsla hefst 29. apríl og lýkur 22. maí.
Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13 - 16
Verð kr. 20.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING
FAXAFEN 10 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210


Lánshæfismat bankanna er til sífelldrar endurskoðunar hjá matsfyrirtækjum:

# Breytingar handan við hornið

**VIÐSKIPTI** Lánshæfiseinkunnir íslensku bankanna hafa tekið breytingum að undanförnu til hins verra og Greining Glitnis telur að enn gætu verið frekari breytingar handan við hornið.

Bent er á að langtímalánshæfiseinkunnir Glitnis séu enn á neikvæðum horfum í bókum Standard og Poor's, þrátt fyrir lækkun úr A- í BBB+ á mánudag, og að Fitch Ratings hafi alla íslensku viðskiptabankanna á neikvæðum horfum og gefið hafi verið út að niðurstöðu væri að vænta innan nokkurra vikna.

„Líklegt er að tilkynning Fitch um framtíð lánshæfismats bankanna komi í kjölfar tilkynningar um lánshæfi ríkisins sem einnig er á neikvæðum horfum hjá Fitch. Einkunnir bankanna eru hins vegar stöðugar í bókhaldi Moody´s en eins og kunnugt er lækkaði Moody´s lánshæfiseinkunnir bankanna fyrr á þessu ári. Alls hefur Moody´s breytt lánshæfismati bankanna þrisvar sinnum á síðustu tólf mánuðum," segir í Greiningu Glitnis, og jafnframt bent á að vegna viðvarandi óvissu á fjármálamörkuðum hafi matsfyrirtæki almennt verið að endurskoða afstöðu sína til banka og fjármálafyrirtækja. Lausafjárkreppan hafi grafið undan trúverðugleika matsfyrirtækjanna, sem hafi verið gagnrýnd fyrir að vanmeta áhættu vegna undirmálslána. **- bih**

# Gómsætt og ferskt
## *á betra verði!*

OPIÐ til 20 alla daga










*Ferskt með flugi!* *Landsins mesta úrval!*




*Hollu vörurnar frá Ávaxtabílnum fást í Hagkaupum!*
Salöt, samlokur, langlokur,
skyrdrykkir og ávextir.



Gildir til 27. apríl eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*










### Félagsmálaráðherra segir Íbúðalánasjóð ekki vinna gegn aðgerðum Seðlabanka:

# Starfar eftir allt öðrum lögum

**STJÓRNMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, telur vaxtalækkun Íbúðalánasjóðs ekki vinna gegn aðgerðum Seðlabankans sem miða að lækkun verðbólgu.

„Ég get ekki séð að þetta hafi neikvæð áhrif á verðbólguna og efnahagsþróunina, þetta er það lítil lækkun,“ sagði Jóhanna í samtali við Fréttablaðið.

Vextir sjóðsins á lánum með uppgreiðsluákvæði lækkuðu úr 5,5 prósentum í 5,2 prósent og á lánum án uppgreiðsluákvæðis úr 5,75 prósentum í 5,7 prósent.

Jóhanna segir vaxtalækkunina hafa verið fyrirséða, aðeins hafi verið spurning um hve mikil lækkunin yrði. Hún segir að sér hafi ekki verið tilkynnt um ákvörðunina fyrirfram, sjóðurinn sé sjálfstæður í sínum ákvörðunum.

Ákvörðun Íbúðalánasjóðs er á skjön við efnahagsaðgerðir Seðlabankans sem hefur hækkað stýrivexti reglulega, síðast fyrir tveimur vikum. Jóhanna segir Íbúðalánasjóð starfa eftir allt öðrum lögum en Seðlabankinn. „Sjóðurinn á að halda þannig á málum að fólk geti eignast húsnæði á viðráðanlegum kjörum en Seðlabankinn á að halda niðri verðbólgu.“

bjorn@frettabladid.is



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR** Félags- og tryggingamálaráðherra.

# Kvarta alls staðar undan laununum

**Sænskir hjúkrunarfræðingar eru komnir í verkfall. Íslenskur hjúkrunarfræðingur í Gautaborg segir að norskir hjúkrunarfræðingar hafi bestu launin. Margir hjúkrunarfræðingar fari í skorpuvinnu til Noregs til að hífa launin upp.**

**NORÐURLÖND** Þúsundir hjúkrunarfræðinga hafa eða ætla að leggja niður störf víða um Svíþjóð næstu daga til stuðnings kröfu um launahækkun upp á fimmtán prósent næstu tvö árin. Um 2.500 hjúkrunarfræðingar höfðu boðað verkfall á mánudag en vinnuveitendum tókst að halda um eitt þúsund þeirra áfram í vinnu með þeim rökum að verkfallið hefði samfélagslega hættu í för með sér. Fjölmennir mótmælafundir hafa verið haldnir víða. Langar biðraðir eru á bráðavöktum.

Hrafnhildur Rós Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á vökudeild Barnasjúkrahúss Sylvíu Svíadrottningar í Gautaborg, segir að hjúkrunarfræðingar á öllum Norðurlöndum kvarti undan lágum launum. Hjúkrunarfræðingarnir séu sammála um að þeir fái ekki sömu laun og stéttir með sambærilega menntun. Í Finnlandi hafi hjúkrunarfræðingar fengið um 20 prósenta launahækkun á einu ári en þeir hafi verið langlaunalægstir á Norðurlöndum.



**HRAFNHILDUR RÓS GUNNARSDÓTTIR**

Hrafnhildur er ekki í verkfalli og enginn á hennar deild. Hún hefur líka verið í námsleyfi frá áramótum og farið öðru hvoru í skorpuvinnu til Noregs. Hrafnhildur fer þá á vegum starfsmannaleigu og tekur þar langar helgarvaktir, oftast á háskólasjúkrahúsinu í Ósló. Hún vinnur allt upp í fimm til sjö daga í einu á fjögurra til átta vikna fresti og segir að það gefi ágætlega.

„Þetta er svolítið lýsandi fyrir stöðuna hérna. Hjúkrunarfræðingar fara til Noregs til að vinna því að það eru miklu betri laun þar, kannski um þrjátíu prósentum hærri laun. Margar gera þetta til að drýgja tekjurnar og sumar gera þetta eingöngu, fara eina helgi í mánuði og vinna,“ segir hún.

Hrafnhildur telur að norskir hjúkrunarfræðingar séu launahæstu hjúkrunarfræðingarnir á Norðurlöndunum en bendir um leið á að það sé dýrara að búa í Noregi en á hinum Norðurlöndunum „þannig að ég veit ekki hversu mikið betra þær hafa það, hvort kaupmátturinn sé hærri en hjá okkur hinum. Það er mjög sérstakt að reka þetta kerfi svona og það er hvorki spennandi né þroskandi fyrir mann sjálfan að fara með þessum hætti og vinna. Öll þróunarvinna er erfiðari fyrir deildirnar þegar starfsmannamálin eru í svona ójafnvægi og það er mjög sérstakt að Norðmennirnir skuli leysa sín vandamál svona.“

ghs@frettabladid.is



**MÓTMÆLI SKEKJA SVÍÞJÓÐ OG DANMÖRKU** Mótmæli og verkföll skekja heilbrigðiskerfið í Svíþjóð og Danmörku þessa dagana. Hjúkrunarfræðingar eru komnir í verkfall víða vegar um Svíþjóð en danskir hjúkrunarfræðingar hafa verið í verkfalli frá því um miðja síðustu viku. Hér sjást nokkrir þeirra fyrir utan Kristjánsborgarhöll.
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR RAFNAR

> „Það er mjög sérstakt að reka þetta kerfi svona og það er hvorki spennandi né þroskandi fyrir mann sjálfan að fara með þessum hætti og vinna.
>
> **HRAFNHILDUR RÓS GUNNARSDÓTTIR**
> HJÚKRUNARFRÆÐINGUR Í SVÍÞJÓÐ.

### Gjaldeyrisforði Íslands er hlutfallslega minnstur allra ríkja með bestu lánshæfiseinkunn:

# Spurt hvort ríkisstjórnin standi við yfirlýsingarnar

**EFNAHAGSMÁL** „Þessi skýrsla dregur fram nauðsyn þess að athafnir fylgi þeim orðum sem hér hafa fallið af hálfu stjórnvalda, um að greiða fyrir bönkum í þeirri lausafjárkreppu sem nú er talin geta ógnað þeim,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík. „Um leið er vakin athygli á því að yfirvöld peningamála eru vanbúin eins og sakir standa til viðamikilla verkefna á þessu sviði.“

Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch Ratings segir í nýrri skýrslu að hlutfallsleg stærð bankakerfisins í íslensku efnahagslífi veki spurningar um getu stjórnvalda til að standa við yfirlýsingar um stuðning við bankakerfið, reynist þess þörf. Almennt sé staða ríkisins þó sterk.

Fjallað er um skýrsluna í Vegvísi Greiningardeildar Landsbankans.



**ÓLAFUR ÍSLEIFSSON** Lektor við Háskólann í Reykjavík segir nýja skýrslu Fitch sýna nauðsyn þess að orðum stjórnvalda fylgi athafnir.

Fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa sagst munu styðja við bankana, þurfi þeir á stuðningi að halda. Hins vegar hefur gjaldeyrisvaraforði Seðlabankans ekki enn verið aukinn, að sögn Eiríks Guðnasonar seðlabankastjóra. Davíð Oddsson seðlabankastjóri, sagði á dögunum að hann mætti tvöfalda.

Gjaldeyrisforði Seðlabankans nemur nú um 220 milljörðum króna.

Í skýrslu Fitch segir að Íslands hafi hlutfallslega minnstan gjaldeyrisforða allra ríkja sem hafi lánshæfiseinkunnina A.

Fitch segir að tímasetning stuðningsaðgerða skipti þá öllu máli. Versni ytri skilyrði enn og þar með aukist líkur á stuðningi ríkisins, hefði það neikvæð áhrif á lánshæfiseinkunn ríkisins.

Raunveruleg og tímanleg viðbrögð stjórnvalda geti leitt til þess að auka traust á íslenskum efnahag án þess að lánshæfi landsins sé stofnað í hættu.

- ikh

# Velkomin í Debenhams



BOSS
HUGO BOSS

SAND

NTC

SISLEY

CLARINS
PARIS

sia

tamaris®

FRIIS & COMPANY

Debenhams býður ný merki velkomin um leið og ykkur er boðið að koma og fagna með okkur.

## Óvæntur glaðningur

Milli 17 og 19 í dag fögnum við með kampavíni, konfekti og lifandi tónlist. Allir sem versla fá óvæntan glaðning.

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

**Öll flottustu merkin**

**Red Herring**
**Maine**
**J.Taylor**
**Babbleboom**
**Ted Baker**
**Ticket to Heaven**
**66°N**
**Tigerlilly**
**Collection**
**Collection Petite**
**Casual Club**
**John Rocha**
**Jasper Conran**
**Julian Mc Donald**
**Betty Jackson**
**Mexx**
**Esprit**
**Cottonfield**
**Jackpot**
**Pilgrim**
**Part Two**
**Gerry Weber**
**Turnover**
**Solid**
**Tamaris**
**Bruuns Bazaar**
**Imperial**
**InWear**
**Deca**
**BZR**
**IKKS**
**Matinique**
**Gardeur**
**Finucci**
**Polo frá Ralph**
**Lauren**
**BOSS**
**Sand**
**Eterna**
**Oasis**
**Jane Norman**
**Sisley**
**Wallis**
**Warehouse**
**Park**
**Friis & Company**
**Femilet**
**Triumph**
**Mac**
**Estee Lauder**
**Clinique**
**Shiseido**
**Lancome**
**Helena Rubenstein**
**Biotherm**
**Origins**
**Kanebo**
**Clarins**

fókus

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR



**VIÐ ÖRKINA HELGU** Sanntrúaðir gyðingar standa við Örkina helgu, fagurlega skreytta hirslu sem geymir helgirit gyðinga, við Grátmúrinn í Jerúsalem. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talið að um 20 prósent misnotaðra barna séu drengir:

# Drengir leita einnig aðstoðar

**SAMFÉLAGSMÁL** „Stígamót nýtast þeim körlum nokkuð vel sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi,“ segir Karen Linda Eiríksdóttir hjá Stígamótum. Í Fréttablaðinu í gær um það að fleiri drengir en stúlkur í framhaldsskólum þægðu greiðslu eða greiða fyrir kynlíf sagði Guðrún Ásmundsdóttir að þörf væri á átaki til að auðvelda drengjum sem yrðu fyrir misnotkun eða stunduðu vændi að leita sér aðstoðar.

„Undanfarin ár hafa karlmenn verið um það bil 10 prósent þeirra sem hafa leitað til Stígamóta. Samkvæmt rannsókn Hrefnu Ólafsdóttur frá árinu 2002 um tíðni kynferðisofbeldis gagnvart börnum á



**KAREN LINDA EIRÍKSDÓTTIR** Þrír karlmenn sem stunduðu vændi leituðu til Stígamóta í fyrra. Konurnar voru hins vegar tuttugu og tvær.

Íslandi gætu um 20 prósent misnotaðra barna á Íslandi verið drengir. Það er svipað og hlutfall drengja sem leita til okkar vegna sifjaspella. Því má segja að Stígamót nýtist þeim körlum nokkuð vel sem beittir hafa verið kynferðisofbeldi“ segir Karen.

Á síðasta ári leituðu þrír karlmenn sem stunduðu vændi til Stígamóta en 22 konur. Einnig kemur fram í Ársskýrslu samtakanna að 37,5 prósent ofbeldisbrotanna eiga sér stað utan höfuðborgarsvæðisins. 42,5 prósent eiga sér hins vegar stað á höfuðborgarsvæðinu, 13 prósent brotanna eiga sér stað í fleiri en einu sveitarfélagi, og í 2,5 prósent tilfella vantar upplýsingar um það hvar brotin áttu sér stað. - jse

Stjórn slökkviliðsins:

# Vörubílstjórar ógna lífi fólks

**ÖRYGGISMÁL** Aðgerðir atvinnubílstjóra með truflunum og lokunum á umferðaræðum valda stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins áhyggjum.



**STURLA JÓNSSON** Talsmaður atvinnubílstjóra.

„Stjórnin lýsir áhyggjum sínum af þessum aðgerðum, sem geta varðað líf og öryggi íbúa á höfuðborgarsvæðinu,“ segir um málið í bókun stjórnarinnar, sem fól slökkviliðsstjóra að ræða við forsvarsmenn atvinnubílstjóra. - gar








**DAVID CAMERON OG GEIR H. HAARDE** hittust á skrifstofu Cameron við breska þinghúsið. FRÉTTABLAÐIÐ/FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Geir H. Haarde fundaði með leiðtoga Íhaldsmanna:

# Ræddu stöðuna á fjármálamörkuðum

**STJÓRNMÁL** Áhrif þróunar alþjóðlegra efnahagsmála á Íslandi og Bretlandi var helsta efni fundar Geirs H. Haarde forsætisráðherra og Davids Cameron, leiðtoga breska Íhaldsflokksins, í Lundúnum í gær. William Hague, talsmaður flokksins í utanríkismálum, sat einnig fundinn.

„Við töluðum mest um stöðuna á fjármálamörkuðum. Þeir hafa fylgst með fréttum frá Íslandi en ég gat útskýrt ýmislegt fyrir þeim,“ sagði Geir í samtali við Fréttablaðið í gær.

Evrópumál og varnarmál voru líka rædd, ekki síst breytt staða Íslands eftir brotthvarf bandaríska herliðsins. „Þeir höfðu mikinn áhuga á þeim málum og í framhaldinu töluðum við um Nató og aðgerðirnar í Afganistan, en Cameron hefur farið þangað í tvígang.“

Geir segir að bresk innanríkismál hafi einnig verið til umræðu en sveitarstjórnarkosningar standa fyrir dyrum í Bretlandi.

„Svo ræddum við um hvalveiðar og við vorum sammála um að vera ósammála um þau mál,“ sagði Geir, en Bretar hafa alla tíð lýst andstöðu við hvalveiðar Íslendinga í atvinnuskyni.

Geir hittir Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, á fimmtudag. - bþs




Hljóðupptaka frá Al-Kaída:

# Saka Írani um áróður gegn sér

**MIÐAUSTURLÖND Ayman Al-Zawahiri, sem talinn er næst valdamesti maður Al-Kaída, sakaði sjía-múslima í Íran um að reyna að veikja samtökin með því að breiða út þá samsæriskenningu að Ísrael hafi staðið að hryðjuverkaárásunum 11. september 2001 í Bandaríkjunum.**

**Í tveggja klukkustunda hljóðupptöku sagði hann að sjíar í Íran hefðu reynt að breiða orðróminn út í þeim tilgangi að sanna að súnní-múslimar væru ekki þess megnugir að valda Bandaríkjamönnum svo miklum skaða sem þeir urðu fyrir í sjálfsmorðsárásunum.** - jse

Skipavél keyrð á bio-dísilolíu í vélarsal Fjöltækniskólans í gær:

# Gæti séð íslenska skipaflotanum fyrir olíu

UMHVERFISMÁL „Með ræktun lífrænnar jurtaolíu, biodísil, á Íslandi væri mögulegt að sjá íslenska skipaflotanum fyrir allri þeirri olíu sem hann notar á ári, en bio-dísilolía er að öllu leyti umhverfisvænni en hefðbundin dísilolía,“ segir Jón Bernódusson, verkfræðingur á rannsóknasviði hjá Siglingastofnun Íslands,

Rannsókna- og þróunarsvið Siglingastofnunar gangsetti í gær í rannsóknarskyni skipavél sem knúin er bio-dísilolíu og er þetta í fyrsta sinn sem skipavél hefur verið keyrð á slíkri olíu hér á landi. Markmið rannsóknarinnar er að gera mælingar á afgasinu og bera þær saman við mælingar á afgasi frá skipadísilolíu.

Biodísil er unnið úr jurtinni repju sem hægt er að rækta á Íslandi sem vetrarrepju, og segir Jón nánast allt mæla með ræktun hennar hér á landi. „Úr repjunni fáum við eldsneyti sem kolefnisjafnar og það sem ekki fer í olíuna nýtist í afar próteinríkt dýrafóður. Þetta stefnir sem sagt allt í rétta átt.“

Tilraunir með bio-dísilolíu eru hluti af rannsóknarverkefni á vegum Skipastofnunar sem ber heitið Umhverfisvænir orkugjafar og er hluti af samgönguáætlun. Verkefnið er hluti af stærra verkefni sem snýs um loftgæði í skipum. - kg



UMHVERFISVÆN: Jón Bernódusson ásamt þeim Hákoni Þór Árnasyni og Eyjólfi Guðmundssyni vélstjóranemum.

Framkvæmdastjóri ASÍ:

# Veit ekki í hvað hann vitnar

EFNAHAGSMÁL „Forsætisráðherra, utanríkisráðherra og viðskiptaráðherra hafa verið með yfirlýsingar sem hafa verið svo efnisríkar að þær hafa verið grundvöllur að væntingum bæði á fjármálamarkaði og víðar þannig að ég veit ekki hvers hann hefur verið að vitna til að opinber umræða geti haft slæm áhrif,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, ASÍ.



GYLFI ARINBJÖRNSSON

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins fyrir helgi að ríkisstjórnin og Seðlabankinn ynnu baki brotnu að því að finna lausn á alþjóðlegum efnahagsvanda sem hrjáir Íslendinga og að mikil opinber umræða gæti haft slæm áhrif. - ghs



VILHJÁLMUR BJARNASON Gagnrýnin hluthafi í Glitni undrast ferð til Cannes.

Biðlað til stjórnarformanns:

# Reki Glitni eins og Samherja

**VERÐBRÉF „Ég held að Þorsteinn Már geti ekki rekið sitt útgerðarfyrirtæki á þessum kjörum,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, aðjúnkt og hluthafi í Glitni, aðspurður um fyrirhugaða ferð starfsmanna Glitnis til dvalar á lúxushóteli á frönsku Riveríunni.**

**Þorsteinn Már Vilhelmsson, forstjóri og aðaleigandi útgerðarfélagsins Samherja, tók við formennsku í stjórn Glitnis í febrúar og hefur lýst vilja til aðhalds í rekstri. „Ég trúi því og treysti að Glitnir verði rekinn á svipuðum grundvelli og Þorsteinn Már rekur sitt útgerðarfyrirtæki,“ segir Vilhjálmur sem áður hefur harðlega gagnrýnt meðferð á fé bankans.** - gar

DÓMSTÓLAR

## Dæmdur fyrir að slá lögreglumann

Karlmaður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að slá lögreglumann. Lögreglumaðurinn hafði skömmu áður handtekið manninn sem sló hann síðan með krepptum hnefa í bringuna.


LEX

GLEÐILEGT SUMAR Í BORGARTÚNI 26

Við fögnum sumri í nýjum húsakynnum okkar að Borgartúni 26 og hlökkum til vinnu okkar þar með viðskiptavinum og samstarfsfólki.

LEX LÖGMANNSSTOFA

LEX • Borgartúni 26 • 105 Reykjavík • Sími 590 2600
Bréfasími 590 2606 • lex@lex.is • www.lex.is

Jónas A. Aðalsteinsson hrl
Þórunn Guðmundsdóttir hrl
Erla S. Árnadóttir hrl
Helgi Jóhannesson hrl
Karl Axelsson hrl
Ólafur Haraldsson hrl
Lilja Jónasdóttir hrl
Kristín Edwald hrl
Ragnheiður M. Ólafsdóttir hrl
Heimir Örn Herbertsson hrl
Eiríkur Elís Þorláksson hdl
Garðar G. Gíslason hdl
Eva Margrét Ævarsdóttir hdl
Arnar Þór Stefánsson hdl
Dýrleif Kristjánsdóttir hdl
Katrín Jónasdóttir framkv.stj







Vissir þú að ...

Ljósmæður starfa á fósturgreiningardeild og framkvæma ómskoðanir á meðgöngu.

Ljósmæður veita tæplega 70% allra sængurkvenna heimaþjónustu í sængurlegu.

Ljósmæður stuðla að eðlilegu fæðingarferli og góðri fæðingarupplifun foreldra.

Ljósmæður taka á móti börnum í heimahúsum.

*Við tökum vel á móti þér*

www.ljosmodir.is

LJÓSMÆÐRAFÉLAG ÍSLANDS

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



**FINGRAFAR Á LOFTI** Það er óhætt að segja að fuglalífið setji svip sinn á hversdagsleikann. Hér er reyndar engu líkara en starinn setji fingrafar á skýin í hópflugi skömmu fyrir sólsetur.

# Fiðraðir vetrarvinir

**Þótt vorboðinn létti lund margra Íslendinga má ekki gleyma þeim fuglum sem þreytt hafa með okkur harðan vetur. *Gunnar V. Andrésson* ljósmyndari hefur fylgst með þeim í vetur og nú vill Fréttablaðið þakka þeim samveruna á þessum síðasta vetrardegi.**



**ÞRÖSTUR** Hann hefur ekki upp raust sína fyrr en á vorin þegar hann reynir að heilla kvenfugla með fögrum söng. En þó láta nokkrir þeirra harðan íslenskan vetur yfir sig ganga og þá eru epli vel þegin.



**GLÓBRYSTINGUR** Þessi sjaldgæfi flækingur var tíður gestur í garði ljósmyndarans sem launaði honum samveruna ríkulega með góðu æti.



**SVARTÞRÖSTUR** Svartþröstum hefur fjölgað hér síðustu ár. Hann er að mestu flækingsfugl en hefur þó komið upp nokkuð stöndugu varpi á Reykjavíkursvæðinu. Kannski vegna þess að fólk er duglegt við að gauka að honum góðgæti.


Gott bragð gegn kólesteróli
Nokkur atriði um heilnæmi og sérstæða eiginleika gúrkunnar
Virkar sem mótefni gegn gigt
Hefur góð áhrif á þvagfærin
Minnkar bólgur og er því vinsæl til að leggja yfir augun
Húð gúrkunnar inniheldur efni sem lækkar kólesteról
96% vatn
Hreinsar ristilinn, innyflin og þarmana
Rík af A og C vítamínum
Hefur þann sérstæða eiginleika að geta verið 20 gráðum kaldari að innan en utan
ÞÚ VEIST HVADAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt grænmeti
islenskt.is



**VÉLSTYRKT BURÐARAFL** Á sýningu í Japan fór þessi ungi maður létt með að bera félaga sinn enda nutu vöðvar hans aðstoðar frá nýstárlegum vélbúnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nokkrir vinnuhópar á vegum borgarinnar hreinsa rusl sem safnast hefur saman:

# Rusl á víð og dreif um hverfi borgarinnar

**REYKJAVÍK** Rusl liggur á víð og dreif um borgina núna. Ástandið er afar misjafnt en verst er það oft á opnum svæðum. Í holtinu milli Efra- og Neðra-Breiðholts, við bensínstöðina, er ástandið til dæmis mjög slæmt. Þar er mikið af umbúðum utan af sælgæti og sígarettum, gosi og öðrum drykkjum og jafnvel sokkum sem liggur undir trjánum. Í trjánum hangir plast.

Jón Halldór Jónasson, blaðafulltrúi hjá framkvæmdasviði borgarinnar, segir að tveir til þrír vinnuflokkar séu á hverri hverfastöð og þeir fari reglubundið um hverfin og hreinsi rusl. Einhverjir snöggir blettir séu í borginni en það sé reynt að hreinsa þá aftur og betur en aðra staði sem minna mæðir á. „Vetrarvindurinn hefur einstakt lag á að hrífa umbúðir úr höndunum á fólki," segir hann.

Jón Halldór segir að borgarstarfsmenn hafi byrjað að sópa göturnar fyrir nokkrum vikum en það gangi hægt, borgin sé skítug eftir veturinn og það verði ekki búið fyrr en um næstu mánaðamót. Færri tækifæri hafi gefist til þess að sópa göturnar vegna frostdaga í vetur.

„Við náum ekki að ryksuga þegar það er frost," segir hann og rifjar upp að borgaryfirvöld hafi sett auka trukk í götuhreinsunina í vor til að ná upp sallanum á götunum. Fljótlega þurfi að fara aftur því margir séu enn á nagladekkjum. - ghs



**HYRNUR OG PAKKAR** Ruslið hefur einstakt lag á að safnast saman í holtinu milli Efra- og Neðra-Breiðholts. Þar má sjá hyrnur, sígarettupakka og sokka undir trjánum en í trjánum hanga plastpokarnir.

www.volkswagen.is




| Volkswagen hjálpar þér að fara betur með eldsneytið | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Polo | Golf | Passat | Touran | Tiguan |
| 4,5 | 5,0 | 5,8 | 5,9 | 6,9 |
| l/100 km | l/100 km | l/100 km | l/100 km | l/100 km |
| Eyðsla, miðað við TDI® vél frá Volkswagen í blönduðum akstri. | | | | |

**TDI® vél og meiri lúxus fyrir 400.000 kr.**

- 1.9 TDI® dísilvél
- fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- aðkomuljós
- hiti í sætum
- 16" álfelgur,
- leðurklætt stýri
- leðurklædd handbremsa
- leðurklædd gírstöng
- vegleg VW regnhlíf

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

Forsætisráðherra:

## Einhliða upptaka evru kemur ekki til greina

**EFNAHAGSMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra telur að umræðan um að Íslendingar ættu einhliða að taka upp evru sem mynt í stað krónunnar hafi verið til lykta leidd með afgerandi hætti. Hann sagði í ávarpi sínu á aðalfundi Samtaka atvinnulífsins fyrir helgi að niðurstaðan væri sú að evran yrði ekki tekin upp án aðildar að ESB.

„Sumir hafa brugðist við þessu með því að nefna aðrar myntir til sögunnar. Að mínu mati kemur einhliða upptaka erlendrar myntar ekki til greina hér á landi. Við erum ein þróaðasta og ríkasta þjóð í heimi og slíkar þjóðir taka ekki einhliða upp mynt annarrar þjóðar," sagði forsætisráðherra. - ghs

Sterkt samband milli magns af sandsíli við Vestmannaeyjar og lundaveiðinnar:

# Þrjá árganga vantar í lundastofninn

**VESTMANNAEYJAR** „Það vantar þrjá áraganga í lundastofninn," segir Erpur Snær Hansen sviðsstjóri vistfræðirannsókna hjá Náttúrufræðistofu Suðurlands sem á sunnudag héllt erindi á opnu málþingi um ástand lundastofnsins við Vestmannaeyjar. Engin nýliðun hafi verið í stofninum undanfarin þrjú ár og auðséð að slíkt sé mikið högg fyrir varpstofninn.

Á fundinum lagði Erpur til verulega skerðingu á lundaveiði. Að enginn lundi verði veiddur næstu eitt til þrjú árin því að uppistaðan í veiðinni sé tveggja til þriggja ára gamall fugl. Til vara vill hann setja á kvóta þannig að hver veiðimaður megi veiða um 100 fugla.

Í Vestmannaeyjum er stærsta lundavarpstöð í heimi þar sem um 20 prósent heimsstofnsins verpir. Lundinn er mest veiddur fugla á Íslandi. Er talið að um 1.150.000 pör verpi í Eyjum og af þeim séu um 100 þúsund fuglar veiddir árlega. Erpur segir miklar sveiflur einkenna veiðina og að mismunur geti numið allt að 50 prósentum milli ára. „Þetta endurspelgar sílagnægt, ef það er lítið af síli þá fer ungfluglinn burt og þá er engin veiði."

Í Vestmannaeyjum fara fram afar umfangsmiklar rannsóknir á lundastofninum. Segir Erpur veiðibann lítil áhrif hafa á rannsóknirnar þar sem starfsmenn stofnunar veiði sjálfir fugla til merkinga og þannig fái þeir meðal annars aldursgreiningar. - ovd



**LUNDAR Í VESTMANNAEYJUM** Lagt er til að enginn lundi verði veiddur allt að næstu þrjú árin. MYND/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Vesturbakkinn:

# Engin skírn í ánni Jórdan

**VESTURBAKKINN, AP** Yfirvöld í Ísrael tóku þá ákvörðun í gær að banna skírnir í ánni Jórdan af öryggisástæðum. Þetta eru mikil vonbrigði fyrir þá 15 þúsund trúbræður sem fjölmenntu við árbakkann vegna páskavikunnar sem nú er gengin í garð samkvæmt almanaki rétttrúnaðarkirkjunnar. Stutt en brött gönguleið er að ánni og hafa undanfarin ár hlotist mikil vandræði af þegar fjölmenni ber að. Í stað þess að hætta á slík vandræði hafa yfirvöld ákveðið að dæla vatni í gegnum rör úr ánni helgu svo trúbræður geti ausið sig vatni skammt frá árbakkanum. - jse

Reykjavík fær falleinkunn í nýrri könnun Capacent Gallups:

# Meirihluti telur skipulagsmálum sé illa sinnt

**SKIPULAGSMÁL** Rúm 66 prósent framkvæmdaaðila telja að skipulagsmálum sé nokkuð illa eða mjög illa sinnt í Reykjavík en einungis sautján prósent telja þeim nokkuð vel sinnt og enginn að þeim sé mjög vel sinnt. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar könnunar Capacent Gallup á viðhorfi framkvæmdaaðila til skipulagsyfirvalda á höfuðborgarsvæðinu, sem kynnt var á ráðstefnunni Skipulag eða stjórnleysi í Laugardalshöll á föstudag.

Könnunin var gerð í gegnum net og síma dagana 4. til 14. apríl. Í úrtaki var 161 fyrirtæki. Fyrirtækin hafa unnið við skipulags- og byggingaframkvæmdir á höfuðborgarsvæðinu. Þátttaka í könnuninni var 48 prósent.

Þátttakendur eru mun jákvæðari í garð skipulagsmála í Kópavogi, en 55,2 prósent þeirra telja skipulagsmálum þar mjög vel eða nokkuð vel sinnt og einungis 13,1 prósenti finnst þeim nokkuð illa eða mjög illa sinnt.

Einnig kemur fram að 67,9 prósent þátttakenda telja vanta upp á samvinnu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í skipulagsmálum.

Athygli vekur að umræða síðustu vikna um efnahagssamdrátt virðist ekki hafa fyllt framkvæmdaaðila svartsýni, því 66,6 prósent þátttakenda telja mjög líklegt eða frekar líklegt að fyrirtæki þeirra muni koma að gerð nýs atvinnuhúsnæðis á næstu 12 mánuðum. - kg



**SKIPULAG** Meiri ánægja er með vinnubrögð skipulagsyfirvalda í Kópavogi en í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/EÓ


ALVÖRU SJÁLFSKIPTINGAR

TDI®

ÖFLUGAR EN HLJÓÐLÁTAR DÍSILVÉLAR

EYÐSLUGRANNAR VÉLAR

$CO_2$

MINNI LOSUN ÚT Í UMHVERFIÐ

KOLEFNISJAFNAÐIR Í EITT ÁR

HAGKVÆMIR Í REKSTRI OG VIÐHALDI

UPPFYLLA STRÖNGUSTU ÖRYGGISSTAÐLA

SVEIGJANLEGIR SÖLUMENN

Hagkvæmni®

Passat 1,9 TDI® eyðir aðeins 5,8 lítrum á hundraðið þótt hann sé stór

**Ef hagkvæmni væri skrásett vörumerki, væri það að sjálfsögðu í eigu Volkswagen**

Hagkvæmni hefur alltaf verið lykilorð við hönnun hjá Volkswagen og árangurinn lætur ekki á sér standa. Með fjölbreyttum tækninýjungum hefur Volkswagen til dæmis tekist að búa til mjög skemmtilegar dísilvélar í allar stærðir bíla sem fara bæði betur með eldsneytið og umhverfið. Komdu, prófaðu og finndu bíl frá Volkswagen sem sparar fyrir þig.

**Passat kostar aðeins frá**

**3.080.000 kr.**

Eða **34.980 kr. á mánuði** miðað við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 30% útborgun (927.000 kr.). Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,44%. Sýndur bíll á mynd Passat Comfortline Plus.

Das Auto.

**HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is**

Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA


Óvissa um Breiðafjarðaferðir:

# Gengur frá fiskvinnslu á Patró

**SAMGÖNGUR Samningur Vegagerðarinnar og Sæferða um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð gerir ráð fyrir að styrkir til ferjunnar skuli lækka í áföngum og falla niður í árslok 2009.**

**Forsvarsmenn Sæferða hafa greint frá því í fjölmiðlum að ef það gengur eftir muni ferðir yfir Breiðafjörð leggjast að mestu niður þá.**

**„Ef það gengur eftir getum við hreinlega hætt að reka fiskiverksmiðju á Patreksfirði,“ segir Skjöldur Pálmason, framleiðslustjóri Odda.**

**„Við erum í harðri samkeppni og ef við getum ekki afhent vöru á réttum tíma vegna ófærðar á Klettshálsi, sem er afar algengt yfir vetrarmánuðina, þá þýðir ekkert að vera að þessu.“** - jse

Fyrstu niðurstöður minkaveiðiátaks á Snæfellsnesi sýna mikil afföll að hausti:

# Lítið gagn í haustveiðunum

**NÁTTÚRA** Takmarkað gagn er af haustveiðum á minkum vegna náttúrulegra affalla í stofninum fyrripart vetrar, segir Róbert Arnar Stefánsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands.



RÓBERT ARNAR STEFÁNSSON

Unnið hefur verið að tilraunaverkefni í minkaveiðum á Snæfellsnesi frá því í byrjun árs í fyrra, og liggja fyrstu niðurstöður nú fyrir. Markmiðið er að kanna hvort hægt sé að útrýma mink hér á landi. Róbert segir of snemmt að reyna að svara þeirri spurningu.

Rannsóknin sýni að fjögur af hverjum tíu dýrum drepast á fyrsta ári, yfirleitt hvolpar sem eru nýfarnir að heiman.

„Náttúran sér um að höggva stórt skarð í stofninn að hausti,“ segir Róbert. Þessi náttúrulegu afföll sýni að tilgangslítið sé að veiða mink að hausti. Heppilegra sé að veiða snemma vors, þegar stofninn sé í lágmarki fyrir got.

Með veiðiátaki sem ráðist var í telst Róberti til að um 25 prósent af minkastofninum á Snæfellsnesi hafi lifað síðasta vetur af. Þetta er lakari árangur en vonast var eftir, en þó ljóst að stofninn náði ekki sömu stærð aftur síðasta sumar.

Ekki er hægt að fullyrða að afföllin séu veiðiátakinu að þakka, enda fékkst ekki fjárveiting fyrir rannsóknum á samanburðarsvæði, segir Róbert. - bj



**VEIDDUR** Aðeins fjórðungur minkastofnsins á Snæfellsnesi lifði af vetrarhörkur og veiði.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hækkun matarverðs í heiminum kallar á aðgerðir:

## Þögul flóðbylgja

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Snarhækkað verð á ýmsum grunntegundum matvæla í heiminum, svo sem korni, maís, hrísgrjónum, baunum og kjöti, veldur því nú að hungurógnin vofir yfir hundruðum milljóna manna. Nærri sjötti hluti mannkyns, um milljarður manna, dregur fram lífið á innan við einum Bandaríkjadal á dag eða sem svarar um 75 krónum. Áhrif hækkaðs matvælaverðs kemur harðast niður á þessu fólki. Josette Sheeran, framkvæmdastjóri Matvælahjálpar Sameinuðu þjóðanna, orðar það þannig að „þögul tsunami-flóðbylgja“ sé að skella á heimsbyggðinni sem stefni í að fjölga því fólki um 100 milljónir sem að óbreyttu er ófært um að verða sér og sínum úti um nægilegan mat til að hungra ekki.

„Þetta er hin nýja ásjóna hungursneyðar – þær milljónir manna sem voru ekki í þessum hópi hinna mest þurfandi fyrir hálfu ári en eru það núna,“ er haft eftir Sheeran í frétt á heimasíðu stofnunarinnar, sem í meðalári sér um 90 milljónum manna fyrir neyðarmatvælaaðstoð. Þessi þróun kallar á hennar sögn á „víðtæk viðbrögð af hálfu stjórnvalda í löndum heims sem miða hvort tveggja í senn að neyðaraðstoð og langtímalausnum“.

Þar sem uppnám ríkir á matvæla-heimsmarkaði fer félagsleg ólga vaxandi í mörgum fátækum löndum. Það getur haft þær afleiðingar að ríkisstjórnir setji nýjar hömlur á milliríkjaviðskipti með matvæli en það getur haft keðjuverkandi áhrif á hnattvædd viðskipti ríkja heims, ríkra sem fátækra. Það getur síðan haft hagvaxtarhemjandi áhrif sem aukið getur enn hættuna á heimskreppu sem koma myndi harðast niður á fátækari ríkjunum sem á síðustu árum hafa verið að byrja að njóta góðs af hagvaxtaraukandi þátttöku í hnattvæðingunni.

Hvað er þá til ráða? Talsmenn Alþjóðabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem héldu ársfund sinn á dögunum, hafa sagt að mikilvægasta bráðaaðgerðin sem þessar aðstæður kalla á sé að framlög til Matvælahjálpar SÞ verði stóraukin tafarlaust, enda veldur matvælaverðshækkunin því að sjóðir stofnunarinnar þurrausast fljótt á sama tíma og þeim sem þurfa á neyðarastoð að halda stórfjölgar. Aðeins til að vera fær um að dreifa sambærilegu magni af mat í ár og í fyrra þyrfti stofnunin aukafjárveitingu upp á um 700 milljónir dala, um 52 milljarða króna.

En bein matvælaaðstoð er aðeins neyðarúrræði, ekki langtímalausn. Mikilvægasti hvatinn til framleiðniaukningar í matvælaframleiðslu í þróunarlöndunum væri ef úr inngripum opinberra aðila í markaðinn drægi og fátækir bændur gætu selt meira af framleiðslu sinni á opnum markaði. Til þess þurfa ríku löndin að opna betur sína markaði fyrir afurðum frá þróunarlöndunum. Önnur augljós leið til framleiðniaukningar væri að nýta erfðatæknina, en víða er andstaða við það af pólitísk-siðferðilegum ástæðum. Ef mögulegt á að vera að auka matvælaframleiðslu án þess að leggja meira land undir hana er vandséð hvernig það verður gert án þess að nýta erfðabreytingatæknina.

Offramleiðsla í skjóli margfaldra niðurgreiðslna í ríkari löndum heims olli því lengi að heimsmarkaðsverð á grunnmatvælum hélzt lágt. Sá tími er liðinn. Eins og The Economist bendir á í forystugrein standa vonir til að „með heppni og góðri stefnumótun muni nýtt jafnvægi finnast.“ Rétt eins og önnur ábyrg ríki heims ættu íslenzk stjórnvöld að reyna það sem í sínu valdi stendur til að stuðla að farsælli lendingu í þessu mikilvæga máli.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!

Skyndibitafæði, sætindi, óreglulegar máltíðir – allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýtir fyrir því að jafnvægi náist á ný. Dagleg neysla þess tryggir fulla virkni.




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Móðgaðir

Vörubílstjórar eru æfir út í lögregluna fyrir að leyfa sér ekki að fara sínu fram við Bessastaði í gær á meðan forseti Íslands ræddi við Mahmoud Abbas, forseta Palestínumanna. Fór það fyrir brjóstið á vörubílstjórunum að lögreglan skuli hafa vogað sér að girða fyrir afleggjarann og taka myndir af bílalestinni sem hún brunaði fram hjá forsetabústaðnum. Í ljósi þess að erlendur þjóðhöfðingi var í heimsókn sætir það í raun undrun að lögreglan hafi látið sér nægja að taka myndir af vörubílstjórunum. Hvers vegna voru þeir ekki handteknir? Og jafnvel sviptir ökuréttindum í leiðinni fyrir ítrekuð brot á umferðarlögum.



### Stríðsástand

Þar sem Mahmoud Abbas er leiðtogi á einu viðkvæmasta átakasvæði heims – sannkallaðri púðurtunnu – sýndi lögreglan þá fyrirhyggju að hafa sérsveitina til taks við Bessastaði. Þessar varúðarráðstafanir þótti Sturlu Jónssyni trukkaforingja algjör frágangssök. Í samtali við Vísi sagði hann lögregluna vera „að biðja um stríð“ og að lítið hefði þurft að gerast til að syði upp úr. Kemst maður hjá því að spyrja hvort einhver hafi andað að sér fullmiklu af dýrmætum bensíngufum?



### Hrámetið

Bjarni Harðarson fer mikinn í andstöðu sinni við innflutning á hráu kjöti, sem hann telur líklegt til að smita Íslendinga af salmonellu auk þess að valda bændum ómældum búsifjum. Auk þess að hafa salmonelluna á sínu bandi hefur Bjarni liðstyrk úr... ja, ekki svo óvæntri átt því á aðalfundi sínum um liðna helgi lýsti Kvenfélagssambands Suður-Þingeyinga yfir þungum áhyggjum af fyrirhuguðum kjötinnflutningi. Þeim sem nýtur fulltingis þingeyskra húsfreyja eru margir vegir færir.

bergsteinn@frettabladid.is

# Löðrungurinn



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Kennarastarfið

Snemma á þessu ári gerðist sá atburður að kennara og nemanda í framhaldsskóla einhvers staðar í Norður-Frakklandi varð sundurorða, og nemandinn kallaði kennarann „connard“. Þetta mætti kannske þýða á íslensku sem „hálfviti“, en orðið hefur marga yfirtóna og getur engin þýðing í rauninni gefið nokkra hugmynd um hve nauðagróft það er. Fransk-íslenska orðabókin (Örn og Örlygur 1995) þekkir ekki svona munnsöfnuð. Kennaranum varð skapbrátt, hann lyfti hönd sinni og rak nemandanum vel útilátinn löðrung. Í næstu frímínútum gerðu aðrir nemendur yfirvöldum skólans viðvart og þau létu fjölskyldu drengsins löðrungaða þegar vita um þennan voðalega atburð.

Málið var nú orðið alvarlegt fyrir kennarann, en það átti eftir að versna til muna. Svo vildi nefnilega til að faðir drengsins var lögreglumaður, og hann mætti þegar í stað á kennarastofunni í fullum skrúða til að tala við kauða. „Ég verð oft fyrir svívirðingum“, sagði hann „og þó löðrunga ég ekki“. Þetta var vitanlega hverju orði sannara, lögreglumenn gefa ekki neina kinnhesta, a.m.k. ekki á almannafæri, þeir láta sér nægja að lemja stúdenta með kylfum, svo stundum þarf að sauma þá saman, eins og gerðist í Lyon nú fyrir skömmu. Er ekki að orðlengja það, kennarinn var þegar handtekinn, fluttur á lögreglustöð og yfirheyrður þar í 24 stundir áður en honum var sleppt. Ekki veitti af því að fara vel ofan í saumana á málinu, því frönsk tunga er mjög auðug af orðum sem merkja „löðrung“, í fljótheitum er auðvelt að komast upp í tíu, og þau hafa öll sín hárfínu blæbrigði. Er nú boðað að kennarinn komi fyrir rétt einhvern tíma með vorinu til að svara til saka.

Þetta mál vakti mikla athygli, einkum og sér í lagi meðal kennara, og voru þeir spurðir álits. Enginn þeirra mælti voðaverki kennarans bót, það tóku þeir jafnan skýrt fram, en eigi að síður átti hann samúð þeirra alla. „Eiga menn að láta sér lynda hvaða svívirðingar sem er í tímum?“ spurðu sumir. „Er það gott fyrir uppeldið að þegar nemandi kallar kennara hálfvita, skuli það vera kennarinn sem fer í fangelsi?“ Einhver sagði að úthald nemenda við að stríða kennurum væri nánast óendanlegt, og hann vitnaði í orð eins þeirra í tíma: „Ég veit að þig langar til að berja mig, en þú hefur bara ekki rétt til þess.“ Enginn kennari viðurkenndi að hafa nokkru sinni löðrungað nemendur, en oft á tíðum skorti ekki löngunina. „Ég verð stundum að grafa hendurnar djúpt í vasana“, sagði einn.

Mitt í þessu gerðist það, að nefnd sem Sarkozy hafði sett á fót til að gera tillögur um umbætur í Frakklandi skilaði áliti. Forystu í nefndinni hafði hinn víðkunni Jacques Attali, áður ráðgjafi Mitterrands en nú snúinn til frjálshyggju, en með honum var einvalalið hagfræðinga og annarra spekinga, og lögðu þeir fram tillögur í 316 liðum um það hvernig breyta mætti Frakklandi í anda frjálshyggjunnar og leysa úr læðingi framtak, sköpunarkraft og hagvöxt. Jacques Attali lagði á það ríka áherslu að þessar tillögur væru ein heild, það mætti ekki tína eina og eina út úr og framkvæma þær þannig eftir einhverjum pólitískum hentugleika heldur ætti að framkvæma þær allar á einu bretti, ef þær ættu að duga. Og því nefni ég þetta nefndarálit í þessu samhengi að ein tillagan af þessum 316 var í þá veru, að það ætti að láta nemendur í skólum dæma kennara og gefa þeim einkunnir, ekki aðeins nemendur í háskólum eins og þegar hefur komið til tals heldur líka nemendur í framhaldsskólum, svo og í barnaskólum.

Um leið og nefndarálitið var gert heyrinkunnugt fóru af stað hávær mótmæli um allt land og leigubílstjórar í París, sem einn liðurinn í tillögunum var helgaður, lögðu samstundis niður vinnu og söfnuðust saman á Lýðveldistorgi og óku þar hring eftir hring með fáheyrðum hornablæstri. Útvarpsstöðin „Evrópa 1“ bað hins vegar hlustendur að hringja og segja álit sitt á þeirri tillögu að láta nemendur dæma kennara og var því útvarpað í beinni útsendingu. En þá bar svo við að yfirgnæfandi meirihluti þessara hlustenda, áttatíu af hundraði sögðu útvarpsmenn, var hugmyndinni algerlega samþykkur. Þarna er loksins fundin leið til að tjónka við þessa voðamenn, sögðu þeir, ef þeir eru undir ströngu eftirliti nemenda er tryggt að þeir geta ekki komist upp með hvað sem er.

Þetta er kannske ráðið til að leysa vandamál af því tagi sem hinn laushenti kennari lenti í. Ef nemandinn getur skrifað „connard“ í ró og næði á það einkunnablað sem hann síðan afhendir skólaeftirlitinu, hefur kennarinn ekkert tækifæri til að falla fyrir þeirri freistingu að reiða til höggs.

# Dagur bókarinnar

UMRÆÐAN

Kristján B. Jónasson skrifar um bóklestur



KRISTJÁN B. JÓNASSON

Bókin er elsta fjöldaframleidda vara heims. Fyrstu kynni mannkyns af staðlaðri framleiðslu í miklu magni fyrir stóran hóp viðskiptavina – markaðsvöru – var bókin.

Á rúmlega 550 ára vegferð sinni hefur bókin enn eflst sem helsta útbreiðslutæki upplýsinga í heiminum. Bóksala veltir ríflega 40 milljónum evra á evrópska efnahagssvæðinu árlega og þrátt fyrir sífelldar hrakspár er bókaútgáfa sá geiri evrópska menningariðnaðarins sem mestu veltir í smásölu. Til samanburðar eru kvikmyndir seldar í smásölu á sama markaði fyrir helmingi lægri upphæð. Bókaútgáfa eflist nú gríðarlega á „nýmörkuðum“, einkum í Asíu þar sem mikil ásókn er í þekkingu á móðurmálinu. Í stuttu máli: Þrátt fyrir að umræðan um bækur á Vesturlöndum virðist gefa í skyn að endalok bókarinnar séu í sjónmáli hefur útgáfa prentaðra bóka aldrei verið jafn mikil í heiminum og nú.

Nú í Viku bókarinnar verður undirritað samkomulag milli menntamálaráðuneytis og Bókamessunnar í Frankfurt am Main um að Ísland verði heiðursgestur hennar árið 2011. Um er að ræða stærstu menningarkynningu sem Íslendingar hafa ráðist í erlendis. Ákvörðun stjórnenda Bókamessunnar var ekki óumdeild og var nokkuð rædd í alþjóðlegum fjölmiðlum. Hún byggði hins vegar á orðspori Íslendinga sem bókmenntaþjóðar. Við nutum þess að ímynd okkar sem bókafólks er sterk. Á Degi bókarinnar ber okkur hins vegar að líta í eigin barm og athuga hvort ímyndin eigi sér stoð í veruleikanum.

Bóklestur, bókaútgáfa og ritun bóka skipta flest svið samfélagsins máli. Lesskilningur, þekkingaröflun, og viðgangur fjölbreytts og skapandi samfélags eru allt lykilhugtök sem skýra hvers vegna svo er. Ef við eigum að ná markmiðum okkar um að verða þekkingarsamfélag í fremstu röð verðum við að huga að því hvernig einstakir hlutar tengjast heildinni. Takist það getum við stolt sagt að við séum bókmenntaþjóð á alþjóðavísu.

*Höfundur er formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.*




Pitstop – *góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta!*

# NÝTT MICHELIN ENERGY™ SAVER

## *Betri kostur, bæði fyrir budduna og umhverfið!*



### Minni eldsneytisnotkun

**Ein leið til að draga úr eldsneytisnotkun bíla er að nota hjólbarða sem hafa lítið renniviðnám en um 20% eldsneytisnotkunar tengist hjólbörðunum. Þessi fjórða kynslóð Michelindekkja er sérstaklega hönnuð með lítið renniviðnám í huga. Bifreiðar sem búnar eru hjólbörðum með lítið renniviðnám nota minna eldsneyti. Það dregur úr útblæstri koldíoxíðs og þar með úr gróðurhúsaáhrifum.**

### Óvenjugóð ending

**Með Energy Saver dekkjunum færðu sömu framúrskarandi endinguna og Michelin er þekkt fyrir. Ef hjólbarðarnir endast lengur þarf að endurvinna færri hjólbarða.**

### Meira öryggi

**Hjá Michelin er öryggi þitt í fyrirrúmi. Á blautu undirlagi er hemlunarvegalengdin allt að 3 metrum styttri en með eldri gerðum.**



## NÝTT ÞJÓNUSTUBÍLL PITSTOP

*Vanti þig aðstoð úti á götu, við heimili þitt eða vinnustað vegna þess að dekk er loftlaust eða sprungið, hafðu þá samband og við mætum á staðinn á fullbúnum þjónustubíl Pitstop og björgum málunum. Bíllinn er einnig búinn tækjum til að ná röngu eldsneyti af bílum og til ýmissa annarra skyndilausna.*

**HRINGDU OG VIÐ MÆTUM!**

Síminn er:
568 2035 og 898 3031

MICHELIN BFGoodrich Tires Kleber

*Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi*

HELIX

*Við notum Shell Helix smurolíur*

| pitstop | pitstop | pitstop | pitstop |
|---|---|---|---|
| Rauðhellu 11 Hfj. | Dugguvogi 10 | Hjallahrauni 4 Hfj. | Þjónustubíll |
| Sími: 568 2035 | Sími: 568 2020 | Sími: 565 2121 | Sími: 568 2035 & 898 3031 |

*Líttu inn á www.pitstop.is ~ Tilboð ~ Upplýsingar ~ Dekk ~ Felgur ~ Fróðleikur ~ Og fleira*

# NATO-væðing íslenskra utanríkismála II

**UMRÆÐAN**
Steingrímur J. Sigfússon skrifar um utanríkismál

Í fyrri grein fjallaði ég um þær breytingar sem eru að verða í íslenskum utanríkismálum með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, þar sem síðarnefndi flokkurinn fer með utanríkismál. Frumvarp til varnarmálalaga sem utanríkisráðherra lagði fram á Alþingi í vetur og nú hefur verið samþykkt með allnokkrum breytingum er lýsandi í þessum efnum. Varnarmálalögin boða einhverja mestu breytingu á íslenskri öryggis- og utanríkisstefnu um langt skeið og því miður er þar haldið í sömu átt og samþykktir NATO-fundarins í Búkarest á dögunum vísa. Þegar allt er tínt til er hér um að ræða meiri háttar hervæðingu á forsendum NATO, sannkallaða NATO-væðingu íslenskra utanríkis- og öryggismála.

Þessi NATO-væðing lýsir sér í fyrsta lagi í lögbindingu reglubundinna heræfinga NATO-ríkja hér á landi. Heræfingar þessar, svokallað loftrýmiseftirlit, geysikostnaðarsamur rekstur hins hernaðarlega hluta ratsjárkerfisins og allt hið viðamikla og dýra umstang þessu tengt á aðeins að eiga við á svokölluðum friðartímum. Komi til ófriðarástands eða þess að ófriðlega horfi á áfram að treysta á gamla herverndarsamninginn við Bandaríkin.


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Allt hefur þetta verið ákveðið án þess að fyrir liggi nokkurt mat á þeirri ógn sem Íslandi stafar af öðrum ríkjum eða utan frá yfirleitt. Drög að slíkri vinnu eru fyrst nú að fara af stað á vegum nefndar undir forustu Vals Ingimundarsonar. Allt vísar í þá átt að heræfingarnar og rekstur ratsjárstöðvanna þjóni fyrst og fremst markmiðum NATO og séu liður í auknu samstarfi við hernaðarbandalagið fremur en að þær eigi að stuðla að auknu öryggi íslensku þjóðarinnar.

**Íslensk hermálastofnun**

Í öðru lagi brýst NATO-væðingin fram í tilkomu nýrrar hermálastofnunar sem frumvarpið gerir ráð fyrir, Varnarmálastofnunar, sem verður best lýst sem einhvers konar blöndu af útibúi NATO hér á landi og íslenskri hermálastofnun. Fyrir utan þann mikla og næsta örugglega ört vaxandi kostnað sem rekstur stofnunarinnar mun hafa í för með sér eru verkefni hennar óþörf, sum fremur hvimleið og í hróplegu ósamræmi við ítrekaðar yfirlýsingar um að Íslendingar séu og ætli að vera herlaus og friðelskandi þjóð.

Fyrir utan að sjá um heræfingar, reka ratsjárkerfið og mannvirki innan öryggissvæðisins á Miðnesheiði (nýja „fríríkið“ sem utanríkisráðuneytið er þar að koma sér upp) er meðal helstu verkefna Varnarmálastofnunar að taka þátt í starfi nefnda og undirstofnana Atlantshafsbandalagsins. Þar á meðal eru herstjórnarmiðstöðvar NATO. Varnarmálastofnun á líka að þjóna upplýsingakerfi NATO og vinna úr gögnum þaðan. Verkefni Varnarmálastofnunar eru því ýmiss konar hernaðartengd verkefni, upplýsingasöfnun og úrvinnsla hernaðarlegra upplýsinga.

*Verkefni Varnarmálastofnunar eru því ýmiss konar hernaðartengd verkefni, upplýsingasöfnun og úrvinnsla hernaðarlegra upplýsinga.*

**Lokaskrefið inn í NATO**

Í þriðja lagi gerir frumvarpið ráð fyrir stórauknu samstarfi við NATO og í reynd endanlegri inngöngu í hernaðarbandalagið. Inngangan var á sínum tíma, ásamt komu Bandaríkjahers, umdeildasta pólitíska deilumál lýðveldissögunnar þangað til átök um stóriðjustefnuna á síðustu árum tóku við. Þegar Ísland gekk í NATO með sínum frægu fyrirvörum um að hér skyldi ekki vera her á friðartímum og að aldrei væri ætlunin að koma upp her, þá var þátttaka okkar í framhaldinu í raun fyrst og fremst formlegs eðlis. Ísland tók ekki þátt í hermálasamstarfi NATO, auðvitað ekki í kjarnorkuvígbúnaðarhlutanum og Ísland greiddi ekki í mannvirkjasjóðinn. Þar með var Ísland í raun og veru passíft eða afskiptalaust um málefni NATO að þessu leyti.

Með frumvarpinu og tengdum aðgerðum og ákvörðunum að undanförnu er lokaskrefið tekið inn í NATO, til fullgildrar og virkrar þátttöku í öllu starfi hernaðarbandalagsins: Ísland situr í hermálanefndinni, borgar í mannvirkjasjóðinn frá og með þessu ári og farið er að taka við leyndarupplýsingum NATO í sérstöku herbergi í utanríkisráðuneytinu. Merki frá hernaðarratsjám á Íslandi eiga að renna inn í NATO-kerfið í framtíðinni og þannig mætti áfram telja. Náskyld og angi af hinu sama er viðleitnin til að troða okkur inn í NATO-verkefni eins og úthaldið í Afganistan. Það er orðið markmið í sjálfu sér að vera alls staðar með, sýna lit, leika með „stóru strákunum“.

*Höfundur er formaður Vinstri grænna.*

Okkar frábæru
snúningsborð
loksins komin aftur




- Frábær borð, hvort sem er fyrir heimili eða vinnustaði
- Tveir leikir í einu borði: Pool og þythokkí
- Auðvelt í uppsetningu




2 leikir í einu borði
Þythokkí
Pool

Ert þú húsbóndi
í þínu herbergi?

Hobby Room
Miðhraun 2 • 210 Garðabær • Sími: 565 5200

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

# Þörf á meiri verðmætasköpun

**UMRÆÐAN**
Helgi Magnússon skrifar um atvinnumál


HELGI MAGNÚSSON

Kvartað er undan gagnslausri ofurvaxtastefnu Seðlabankans. Vandræðagangur einkennir fjármálakerfi Íslendinga eins og umheimsins. Fyrirtækin fá ekki nauðsynlega þjónustu bankanna. Almenningur horfir fram á versnandi atvinnuástand, aukna verðbólgu, lækkandi verð á íbúðarhúsnæði sínu og rýrnandi lífskjör. Óþolinmæði einkennir afstöðu manna til ríkistjórnarinnar sem ætlast er til að grípi til aðgerða til að bæta ástandið.

Um stöðu mála er deilt og áfram verður deilt. En brýnt er að við missum ekki sjónar á því meginatriði að efla atvinnulífið til aukinnar verðmætasköpunar. Leiðin út úr þeim vanda sem við er að etja er að stórefla atvinnustarfsemi í landinu því „ráðstafanir“ duga skammt ef fyrirtækin eru ekki öflug og öll tækifæri nýtt – bæði til að efla þau sem fyrir eru og bjóða ný velkomin.

**Fögnum álveri í Helguvík**

Stefna Samtaka iðnaðarins í þessum málum var áréttuð í ræðu minni á Iðnþingi í síðasta mánuði. Þar sagði m.a.:

„Enn á ný er minnt á nauðsyn þess að ekkert lát verði á uppbyggingu atvinnufyrirtækja í landinu. Það þarf að skjóta fleiri stoðum undir verðmætasköpunina. Við þurfum að taka fagnandi öllum þeim sem vilja koma hér á fót arðbærri atvinnustarfsemi. Gildir þá einu hvort um er að ræða hátækni- eða sprotafyrirtæki, kísilverksmiðju, netþjónabú, álver eða eitthvað annað. Við þurfum að nýta náttúruauðlindirnar til lands og sjávar en án þess að ofgera þeim. Samtök iðnaðarins bjóða alla velkomna sem vilja efla atvinnulífið, standa hér fyrir verðmætasköpun og leggja sitt af mörkum til að koma í veg fyrir efnahagslega stöðnun og afturkipp þar sem atvinnuleysi og enginn hagvöxtur yrðu hlutskipti Íslendinga.“

Í ljósi þessa ber að fagna því að bygging álvers í Helguvík geti nú hafist af krafti eftir að umhverfisráðherra féllst ekki á kæru Landverndar vegna umhverfismats vegna þessa álvers. Með því fór ráðherrann að lögum – sem ætti ekki að teljast til tíðinda. En engu að síður þurfti að ljúka málinu af hálfu umhverfisyfirvalda til þess að framkvæmdir gætu hafist.

**Rétti tíminn fyrir stórhuga stefnumótun**

Samtök iðnaðarins eru ekkert feimin við að mæla með framgangi álíðnaðar eins og alls annars iðnaðar og atvinnustarfsemi í landinu. Ég vona að traustar forsendur verði fyrir byggingu álvers á Bakka við Húsavík og einnig að unnt verði að stækka eða endurnýja álver Alcan í Straumsvík. Að sjálfsögðu eru slíkar framkvæmdir háðar því að öll umhverfisskilyrði og aðrar kröfur stjórnvalda séu uppfylltar. Þá verður jafnframt að krefjast þess af stjórnvöldum að reglur og kröfur séu skýrar og þeim sé ekki breytt til íþyngingar á miðri leið, eins og dæmi eru því miður um. Regluverkið verður að vera gagnsætt og sanngjarnt.

Spyrja má hvort framangreindar stóriðjuframkvæmdir með samhliða fjárfestingu í orkuiðnaði gætu ekki orðið til að skapa þenslu í efnahagskerfinu eins og varð á árunum 2004 til 2007. Það á ekki að koma til þess. Þenslan þá skapaðist ekki síður vegna breytinga á fasteignamarkaði, og svo er hér um mun umfangsminni framkvæmdir að ræða en þá. Auk þess eru þær áfangaskiptar og full ástæða er til að ætla að þeim yrði dreift með skipulegum hætti yfir hæfilega langan tíma til að forðast þenslu. Svo má ekki gleyma því að við stöndum nú frammi fyrir snöggkólnun í efnahagslífinu sem engum er til góðs og engin ástæða til að láta yfir okkur ganga baráttulaust.

Nú er rétti tíminn til að taka af skarið um frekari uppbyggingu í orkufrekum iðnaði á Íslandi með tilheyrandi byggingu orkuvera, auk þess sem full ástæða er til að hvetja til fjárfestinga á öðrum sviðum atvinnulífsins. Stóriðjuframkvæmdir eiga alls ekki að þurfa að trufla möguleika annarra greina til eflingar á næstu árum.

Íslendingar þurfa á aukinni verðmætasköpun að halda á öllum sviðum atvinnulífsins. Nú er rétti tíminn til stórhuga stefnumótunar og arðbærra ákvarðana.

*Höfundur er formaður Samtaka iðnaðarins.*

**Á GÖMLU NÚMERI**
Töluvert er um að fólk láti smíða fyrir sig einkanúmer sem er eins og gamla númerið sem það átti sjálft eða það sem amma og afi höfðu.
BÍLAR 2




**VEITT UM ALLT LAND**
Veiðkortið veitir rétt til ótakmarkaðrar veiði í 32 íslenskum veiðivötnum fyrir einn fullorðinn og eitt barn.
VEIÐI 6






ÞÚ FÆRÐ GRILLIÐ HJÁ OKKUR
N1

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu á samsettum grillum
N1 VERSLUN N1 ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR SÍMI 440 1000 WWW.N1.IS


FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Theodór Ingi Ólafsson lenti í ýmsum ævintýrum þegar hann fór á tónlistarhátíðina í Hróarskeldu fyrir nokkrum árum.

# Eyddu nótt í vafasömu dönsku kvikmyndahúsi

***Theodór Ingi Ólafsson hefur heimsótt fjölda landa um árin. Honum finnst alltaf jafn skemmtilegt að stíga fæti á erlenda grund hvert sem tilefnið er.***

Fyrir tíu árum fór Theodór ásamt félögum sína á tónlistarhátíðina í Hróarskeldu í Danmörku, en hann segir að sú ferð muni sjálfsagt líða sér seint úr minni. „Við lentum í Kaupmannahöfn á mánudegi og ætluðum yfir til Hróarskeldu á þriðjudagsmorgni. Við áttum ekki pantaða hótelgistingu svo við urðum að grípa til þess ráðs að finna hana sjálfir. Þar sem við vorum tíu manna hópur reyndist það hins vegar erfitt því hvert sem við fórum var allt fullbókað.“

Hópurinn ákvað þá að kíkja á pöbba til að fá sér nokkra kalda og fyrr en varði var farið að líða á nóttina og búið að loka flestu. Félagarnir dóu þó ekki ráðalausir. Þeir fundu kvikmyndahús, sem var af einhverjum ástæðum enn opið, og keyptu sér miða til að geta hvílt þar lúin bein.

„Þegar við gengum inn í salinn föttuðum við að þetta var ekki hefðbundið kvikmyndahús, heldur fyrir fullorðna og myndavalið eftir því. Við létum okkur samt hafa það og sofnuðum allir vært og náðum þriggja til fjögurra tíma svefni. Það var alveg passlegt, því um morguninn náðum við fyrstu lest til Hróarskeldu.“

Hátíðin var ógleymanleg að mati Theodórs og félaga, þar sem Beastie Boys, Bob Dylan, Black Sabbath og Iggy Pop voru á meðal tónlistarmannanna sem spiluðu á hátíðinni. „Á tónleikum Beastie Boys gerði ég þau mistök að henda mér ofan á mannfjöldann og lét hann bera mig fram og til baka. Í því ævintýri glataði ég gleraugunum mínum og varð því að eyða restinni af hátíðinni hálfblindur, en það skemmdi þó ekki fyrir,“ segir Theodór, sem vill gjarnan sameina hópinn á ný fyrir hátíðina í ár, enda ætlar fjöldinn allur af frábærum hljómsveitum að koma þar fram. *mikael@frettabladid.is*

**Heimsóknavinir gefa lífinu lit**

Heimsóknavinir **Kópavogsdeildar Rauða krossins** eru alls konar fólk á ýmsum aldri. Þeir heimsækja fólk á einkaheimilum og stofnunum í Kópavogi til að draga úr einsemd og félagslegri einangrun, gefa lífinu lit.

**Gæti heimsóknavinur gefið þínu lífi meiri lit?**

Heimsóknavinirnir eru sjálfboðaliðar. Þeir veita félagsskap og nærveru. Til dæmis með því að spjalla, lesa, tefla, syngja og fara út að aka eða ganga. Margir reiða sig á heimsóknir sjálfboðaliðanna til að gleyma gráma hversdagsins um stund.

**Þekkirðu einhvern sem myndi hafa gott af því að fá heimsókn sjálfboðaliða? Til dæmis einu sinni í viku, í klukkustund í senn?**

**Ekki hika við að hafa samband** í síma **554 6626** eða í netfangið **kopavogur@redcross.is**.

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins

- Hjólbarðaþjónusta
- Smurþjónusta
- Alþrif og teflon
- Bón
- Djúphreinsun
- Mössun
- Dekkjahótel
- Rafgeymar
- Perur
- Rúðuþurkur
- Bremsuklossar
- Sækjum og sendum
- Flestar stærðir dekkja á lager
- Bílkó þjónusta

Hjólbarðaþjónusta
HRÖÐ OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA





BRIDGESTONE Sunny Cooper HERCULES GOODYEAR

BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**Bílljós** þurfa að vera hrein og perur í lagi. Muna þarf að þvo ljósin vel þegar bíllinn er þrifinn og halda þeim hreinum daglega með klút.



Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun
TOYOTA & LEXUS þjónusta
GERUM VIÐ ALLAR TEGUNDIR BÍLA
Smiðjuvegur 38 rauð gata • Sími 564 0606 • Fax 564 0636
www.bilastod.is • bilastod@simnet.is

Allt á einum stað
SUMARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066

# Á bílnúmeri ömmu og afa

***Sú var tíðin að sjá mátti á bílnúmeraplötum íslenskra bifreiða úr hvaða sveitarfélagi ökumaðurinn kom. Ef marka má umsóknir til Umferðarstofu sakna margir enn sárt gömlu númeraplatnanna.***



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Sævar Jökull Solheim, verkefnastjóri upplýsingavinnslu Umferðarstofu, með sýnishorn af gömlu bílnúmerunum í höndum sér.

„Framleiðsla á nýju númerunum hófst 1. janúar 1989, samhliða stofnun Bifreiðaskoðunar Íslands hf. Þá var hætt að framleiða gamlar númeraplötur, en þau ökutæki sem þegar voru á gömlum plötum fengu að vera á þeim út líftíma bifreiðarinnar,“ segir Sævar Jökull Solheim, verkefnastjóri upplýsingavinnslu Umferðarstofu.

„Enn er mögulegt að fá framleidda og skráða gamla plötu, en aðeins ef ökutækið er skráð fornökutæki. Þá sér Fornbílaklúbburinn um framleiðslu slíkra skráningarmerkja,“ segir Sævar Jökull, sem vikulega fær á bilinu tíu til fimmtán umsóknir um einkanúmer samkvæmt gömlu númerunum.

„Útgáfa einkanúmera er í höndum Umferðarstofu, en verð fyrir einkanúmer er 30.700 krónur,“ segir Sævar. Kostnaður skiptist í réttindagjald í átta ár (25.000 krónur), gerð númeraplatna (2x2.600 kr.) og prentun skráningarskírteinis (500 kr.). Sævar merkir ekki mun á eftirspurn eftir þessari gerð einkamerkja, nema ef vera skyldi aukna aðsókn ungs fólks.

„Það var yfirleitt fólk í eldri kantinum, sem átti bíl á gömlu númerunum, sem fékk sér einkanúmer með áletrun gamla merk-

HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM
Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum
Jafnvægisstillingar
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ

RTR3 DRIFT
hpi-racing
Fjarstýrðir bensínbílar í miklu úrvali.
TÓMSTUNDAHÚSIÐ
Tómstundahúsið • Nethyl 2
sími 5870600 • www.tomstundahusid.is


Toyota yaris Sol
2003 árgerð ekinn 67.000, sjálfskiftur (MMT), 1000cc, sumar&vetradekk. ekkert áhvilandi
verð. 850.000.
Eyrún s. 847-6041

Bremsuhlutir í alla jeppa og pickupa
Diskar
Klossar
Dælur
Borðar
Ísetningarþjónusta
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ EHF.

www.alorka.is
Sumardekk – hjólbarðaþjónusta
Sumar- og heilsársdekk fyrir allar gerðir fólksbíla og jeppa.
Hagstætt verð og traust þjónusta.
BRIDGESTONE
Umboðsaðili fyrir Bridgestone hjólbarða
Við tökum vel á móti þér á þjónustustöðvum okkar!
Reykjavík
Tangarhöfða 15 : 587 5810
Vagnhöfða 6 : 577 3080
Akureyri
Réttarhvammi 1 : 464 7900
ALORKA
PIPAR • SÍA • 80753

| Upphafsstafur | Fjöldi einkanúmera á skrá | Staður gömlu bílnúmeranna |
|---|---|---|
| A | 298 | Akureyrarkaupstaður og Eyjafjarðarsýsla |
| B | 29 | Barðastrandasýsla |
| D | 12 | Dalasýsla |
| E | 101 | Akraneskaupstaður |
| F | 26 | Siglufjarðarkaupstaður |
| G | 153 | Hafnarfjarðarkaupstaður og Gullbringu- og Kjósarsýsla |
| H | 29 | Húnavatnssýsla |
| Í | 41 | Ísafjarðarkaupstaður og Ísafjarðarsýsla |
| K | 80 | Sauðárkrókskaupstaður og Skagafjarðarsýsla |
| L | 34 | Rangárvallasýsla |
| M | 87 | Mýra- og Borgarfjarðarsýsla |
| N | 16 | Neskaupstaður |
| Ó | 14 | Ólafsfjarðarkaupstaður |
| P | 85 | Snæfells- og Hnappadalssýsla |
| R | 379 | Reykjavík |
| S | 10 | Seyðisfjarðarkaupstaður og Norður-Múlasýsla |
| T | 7 | Strandasýsla |
| U | 38 | Suður-Múlasýsla |
| V | 43 | Vestmannaeyjakaupstaður |
| X | 130 | Árnessýsla |
| Y | 54 | Kópavogur |
| Z | 30 | Skaftafellssýsla |
| Þ | 65 | Þingeyjarsýsla |
| Ö | 41 | Keflavíkurkaupstaður |

Hér gefur að líta vinsælustu einkanúmer á skrá, sem miðast við gömlu bílnúmerin. Miðað við fólksfjölda má sjá að norðanmenn bera sterkar taugar til gamla bílnúmersins, en reyndar er landsbyggðarfólk almennt duglegt að merkja bíla sína að gömlum sið. HEIMILD: UMFERÐARSTOFA

isins,“ segir hann. „Núna er töluvert um að ungt fólk sækist eftir því að fá einkanúmer með áletruninni sem pabbi og mamma, eða afi og amma, voru með á gömlu plötunum.“

# Klassískur Mustang

***Hjá Brimborg er komin aftur í sýningarsalinn Ford Mustang Bullitt.***

Þessi Ford Mustang GT birtist í fyrsta skipir fyrir rúmum fjörtíu árum og þá í kvikmyndinni Bullitt með sjálfum Steve Mcqueen í aðalhlutverki.

Af því tilefni ákvað Ford Coporation að framleiða takmarkað upplag af útgáfu af Ford Mustang með keim af þeim sem birtist í kvikmyndinni. Einn af þessu takmarkaða upplagi er í sal Brimborgar og er skráður með númerið 1696 af þeim 7700 sem verða framleiddir. Í þessari tegund Mustangs ræður einfaldleikinn ríkjum og vélin er átta strokka, 4,5 lítra og alls 315 hestöfl.

*- mmr*



Ford Mustang Bullit er sérstakur bíll.


allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

SUMARDEKK
TOYO TIRES
PROXES T1R SPORT
PROXES CF1 ÞÆGINDI
TOYO 350 HAGKVÆMNI
TOYO TIRES GÆÐI Á GÓÐU VERÐI
DEKKJAHÓTEL
VIÐ GEYMUM DEKKIN FYRIR ÞIG...
Láttu okkur þjónusta bíllinn þinn...
Við bjóðum uppá góða þjónustu sem er sniðin að þínum þörfum.
Láttu okkur laga smáatriðin sem vilja oft gleymast að hafa í lagi.
▷ Shell Smurþjónusta
▷ Rafgeymar ▷ Smáviðgerðir
▷ Þurrkublöð ▷ Perur
Shell HELIX Smurolia SMURÞJÓNUSTA
#1 BRAND OVERALL TOYO TIRES
www.toyo.is
561 4110 NESDEKK FISKISLÓÐ 30

Gæði á góðu verði
ARCTIC TRUCKS arctictrucks.is
FCII 35X12,5R17 Kr. 39.800,-
FCII 38X15,5R15 Kr. 53.400,-
MC 38X15,5R15 Kr. 53.400,-
Dick CEPEK TIRES & WHEELS
Fáanleg í stærðum frá 29" til 44"
Arctic Trucks • Kletthálsi 3 • 110 Reykjavík • Sími 540 4900

**Ferðataskan** fer ekki vel með nýstraujaðar flíkur. Til að forðast krumpur og brot má reyna að rúlla fötunum upp þegar pakkað er.






# Fjölbreytt og fjölskylduvæn

***Ferðalangur á heimaslóð verður haldinn í fimmta sinn á sumardaginn fyrsta. Markmið viðburðarins er að hvetja almenning til að kynna sér fjölbreytta ferðaþjónustu á heimaslóð.***

Dagskrá Ferðalangs á heimaslóð í ár er fjölbreytt og fjölskylduvæn og ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. „Kynnisferð með hópferðabíl eða gönguferð með leiðsögumanni, útsýnisflug, skemmtiferðir, hestaferðir, söfn, gönguferðir, klifur, hvalaskoðun og víðavangshlaup er meðal þess sem ferðalangar geta kynnt sér á sumardaginn fyrsta. Við sem búum á höfuðborgarsvæðinu vitum oft lítið hvað er í boði í ferðaþjónustunni þó að erlendir gestir viti gjarnan allt um það,“ segir Guðríður Inga Ingólfsdóttir, viðburðafulltrúi hjá Höfuðborgarstofu.

Þátttaka í Ferðalangi hefur verið stigvaxandi ár frá ári og tókst mjög vel í fyrra er þúsundir tóku þátt. Reykjanes og Austurland taka þátt í ár og vonast er eftir þátttöku enn fleiri landshluta að ári.

Á höfuðborgarsvæðinu má finna viðburði allt frá miðborginni, upp í loftin blá þar sem Flugfélag Íslands býður upp á útsýnisflug yfir höfuðborgarsvæðið og austur í Heiðmörk, en þar er hægt að velja úr náttúrutengdri göngu, útileikjum á vegum Náttúruskólans í útirjóðrum og kaffiveitingum í Elliðavatnsbænum.

Dagskrá Ferðalangs er skipt upp í nokkra flokka til þess að tryggja að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Þar má finna „Hraustan ferðalang“, „Menningarlegan ferðalang, „Ferðalang á sjó“ og „Ferðalang á ferð á flugi“ en tveir nýir bætast við í ár. Í liðnum „Gakktu í bæinn“ bjóða þrjú reykvísk hótel upp á kynningu á sínum húsakynnum og tilboð á veitingum og á „Grænum ferðalangi“ á hafnarbakkanum verða vistvæn farartæki kynnt. Þar verða metan- og vetnisbílar til sýnis og hægt verður að taka í og sigla með vetnisbáti. Flestir viðburðir eru annað hvort ókeypis eða með miklum afslætti. Eini viðburðurinn sem þarf að panta með fyrirvara er útsýnisflugið því þar er takmarkaður sætafjöldi.



Guðríður Inga Ingólfsdóttir segir að dagskráin sé glæsileg að þessu sinni og allir geti fundið eitthvað við sitt hæfi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Í Heiðmörk verður ýmislegt um að vera á sumardaginn fyrsta.

Dagskráin hefst klukkan 9 um morguninn og henni lýkur með draugagöngu um kvöldið. Allar nánari upplýsingar um viðburði er hægt að nálgast á heimasíðunni www.ferdalangur.is, auk þess sem prentaða dagskrá má sækja í Upplýsingamiðstöð ferðamanna Aðalstræti 2, Borgarbókasafni aðalútibúi Tryggvagötu og Ráðhúsi Reykjavíkur. Fólk er eindregið hvatt til þess að nota fyrsta sumardag ársins vel með því að njóta alls þess besta sem ferðaþjónustan hefur upp á að bjóða á höfuðborgarsvæðinu, Austurlandi og á Reykjanesi.

*mikael@frettabladid.is*


# Benidorm

## 28. maí

## frá kr. 44.990

**Frábært sértilboð**
- Viña del Mar



**Aðeins örfáar íbúðir í boði**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð til Benidorm 28. maí. Njóttu lífsins á þessum vinsæla áfangastað við góðan aðbúnað. Bjóðum örfáar íbúðir á Viña del Mar, einum af okkar vinsælustu gististöðum, með frábæra staðsetningu í hjarta Benidorm. Skelltu þér til Benidorm og njóttu lífsins á einum af vinsælustu gististöðum Heimsferða.

Verð kr. **44.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð á Viña del Mar í viku.

Verð kr. **54.990**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna í íbúð á Viña del Mar í viku.

Heimsferðir
Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu
**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.






1000 Vildarpunktar

Bókaðu bílinn fyrir 1. maí á **www.hertz.is** og fáðu 1000 vildarpunkta hjá Vildarklúbbi Icelandair.
**Tilboðið gildir til 1. maí.**

Vildarklúbbur

Hertz hefur yfir 7600 afgreiðslustaði í 146 löndum.

Hertz Car Rental
Flugvallarvegi
101 Reykjavik, Iceland
hertz@hertz.is
Tel. +354 522 44 00
Fax. +354 522 44 01

Hertz
www.hertz.is

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA




Bókmenntaganga verður á laugardaginn um heimaslóðir skálda í Vogahverfinu.

# Skáldaslóðir

***Sólheimasafn Borgarbókasafns býður til bókmenntagöngu í Vogahverfinu.***

Sólheimasafn er sextíu ára í ár og af því tilefni verður sjónum beint að umhverfi þess. Laugardaginn 26. apríl verður farið í bókmenntagöngu um heimaslóðir skálda í Vogahverfinu, en fjölmörg skáld hafa búið í hverfinu og búa þar enn. Áætlað er að dagskráin taki um tvær klukkustundir.

Safnast verður saman í Sólheimasafni kl. 14 og þar mun Vigdís Grímsdóttir spjalla og lesa upp fyrir gesti en hún ólst upp í hverfinu. Síðan leiða aðrir fyrrverandi og núverandi íbúar, þær Úlfhildur Dagsdóttir og Margrét Árnadóttir, göngugesti um Voga og Heima og staldra við heimili nokkurra skálda. Bankað verður upp á hjá þremur þeirra, þeim Árna Bergmann, Andra Snæ Magnasyni og Olgu Guðrúnu Árnadóttur.

Að göngu lokinni er boðið í kaffi og með því í Sólheimasafni. Ekkert þátttökugjald er í gönguna og eru allir velkomnir.

*- ve*


allt matur
Alla föstudaga

**Fótanuddtæki** leynist í mörgum geymslum en óþarfi er að láta það safna ryki. Drífið tækið fram og sitjið í notalegu fótanuddi yfir sjónvarpinu á kvöldin.



# Græn hús í Frakklandi

***Ýmislegt er hægt að gera til þess að minnka orkuneyslu í eldra húsnæði.***

Evrópubúar leita logandi ljósi að nýjum leiðum til að spara orku en einn stærsti hluti orkuneyslu í dag er tengdur húsnæði. Um 43 prósent af orku eru notuð í byggingum, jafnt opinberum sem á heimilum, samkvæmt frönsku húsnæðismálastofnuninni. Í löndum þar sem stærsti hluti orkunnar er mengandi er húsnæði því mikill skaðvaldur þegar umhverfi er annars vegar.

Í Frakklandi eru samkvæmt opinberum upplýsingum aðeins tvö prósent orku hrein orka. Umhverfisvernd er núorðið mjög vel séð og því er mikil gróska í öllu sem viðkemur „grænum húsum“. Ekki má heldur gleyma að á opinberri umhverfisráðstefnu í París síðastliðið haust var ákveðið að minnka orkunotkun til húsnæðis um tólf prósent á fimm árum. Hækkun olíuverðs breytir einnig umhverfishegðun almennings sem vill spara og um leið minnka mengun.

Margar lausnir eru í boði til að minnka orkuneyslu í eldra húsnæði; betri einangrun, gluggar með þreföldu gleri og fleira mætti nefna. Í Frakklandi er þeim boðinn skattaafsláttur sem taka lán til að endurbæta hús sín, til dæmis til að setja upp spegla á þök til að virkja sólarorkuna. Í dag er töluvert um að húseigendafélög í fjölbýlishúsum taki sig saman og setji slíkan búnað á þök. Orkan er svo notuð til að hita upp húsnæðið sem og vatnið. Í sólríkari héruðum er framleiðslan það mikil að umframrafmagn er selt til dreifingar og á 10-15 árum er búnaðurinn búinn að borga sig og farinn að skila hagnaði.



Gróðurveggur á stór-magsíninu BHV-Homme í fjórða hverfi Parísar.

MYND/BERGÞÓR BJARNASON

Í nýbyggingum eru margar lausnir í boði í dag. Áður fyrr voru veggir illa eða jafnvel alls ekki einangraðir og ekki þekktist að segja einangrunarplast í veggi. Steinveggir eru því oft einangraðir innan frá eftir byggingu, til dæmis með glerull, en nú er farið að nota endurvinnslupappír, lambsull eða jafnvel efnisafganga úr textíliðnaði í einangrun. Stundum eru veggir einangraðir utan frá og þá með plötum úr trjákurli. Svo eru tileiningaveggir úr steypu framleiddir með einangrandi loftbólum. Timburhús eru í mikilli sókn bæði vegna þess að þau eru úr náttúrulegum efnum og hversu vel viður heldur í sér hita.

Stofum er snúið í suður og herbergjum í austur eða suðaustur. Þetta er gert til að minnka rafmagnsnotkun til lýsingar og nýta hitann frá sólinni til hitunar. Svo eru þeir sem velja nýja kanadíska leið sem felst í því að leiða loft tvo metra niður í jörðina undir húsinu í löngu röri sem tryggir stöðugt tólf gráðu heitt loft innandyra.

Þar sem umhverfi leyfir utandyra er upplagt að auka einangrun með gróðurvegg gerðum úr runnum og plöntum sem einangra vegginn. Um leið vinnur gróðurinn koltvísýring úr loftinu. *- beb*



Mikið ber á bárujárnsklæddum eldri húsum í miðbæ Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Bárujárn á veggina

***Bárujárn hefur löngum verið áberandi í íslenskri byggingarlist en það barst fyrst hingað til lands um 1870.***

Í sýningarskrá Árbæjarsafns yfir sýninguna Húsagerð höfuðstaðar 1840-1940 kemur fram að Íslendingar fluttu bárujárnið með sér heim úr viðskiptaferðum með sauðfé til Bretlands. Bárujárnið þótti bæði ódýrt og þægilegt til vinnslu við að klæða hús svo þau héldu vatni og vindi. Járnið þótti henta vel á timburhús en ryðverja þurfti bárujárnið og voru þök húsa gjarnan tjörguð með kolatjöru en veggklæðningin máluð með olíumálningu. Bárujárnið minnkaði einnig eldhættu en árið 1874 gekk Reykjavík í Brunabótafélag dönsku kaupstaðanna og þá varð skylda að leggja eldtraust þök á ný hús. Árið 1903 var svo gerð byggingasamþykkt um að ný hús skyldu vera bárujárnsklædd, bæði þak og veggir, en framhliðar máttu vera timburklæddar.

Sýningin Húsagerð höfuðstaðar var sett upp sumarið 2006 í Árbæjarsafni en nánari upplýsingar má finna á vefsíðu safnsins, www.arbaejarsafn.is

*- rat*





**Vöðlur** gera mönnum kleift að standa í miklu dýpi og veiða. Gæta skal þó þess að fara ekki dýpra en svo að vatnið nái mitti.

# Veiðileyfi víða um land

***Veiðikortið stendur nú veiðimönnum til boða fjórða árið í röð og veitir það aðgang að 32 vötnum. Aukið framboð ár frá ári er góðum viðtökum að þakka.***

Þeim veiðivötnum sem veiðikortið veitir aðgang að fjölgar stöðugt og bætast ný við á hverju ári. Verðið hefur ekki breyst og kostar kortið fimm þúsund krónur líkt og síðustu ár. Með því að kaupa Veiðikortið geta einn fullorðinn og barn yngra en fjórtán ára veitt ótakmarkað í öllum vötnunum.

Á heimasíðunni www.veidikortid.is er hægt að kaupa kortið en einnig á næstu N1-stöð sem og Fosshótelum og veiðivöruverslunum víða um land. Veiðikortið nýtist hörðum veiðimönnum og fjölskyldufólki og gerir kleift að skreppa í veiði í rúmlega þrjátíu vötnum víða um landið. Bæklingur fylgir Veiðikortinu sem inniheldur lýsingu á veiðisvæðunum, kort og myndir.

Á vefnum www.veidikortid.is er hægt að skrifa um veiðiferðir sem farið hefur verið í og lesa nýjustu fréttirnar hverju sinni. Þar má einnig finna myndir og góð ráð. Reglur Veiðikortsins eru þannig að aðeins einn er skráður á kortið og þurfa því korthafar að merkja kortið sem sótt er um með kennitölu.

Þegar skráning fer fram hjá landeiganda verður því að framvísa persónuskilríkjum. Einnig eru veiðimenn hvattir til að ganga vel um veiðisvæðin og skilja ekki eftir sig rusl eða önnur ummerki. Veiðimönnum ber að virða þær reglur sem kynntar eru á upplýsingasíðum vatnanna.

Með kortinu er hægt að fjölga samverustundum með fjölskyldu og vinum og hægt er að bregða sér í veiði án þess að hafa mikið fyrir því.

*mikael@frettabladid.is*



Þingvallavatn er meðal þeirra vatna sem veiðikortið veitir aðgang að.




Veiðikortið nýtur mikilla vinsælda og gefur stangveiðiáhugamönnum leyfi til að veiða í rúmlega þrjátíu vötnum.

„30.000 blaðberar leita sér að húsnæði“

segja útgefendur Fréttablaðsins




Við stöndum upp úr

Atvinnublað Fréttablaðsins er með 60% meiri lestur en atvinnublað Morgunblaðsins miðað við 20–40 ára

Atvinna í boði... ...alla daga

allt heimili

Alla fimmtudaga




NORTH ICE

Félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum nota Jahti Jakt fatnað með góðum árangri.

JAHTI JAKT

Icefin Noatuni 17 • S. 5343177 • Skoðið úrvalið á www.icefin.is



**Ekkert út og 1. afborgun í júní!!**
Opel Astra OPC, ek. 3900 km, sem nýr. Filmur og radarvari, fæst á yfirtöku. Uppl. í s. 865 3190.



Hyundai Starex 4x4 7manna árg. '04. Ek. 62 þ. Filmur, krókur, 31" dekk. Uppl. í s. 824 9999.

Renault Kangoo árg08/06, ek.20þús, vsk bíll, rekstleiga 18 mán eftir. fæst gegn yfirtöku samnings afb. 33þús á mán. Kjartan 821 3494

Renault Clio '96 ek. 153 þús. 3ja dyra, hvítur. með fulla skoðun. Mjög góður bíll v. 200 þús. S. 896 6564.

Mjög fallegur BMW 316 vélarvana. Fæst á yfirtölu á lán 420 þ. S. 820 1910.

Einstaklega fallegur bíll til sölu. Rauður Nissan Almera 1.6 SLX árg. '00, sjsk, Mitchelin v+s dekk á felgum fylgja, ek. 85 þús. V. 380 þús. Uppl. í s. 587 1964 & 820 8698.

## 0-250 þús.



**Verð aðeins 150 þús.**
WV Polo árg. '96 1.4 3 dyra. Ek. 155 þ. S. 691 9374.

Nissan Primera árg. '97. Ekinn 198 þ.km. Verð 250.000. S. 695 0808.

Vel með farinn Toyota Carina '88, ek. 150.000km. Verð 90.000 kr. S. 893 5775 eftir kl. 18 v.d.

Toyota Corolla Station '97. Toppbíll. V. 130 þús. Nissan Terrano '91. V. 75 þús. S. 699 2707.

Huyndai Accent árg. '99 ssk., í fínu lagi. Smá útlitsgallaður. V. aðeins 95 þ. S. 691 9374.

## 250-499 þús.

HyundaiAaccent árg. '01, ssk., ek.72 þús., ný tímareim og í góðu ástandi. Uppl. í s. 663 3284 .

## 500-999 þús.

Opel Vectra Comfort 1,8 - yfirtaka á láni. Beinskiptur. Ekinn 77 þús. 16" álfelgur, loftkæling, sumar-og vetrardekk. Lán 780 þús. Afb.15 þús. á mánuði. Upplýsingar í síma 825 7246.

## 2 milljónir +




Skiptu í Hybrid og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu Hybrid reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 552 2000. Kynntu þér úrval Hybrid jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



MMC Pajero diesel. Til sölu MMC Pajero diesel, GLX, sjálfskiptur. Ekinn 162 þús. Fæst gegn yfirtöku kr. 2.250 þús. Gott íslenskt lán. Afborgun 43 þús. per. mánuð. Upplýsingar í síma 825 7246.

## Bílar óskast

Óska e. góðum station bíl. Stgr. verð allt að 300 þ. Uppl. í s. 858 6211 e. kl. 16.

## Jeppar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Ford Explorer frá 2790 þús., Dodge Durango frá 2790 þús., Jeep Grand Cherokee frá 2590 þús., Toyota Highlander frá 3100 þús., Landrover LR3 Discovery frá 5690 þús., Benz ML350 frá 5350 þús., Audi Q7 frá 5750 þús., VW Touareg frá 4750 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com




Skiptu í HybridD og sparaðu hundruði þúsunda í eldsneyti. 40% minna eldsneyti, meiri kraftur og lægra verð. Hybrid er framtíðin sem leysir af hendi eyðslufreka og mengandi benzín og dísel bíla. Pantaðu Hybird reynsluakstur Reykjavík eða Akureyri í síma 552 2000. Kynntu þér úrval Hybrid jeppa og fólksbíla frá Toyota, Ford, Chevrolet og öðrum helstu framleiðendum á www.islandus.com



Pajero jeppi árg. '96 motor 3 lítrar. Ek. 200 þús. Ný dekk. S. 869 6701.



**44" LC120**
Land Cruiser 120 2008. Ek. 6 þ.km, ssk., sóllúga 44" breyttur, beadlock felgur 4,88 hlutföll, læstur framan og aftan, Koni demparar, OEM gormar, styrktir spindlar, spilbiti, dráttarbeisli, aukatankur, filmur, spoiler ofl ofl. Verð 8.900 þ. Uppl. í s. 894 4144.



Toyota Rav4 '07, ek. 5þ. tíl sölu. Listaverð 3.800 þ., staðgreislu verð 3.100 þ. Uppl. í síma 893 7518.

GISTING AKUREYRI. Býð uppá flotta gistingu Leó S 8975300 orlofshus.is

## Pallbílar




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008. Ford CREW F150 frá 2450 þús., Ford F350 diesel frá 3390 þús., Dodge RAM 1500 frá 2300 þús., Dodge RAM diesel frá 3290 þús., Toyota Tacoma frá 2990 þús., Toyota Tundra frá 3090 þús. Sími 552 2000. www.islandus.com

## Húsbílar




**Til sölu gott úrval Pallhýsa.**
Ný og notuð á flestar gerðir pallbíla. Sendum hvert á land sem er. Uppl í síma 421-7922 eða Ágúst 864-0982, Jóhannes 896-2317 www.pallhýsi.is JS Campers ehf.



Chevrolet '94 aðeins ek. 55 þ. Turbo diesel. Glæsilegur bíll með öllu. V. 5.950 þ. S. 555 1800 & 897 4213.

## Mótorhjól




**Ítalsk hannaðar vespur**
50cc með fjarstarti og þjófavörn, ABS bremsukerfi, breið dekk, 4 litir. Álgólf, fjórgengis. Verð frá 149 þús. upp í 198. með hjálmi, götuskráningu og boxi að aftan.



**X Motos Super Pit**
Mótorcrosshjól, 250cc, 5 gíra dirt bike, hæð sætis 90cm, hæð undir pönnu 32cm, upside down temparar stillanlegir. Verð 225 þús.



**Hippar**
Verð nú 339 þús. með götuskráningu. 250 cc, með fjarstarti, þjófavörn, rollbar, töskum, litur: svart. Allir hjálmar á 5900 kr. Eigum mikið úrval af vespum.

**Mótor og sport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**www.motorogsport.is**



Til sölu Yamaha XVS Midnight 1300 árg 2007. Glænýtt hjól. Verð aðeins 1.190 þús. Kostar nýtt í umb. 1790 þús - greiðslukjör í boði!! Uppl í síma 892 1419.



Nýtt Suzuki GSXR 600 K8 til sölu á aðeins 1200 þúsund. Algerlega nýtt og ókeyrt. Staðsett í Kópavogi. Þetta hjól mun ekki koma í umboðið fyrr en í Júní og mun þá kosta 1637 þúsund samkvæmt verðlista. Hægt að fá 90% lán. Maggi s. 896 2547.



Yamaha YZ F R6 árg. '04 powercomandor 3 tölvukubbur, hjálmur, skór og galli geta fylgt. V. 850 þ. S. 587 7777.

## Vespur



Ódýrasti ferðamátinn í dag . JMStar Rxi og Lingben XR 50cc frá kr 170.000, Hjálmur og yfirbreiðsla fylgir. Mjög góð reynsla, mikið úrval af vara og aukahlutum. www.BMVehf.is S. 861 5385 & 897 2101.

## Reiðhjól

Til sölu 2 lítið notuð reiðhjól (á 7.000 krónur hvort) fyrir fullorðna. Upplýsingar í síma 865 2222.

## Vélsleðar



Ski Doo MXZ-X Renegade 600 SDI árg. 2006, ek. 2.200 km. 44.mm belti, rafstart og bakkgír. V. 990 þús. Áhv. gott lán ca. 700 þús. Ath. Skipti á fólksbíl eða götuskr. mótorhjóli. Uppl. s. 894 6011.

## Vinnuvélar




13 tonna Beltagrafa til leigu. Uppl. í s. 892 3341.

## Bátar




**Gúmmíbátar & Gallar**
Björgunarbátar frá 119.900, þurrgallar m/öndun 39.900, slöngubátar, viðgerðarefni og viðgerðir. Heimsækið okkur á gummibatar.is eða S:6607570

Óskar eftir dýptarmæli, helst Radon 800. S. 892 4967.

## Hjólbarðar



Nýlegar 17" álfelgur með dekkjum undan Avensis 5X100 kosta nýjar 170 þ. Verð 80 þ. S. 858 4166.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar í VW. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284, partasolur.is

# ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar




# TIL SÖLU



**Búkollur (liðstýrðir trukkar)**

Trukkar þessir eru gerðir fyrir mikla efnisflutninga við erfiðustu aðstæður. Þeir eru byggðir á sterkri grind með snúningsöxul aftan við stýrishús, með drif á öllum hjólum og sjálfstæða fjöðrun að framan. Þetta tryggir einstaklega gott veggrip og rétta dreifingu þungans á öxlana og hentar sérlega vel utan vega í gljúpum jarðvegi.

**Vertu í sambandi við sölumann!**

KRAFTVÉLALEIGAN
LEIGA/SALA

Lækjarmel 1
535 3570 / 535 3571
leiga@kraftvelaleigan.is
**www.kraftvelaleigan.is**

# TIL SÖLU

# Hlutur í skemmtibát á Malorka



Glæsilegur 53 feta bátur staðsettur á Malorka í bænum Alcudia. Báturinn hefur uppá að bjóða öll helstu þægindi sem til þarf. Í bátnum eru þrjú svefnherbergi, tvö baðherbergi, þvottaaðstaða með þvottavél og þurrkara. Einnig er á bátnum lítill bátur með mótor og jet-ski. Skipstjórnarréttindi er ekki skilyrði, punga próf dugar.

**Fyrirspurnir sendist á studlaberg@studlaberg.is**

# TIL SÖLU



## Hljóðfæri



**Nýjir flyglar og píanó**
Nýjir og vandaðir flyglar og píanó, glæsileg hljóðfæri á mjög góðu verði. Nánari upplýsingar í síma 897 3290.

## Tölvur




## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m.2x4 óheflað á 195 kr/m, mótabitar 1.135 kr/m, allt verð með vsk.Kíktu á ulfurinn.is eða s. 840-7273, Halldór.

Til sölu vinnuskúr, Spectra leyser hæðamælir, Hitachi klippu og beyjuvél og Max bindivél. S. 898 4870.

Til sölu u.þ.b. 80 lm af 1x6 borðum og 600 lm af 2x4 stoðum. Selst mjög ódýrt. S. 660 0330.

## Verslun







# HEILSA

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**
**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.**
**Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn. Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.**
**Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur




5-7kíló á 9 dögum með Aloe Vera. Einnig getum við skráð þig í Aloe Vera S. 849 2345.

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Betri heilsa - bætt líðan - Herbalife Þarftu aukna orku? Viltu þyngjast? Viltu léttast? Viltu skoða viðskiptatækifæri? Viðar 822 3657 & 581 3657 vidarei@internet.is

## Nudd

Ferðanuddbekkir, óléttubekkir, bómullarlök, gæði og gott verð. Uppl. í S: 8916447

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.




# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið




**50% Off summer prices**
Icelandic for foreigners- Level I: 4 weeks Md-Frd; 18-19:30 start 28/4, 26/5, Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30 start 14/4, 14/7. Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30 start 29/4, 7/7. Level IV: 20 w; Sund 10-11:30 start 4/5. Ármúli 5 S. 588 1169 www.icetrans.is/ice

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 892 8433. Nánari upplýsingar www.hvalalif.is / hvalalif@hvalalif.is

# HEIMILIÐ

## Húsgögn



Nýjir og ónotaðir stólar til sölu. Einnig stórglæsileg sófasett til sölu. Frábær verð í boði. Fyrstur kemur fyrstur fær. Uppl. í síma 821 6254 & 868 5001.

## Heimilistæki

Til sölu ryksuga, Ergorapido Cyclonic 2 in 1 frá Electrolux, á 10.000 krónur. Uppl. í síma 865 2222.

## Dýrahald

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/dyr/66395/

Amerískir Cocker Spaníel hvolpar af úrvalskyni. Afhending í maí. Ættbók frá HRFÍ. Upplýsingar í s. 869 5405.



Stóru hundagerðin komin aftur. Lengd 340 Breidd 200 Hæð 175 cm verð 42,000 kr. www.liba.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.

2 rooms apartment for rent in 101 Rvk. Price 120 þ. + tax. Tel. 867 9709.

Herb. til leigu í Hfj. Öll aðstaða innifalin. Eldhús, þvottahús, WC, sturta. Einnig er TV og internet aðgangur. Uppl. í s. 895 8843, eftir kl 15.

Til leigu 3ja 94fm íbúð Álftanesi. Laus. Leiga 120 þ. á mán. 300 þ. trygging. Hiti og hússjóður innif., rafm. ekki. Óli s. 861 7707 einilundur@isholf.is

Rooms w/privat bathroom for rent in Hafnarfjörður. Kitchen, washer, dryer. Furniture if needed. Tel. 893 6060.

Yndisleg fullbúin 2 herb. risíbúð í 108 til leigu í 1 ár, jafnvel lengur. 95.000. Uppl. í s. 696 0173.

Geggjuð ný 107fm 3ja herb í Mosó. Laus strax. Uppþ. og íssk innif. Verð 140 þ. S. 897 4617 http://www.barnanet.is/ibudtilleigu

4 herb. íbúð í Hfj. til leigu í 1 ár. Verð 140 þ. Reyklaust, bankaábyrgð skilyrði, sérinngangur. Uppl. í s. 865 7101 & holm@hive.is

Góð 2. herb. Íbúð í Vesturbæ 107 Rvk. laus nú þegar. Leigu verð 120 þ. á mán. innifalið hússjóður og hiti. bankaáb./tryggingavíxill skilyrði. Uppl. í s. 898 1188.

ATH til leigu strax ný 120m2 íbúð í Hafnarf. m. stæði í bílskýli. Allt nýtt. 3 herb. V. 150 þús. per. mán. S. 892 7858.

Til leigu ný 60m² glæsil 2 herb. íb. á jarðh. í einb. m. sér inng .í grónu hverfi í Hafnarf. Leigist reglus., reykl., barnl. einstak.l eða pari, án gæludýra. Langtímal möguleg, ekki skemur en eitt ár, laus strax, leiguverð 125.000 með rafm. og hita. Áhugas sendi uppl. á kbo@internet.is

## Húsnæði óskast

Þýskur karlmaður á fertugsaldri, og starfsmaður Marel foddsystems, óskar eftir stúdíó eða lítilli íbúð til leigu í Hafnarfyrði eða nágrenni. Gstiheimili og meðlegjendur koma ekki til greina. Öruggum greiðslum heitið. Heiko Snheider gsm: 8664163

ÍBÚÐ ÓSKAST Hjón með 2 börn, reyklaus og reglusöm, óska eftir 4-5 herb. leiguíbúð í nágrenni við Ísakssk. eða Austurbæjarsk. Skilvísar greiðslur og góð meðmæli. annasoley@gmail.com s.8244432

3-4 herb. íbúð óskast á höfuðborgasvæðinu. Uppl. í s. 897 5650.

Hjón bráðvantar 2-3 herbergja íbúð í Rvk. Um 100 þúsund á mánuði. Langtímaleigu. S 857 3506.

## Húsnæði til sölu



**- Til sölu fáránlegu verð -**
3 herb. íbúð á besta stað í Torrevieja. Snyrtileg eign með sameiginlegri sundlaug, stutt er í alla þjónustu, miðbæinn og á golfvöllinn. Verð aðeins euro 78.000! Nánari uppl. Á hgh-properties.com og í s. 0034 663 929 924.

## Sumarbústaðir



Sumarbústaðir til leigu (30 mín frá RVK). Heitur pottur og gasgrill. Nánari upplýsingar í síma 898 6107 eða www.nupar.is.

STYRKIR



## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Vantar þig lagerrými? Erum með lagerrými til leigu 50-500fm. Upplýsingar í síma 695 7045 eða 570 7010.

Iðnaðarbil, 80 til 1000 ferm til leigu á góðum stað í Hafnarfirði. Erum einnig með húsnæði á 2 hæð sem hentar undir ýmsa starfsemi, skrifstofur eða sem geymsluhúsnæði. Uppl í S. 8224200 og 6601060, vad@simnet.is

## Geymsluhúsnæði




Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.

HAFNARBAKKI

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Höfum til leigu geymslurými, 5-50fm. Upplýsingar í síma 695 7045 og 570 7010.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vélstjórar.**
Yfir-vélstjóra vantar strax til afleysingar á stórt og öflugt línuskip, lágmarks réttindi 750 kw. Upplýsingar hjá skipstjóra í síma 426 8316 og 861 5016 eða á skrifstofu útgerðar í síma 420 4400.

málning

**Lagerstarfsmaður óskast**
**Málning hf. Kópavogi óskar eftir hörkuduglegum lagerstarfsmanni. Mötuneyti á staðnum. Uppl. gefur Ólafur Helgason, lagerstjóri.**
**Umsækjendur mæti á staðinn eftir kl. 13:00. Málning hf., Dalvegi 18, Kópavogi.**

**Energia kaffihús/veitingahús Smáralind**
**Óskum eftir manneskju, ekki yngri en 20 ára, sem getur tekið að sér ýmis störf fyrir okkur, m.a aðstoð í eldhús, séð um kaffibar og þjónað í sal. Viðkomandi þarf að hafa frumkvæði, vera jákvæður og lipur í mannlegum samskiptum og þarf að geta unnið undir álagi. Þægilegur vinnutími.**
**Upplýsingar í síma 664 0664 eða á staðnum, Guðný.**

ÖRYGGISGÆSLAN

**Öryggisgæslan**
**Vilt þú starfa hjá framsæknu fyrirtæki í fremstu röð Öryggisþjónustu á Íslandi. Öryggisgæslan leitar nú að starfsfólki til næturstarfa og verkefna á öllum tímum sólarhrings. Við leitum bæði að fólki í 100% starf sem og Hlutastörf td.helgarvinnu. Aukavaktir í boði. Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og jákvætt hugarfar. Hreint Sakarvottorð er skilyrði. Lágmarks aldur umsækjanda er 18 ár.**
**Umsóknir eru á Skrifstofu Öryggisgæslunnar ehf. Auðbrekku 6 - 200 Kópavogur. Opið er frá kl.10-17 virka daga. Einnig er hægt að hringja í Síma 568 5030. mailto: egill@oryggisgaeslan.is**

**Veitingahúsið Nings**
**óskar eftir hressu og jákvæðu fólki í fullt starf í afgreiðslu. Um framtíðarstarf er að ræða þar sem unnið er á 15 daga vöktum. Hentar fyrir þá sem vinna vel með öðrum og hafa góða þjónustulund. Nauðsynlegt er að vera íslenskumælandi. Einnig vantar afgreiðslufólk í kvöld og helgarvinnu.**
**Uppl. í síma 822 8870 eða á www.nings.is**

**Bakarí í Breiðholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti. Vinnutími frá kl. 10-17 og aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

**Bakarí í Breiðholti**
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti aðra hvora helgi. Ekki yngri en 20 ára.**
**Uppl. í s. 820 7370, Ragga.**

**Smiðir óskast**
**Byggingarfélagið Timburmenn ehf, vantar nokkra góða smiði til vinnu við glugga og hurðasmíði á verkstæði, vinnu við viðhaldsverkefni utanhúss ásamt smíði á færanlegum kennsluststofum og sumarhúsum.**
**Uppl. í s. 566 6630 & 696 1182 netfang:btm@btm.is**

**Sjávarkjallarinn**
**Vorum að útskrifa úrvalslið af matreiðslumönnum og framreiðslumönnum og hlökkum til að fá nýja nema í lið með okkur. Einnig eru laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?**
**Uppl. veitir Valtýr (661 9912) alla virka daga milli 10-12 og 14-17. Umsóknir berist á: valtyr@sjavarkjallarinn.is**

**Komdu inní kofann minn - Kofa Tómasar frænda.**
**Ert þú hress og skemmtileg/ur? Vantar þig aukavinnu um helgar?**
**Ef svo er þá erum við að leita að þér, kýktu til okkar að Laugarvegi 2 og fáðu frekari upplýsingar.**
**Kofi Tómasar frænda.**

567 7570 · 892 7514
SÖGUN · BORUN
BROT
BORTÆKNI
MÚRBROT · KJARNABORUN
www.bortaekni.is

Störf í boði.
Óskum eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Aðeins reglusamir og stundvísir.
Upplýsingar sendist á: bortaekni@bortaekni.is & í s. 567 7570 m. kl.10-15

**- Starfsfólk óskast -**
Bílstjórar og starfsfólk í afgreiðslu ofl. vantar í fyritæki á mötuneytamarkaðinn. Skemmtilegur vinnustaður - Góð laun -Vinsamlegast sendið umsóknir á magnus@veislulausnir.is

**HENDUR.IS**
Fólk óskast í eftirfarandi stöður: Verkefnastjóri, yfirmennn, smiðir, verkamenn, bifvélavirkjar, bílasmiðir, afgreiðslufólk, þjónar, barþjónar, kokkar, rafvirkjar, öryggisverðir o.fl.

**Gröfumenn ehf.**
Óskum eftir gröfumanni og vörubílstjóra. Uppl. í s. 860 4431 & 860 4430 & 565 0033.

Ný skart og fylgihluta verslun opnar í Smáralind. Opið er frá 10-19 alla daga og 21 á fimmtudögum, Fullt starf og hlutastarf í boði. Uppl. sendist á aldalars@mi.is eða í síma 865 6774, Alda.

Starfsmenn vana húsaviðgerðum óskast í vinnu. Uppl. í s. 698 6738.

**Bakarí**
Aðstoðamaður bakara óskast í sumar. Vinnutími 6-13 virka daga & helgarvinna. Uppl. í s. 551 1531 Ingunn, eða á staðnum f.h. Björnsbakarí - Skúlagötu.

Vantar meiraprófsbílstjóra með rútupróf. Sími 894 2901.

## Atvinna óskast

2 smiðir óska eftir vinnu. Allt kemur til greina. Uppl. í s. 893 5908.

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.**
**Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

## Viðskiptatækifæri

Lærðu alvöru NETVIÐSKIPTI!! Viltu læra að skapa þér miklar tekjur á Netinu? Skoðaðu þá vefsíðuna VIDSKIPTI.COM og fáðu allar upplýsingar um málið.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Mímir er týndur. Silfurbröndóttur skógarköttur sem týndist í 101 Rvk. Dúi í s. 690 4139.

## Einkamál

**Símaþjónusta**

**Spjalldömur**

**S. 908 6666**

**Opið allan sólarhringinn.**

Pía að leita af þeim rétta. Ég 32 ára pía í leit að strák, með samband í huga. Alltaf til í að prófa eitthvað nýtt. Ert þú sá rétti? Hafðu samband, ég er notandi „Yndisleg4u" á einkamal.is

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

# ATVINNA

**Blikksmiðurinn hf.**

Óskar eftir að ráða blikksmiði, járniðnaðarmenn og menn vana byggingariðnaði. Mikil vinna, gott kaup.

**Upplýsingar gefur Valdimar í síma 577 2727.**

# RÁÐSTEFNA TÓNMENNTAKENNARA

**Föstudaginn 25. apríl 2008**
**í Rúgbrauðsgerðinni, stjörnusalnum**
**kl. 16:00 - 20:00**

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 16:00 | Ráðstefna sett • Bryndís Baldvinsdóttir, form. TKÍ |
| 16:10-16:40 | Sigurður Flosason, jazztónlistarmaður<br>Fyrirlestur um spuna |
| 16:50-17:20 | Flosi Einarsson, tónmenntakennari<br>Tónlist og tölvur |
| 17:30-18:00 | Ólafur Loftsson, formaður FG<br>Kjaramál kennara/sérgreinakennara |
| 18:00-18:30 | Kaffihlé |
| 18:30-19:10 | Hjálmar Ragnarsson, skólastjóri LHÍ<br>Námsframboð í LHÍ og framtíðaráherslur |
| 19:20-19:40 | Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir, lektor tónlistarsviðs KHÍ<br>Kynning á meistaranámi fyrir tónmenntakennara í KHÍ |
| 19:45 | Ráðstefnu slitið - Fordrykkur |
| 20:00 | Matur |

**Ráðstefnugjald: 1500 kr.**
**Skráning: bryndisb@btnet.is**

**Matur og fordrykkur að ráðstefnu lokinni 4200 kr.**
**Glæsilegt smáréttahlaðborð; tapaz, spjót og fleira girnilegt.**
**Taka þarf sérstaklega fram við skráningu hvort panta skal mat.**

# FASTEIGNIR

... í öruggum höndum

**FASTEIGNASTOFAN**

**Fjarðargötu 19 565 5522**

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL. 17 - 19**

**Einivellir 7 - Hafnarfirði - 90% lán**





Frum

Í einkasölu mjög falleg og björt íbúð á efstu hæð í nýlegu lyftufjölbýli á Völlunum í Hafnarfirði. Íbúðin er 87 fm og með rúmgóðum suðursvölum með fallegu útsýni. Glæsilegar kirsuberjainnréttingar og halogenlýsing. Parket og flísar á gólfum. Sérinngangur af svölum. **Íbúð merkt 505.**

**VERÐ:**

| | *Upphæð lána* | *Greiðslub.* | *Lánstími* | *Vextir* |
|---|---|---|---|---|
| Íbúðarlánas. | 18.000.000 | 92.714 | 40 ár | 5,5% |
| Lán frá seljanda | 2.610.000 | 18.000 | 20 ár | 6,5% |
| Eigið fé | 2.290.000 | | | |
| Samtals | **22.900.000** | **110.714** | | |

**ATH. SELJANDI GREIÐIR STIMPILGJÖLD AF LÁNUM.**

## Veitingahúsið við Tjörnina

óskar eftir að ráða aðstoðarfólk í eldhús og nema í matreiðslu.
Upplýsingar gefur Gunnar Örn í síma 8999250

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Verkstjóri

Ferskar kjötvörur óska eftir að ráða verkstjóra til starfa í einni af deildum fyritækisins.

**Umsóknarfrestur er til 28 apríl**

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík einnig er hægt að senda umsóknir á ingibjorn@ferskar.is.

Nánari upplýsingar veitir Ingibjörn Sigurbergsson í síma 588-7580 eða 660-6320 frá kl. 9- 17:00 alla virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess

**www.ferskar.is.**

FERSKAR KJÖTVÖRUR

## Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

## Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

## PÍPARAR

Erum með vana pípara á skrá sem eru klárir til vinnu.
**Kraftafl ehf S: 840-1616**

## Aðalfundur

Aðalfundur Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu, verður haldinn laugardaginn 26. apríl 2008 kl. 14:00 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál

Þeir félagsmenn einir hafa kosningarrétt sem hafa greitt félagsgjaldið fyrir árið 2007
Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn

**Stjórnin.**

STYRKIR

## Auglýsing um starfsstyrki Hagþenkis 2008

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, auglýsir eftir umsóknum um eftirtalda styrki og þóknanir

**Starfsstyrkir til ritstarfa.**
Óskað er eftir umsóknum um starfsstyrki Hagþenkis vegna ritstarfa árið 2008.
Til úthlutunar eru 8.000.000.- kr.

**Starfsstyrkir vegna gerðar fræðslu- og heimildarmynda.**
Til úthlutunar eru 1.000.000.- kr.

**Þóknanir vegna ljósritunar o. fl.**
Óskað er eftir umsóknum um þóknanir vegna ljósritunar úr fræðiritum og kennslugögnum í skólum og öðrum stofnunum hins opinbera skólaárin 2005 - 2007 og vegna blaðagreina eftir félaga í Hagþenki sem kunna að hafa verið notaðar af IMG-Fjölmiðlavaktinni ehf. árið 2006.
Til úthlutunar eru 3.650.000.- kr.

**Þóknanir til rétthafa á fræðslu- og heimildarmyndum.**
Hér með er auglýst eftir umsóknum handritshöfunda, sem eru rétthafar á fræðslu- og heimildarmyndum og – þáttum sem sýnd voru í sjónvarpi árin 2005 - 2007, um þóknanir sem Hagþenkir greiðir í framhaldi af gerðardómi um skiptingu tekna Innheimtumiðstöðvar gjalda af myndböndum og myndbandstækjum.
Til úthlutunar eru allt að 200.000.- kr.

**Umsóknarfrestur er til 12. maí.**
Sækja skal um þóknanir og starfsstyrki á þar til gerðum eyðublöðum á heimasíðu félagsins, www.hagthenkir.is. Á heimsíðunni er einnig að finna allar upplýsingar og út-hlutunarreglur. Fylgiskjöl með umsóknum skal sækja aftur fyrir 15. september næstkomandi en eftir það verður þeim eytt.

Hagþenkir – félag höfunda fræðirita og kennslugagna
Hringbraut 121,107 Reykjavík –
Netfang: hagthenkir@hagthenkir.is – Sími: 551 9599

TILKYNNINGAR

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag í landi Eystra Stokkseyrarseli í Sveitarfélaginu Árborg.*

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi í landi Eystra Stokkseyrasels í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af landamörkum Eystra Stokkseyrarsels og er 158,9 ha að stærð. Svæðið liggur austan Eyrarbakkavegar og Vestra Stokkseyrarsels, sunnan hreppamarkaskurðar og vestan Ásgautsstaða.

Svæðinu er skipt upp í 21 lóð, 4,7 - 10,0 ha að stærð. Á hverri lóð er sem heimilt samkvæmt deiliskipulagstillögunni að byggja eitt íbúðarhús, gestahús ásamt útihúsi. Brúttógólfflötur húsa á lóð má ekki fara yfir 1800m².

Teikninga og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 23. apríl til og með 21. maí 2008.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillöguna.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 04. júní 2008 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.
**Á sama tíma er teikning og greinagerð til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**
**Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

**Selfossi, 21. apríl 2008.**
**Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.**

TILKYNNINGAR

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

### Sólvallagata 67, Vesturbæjarskóli

Tillaga að deiliskipulagi fyrir lóð Vesturbæjarskóla að Sólvallagötu 67 sem gerir ráð fyrir m.a. að lóðirnar að Vesturvallagötu 10 – 12 og Hringbraut 116 – 118 verði sameinaðar lóð Vesturbæjarskóla. Eftir sameiningu er gert ráð fyrir viðbyggingu við skólann meðfram Framnesvegi að Hringbraut. Næst Framnesvegi verður viðbygging á einni hæð en á tveimur hæðum þar fyrir austan og að Hringbraut. Hæsti kóti verður miðaður við mæni aðalbyggingar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vegamótastígur 9

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi reits 1.171.5 vegna lóðarinnar að Vegamótastíg 9. Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að byggt verði á lóðunum nokkurn veginn í samræmi við fyrra deiliskipulag en að gamli steinbærinn sem áður stóð á Vegamótastíg 7 verði endurreistur á þaki nýbyggingar ásamt gamla húsinu að Vegamótastíg 9. Gerð er tillaga að endurmótun götusvæðis sunnan við Vegamótastíg 9. Öðrum kjallara er bætt undir kjallara í núverandi deiliskipulagi og verður hann notaður fyrir bílastæði með aðkomu frá Grettisgötu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Melavellir, Kjalarnesi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi jarðarinna að Melavöllum á Kjalarnesi. Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að heimilt verði að byggja fjögur alifuglahús sunnan við þegar samþykkt alifuglahús á lóðinni þannig að samtals verði sex ný hús. Sömu reglur gilda um þessi hús hvað varðar byggingarreiti og húsagerðir og á áður samþykktu deiliskipulagi.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 23. apríl 2007 til og með 7. júní 2008.** Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 7. júní 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 23. apríl 2008
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

**Hefur þú nýtt þér þjónustu Impru?**

**www.impra.is**

**Viltu ná auknum árangri?**

## Styrkir

**fyrir einstaklinga og fyrirtæki á landsbyggðinni**

**Framtak:** *Styrkupphæð allt að **kr. 3.000.000**.*
Styrkur til þróunar á þjónustu eða vöru í starfandi fyrirtækjum

**Skrefi framar:** *Styrkupphæð allt að **kr. 600.000**.*
Styrkur til kaupa á ráðgjöf til nýsköpunar og umbóta í rekstri

**Frumkvöðlastuðningur:** *Styrkupphæð allt að **kr. 600.000**.*
Styrkur til að þróa viðskiptahugmyndir frumkvöðla

Umsóknir um styrki eru afgreiddar mánaðarlega.

Næsti umsóknarfrestur er til ***15. maí 2008***.

Frekari upplýsingar og umsóknarblöð á ***www.impra.is*** og hjá Sigurði Steingrímssyni ***s. 470 7972***, ***sigurdurs@nmi.is***, og Guðmundi Óla Hilmissyni, ***s. 470 7977***, ***goh@nmi.is***.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar

# Sundabraut til hvers?

**UMRÆÐAN**
Ari Arnórsson skrifar um samgöngumál



ARI ARNÓRSSON

Vilhjálmur Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn, sagði nýlega að við ættum að fá að aka bílunum okkar ofan í sjó við Laugarnesið. Strax. Og hann er ekki einn um það.

Spyrjum nú: Hvað er best að gera í samgöngum höfuðborgarsvæðisins fyrir 30 milljarða? Svari uppáhaldspólitíkusinn þinn, „nú Sundabraut auðvitað,“ ætti sá kannski erindi á spítalann við Sundin. Og ekki sem læknir. Læknirinn sem var í borgarstjórastólnum á undan mínum afbragðs heimilislækni, viðurkennir á sig skömm. Hann samþykkti í blindni „nýju“ Hringbrautareyðimörkina. Þar fuku ekki bara útsvör lítils hverfis í eina öld heldur er þetta skrímsli þvert á móti skynsemi. Hugmyndin, sem var vond á sínum tíma en passaði við tískuna þá, varð ekki að rándýrum mistökum fyrr en 10-20 árum eftir að hún læsti tönnum í skipulagið. Það gafst áratugur til að slá skrímslið af, en nei, með biblíulegri þrjósku var trölli færður til lífs. Hafi einhver þá trú að „nýja Hringbraut“ sé annað en alvarleg mistök, er það nákvæmlega það. Trú. Trú í trássi við staðreyndir. Trú og skipulag er þekktur, baneitraður kokkteill.

**Skynsemi, ekki trú**

En Sundabrautin er verri kredda. Grátleg gröf fyrir ofboðslegt magn fjármuna. Tugi milljarða!

Hvaðan koma þeir sem ætla á Kjalarnes? Væri svarið Kvosin, væri samt tæp glóra í að borga fyrir að fara út í sjó undan Laugarnesi, í göng – fjórföld líklega – austur að Elliðavogi og undir hann og yfir eyjar og sjó. Laugarnes er tangi, en umferðarmiðjan er allt annars staðar. Síðan Sundabrautarhugmyndin beit sig í skipulagið hafa breytingar (tvöföldun Vesturlandsvegar o.fl.) jafnt og þétt minnkað skynsemina í rökum fyrir henni, en hún jafnt og þétt orðið tröllslegri. Er t.d. meiri þörf fyrir jarðgöng undir Laugarnes en Lönguhlíð?

Læknar góðir, gagnfræðingar og annað gott fólk með peningana mína í höndunum: Svona gerir maður ekki! Ekki aftur!

Skynsemi nú, ekki trú. Sundabraut með Laugarnesgöngum biti höfuðið af skömm sem ráðamenn okkar hafa þegar meitlað á sinn pólitíska grafstein. Því er enn hægt að afstýra.

Fyrir Sundabrautarpeningana er hægt að setja upp almenningssamgöngur sem virka. Byrja strax og fá af þeim gott gagn jafnvel hraðar en þeirri firrtu Laugarnesbuktar-Kjalarness peningagröf. Daglegt gagn frá Straumsvík að Sundahöfn, frá Gróttu að Gljúfrasteini. Flýta fyrir öllum íbúum, skera niður umferðarvandamálin, minnka mengun, plásssóun, olíueyðslu…

**Lestir væru enn verri hít**

Hvernig almenningssamgöngur þá? Léttlestir?

Úps, þar er þá kominn frasi sem gæti toppað Sundabraut í Kleppsarahjali. „Léttlestir“? Það fæst ekki einu sinni fólk í einstaka lestarvagna nú (þeir eru kallaðir strætisvagnar, nema þeir komist hvert sem er á gúmmíhjólunum sínum, ekki bara sporið sitt), nú á að hengja marga saman (er það ekki lest?) og láta ganga… Hvaðan og hvert? Já, hvaðan? Og hvert? Hvað mun það leysa? Hver mun í þeim sitja? Hver mun fyrir borga?

Slíkt kerfi kostar peningahaf fyrir útum-allar-koppagrundir þorpið okkar. Eigi kerfið að standa undir sér yrði fargjaldið að toppa leigubílsfar. Hver metri af slíku (ósveigjanlegu) kerfi kostar íbúðarverð, meira en margar milljónaborgir með 10-20 földum byggðaþéttleika sjá vit í að starta, fyrir utan landrýmið, sem þá væntanlega bætist við það sem fer undir átta akreinar einkabílismans. Eða á að fara í rokið yfir þökunum? Á ég að fá lestarteina yfir húsið mitt? Í gegn um húsið mitt?

Skynsemi nú.

*Höfundur starfar við farartækjahönnun.*

FÍR
FÉLAG ÍSLENSKRA RAFVIRKJA

**Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja**

Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja verður haldinn mánudaginn 28. apríl 2008 kl. 18 að Stórhöfða 31, Grafarvogsmegin.

**Dagskrá:**
Venjuleg aðalfundarstörf.
Kosning fulltrúa á ársfund lífeyrissjóðsins Stafa.
Kynning á starfsemi lífeyrissjóðsins Stafa.
Önnur mál.

*Kveðja*
Stjórnin

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Ferðamannaferja eða samgönguæð?

**Matthías Kristinsson, fyrrverandi skólastjóri, skrifar:**

Í fréttaviðtali við Pétur Ágústsson, framkvæmdastjóra Sæferða, í Ríkissjónvarpinu sl. sunnudagskvöld kom það fram, að til stæði að hætta ferðum yfir Breiðafjörðinn yfir vetrarmánuðina, en leggja þess í stað aðaláherslu á ferðir um ferðamannatímann á sumrin. Þessi afstaða kemur fólki að sjálfsögðu afar undarlega fyrir sjónir, því að á sumrin eru samgöngur á landi greiðar og er þá síður þörf á ferju eins og Baldri. Hins vegar er ekki alltaf gefið að landsamgöngur eða flugsamgöngur séu fyrir hendi á veturna og er þá þörfin fyrir ferju á þessari leið afar brýn og nauðsynleg því fólki sem býr við norðanverðan Breiðafjörðinn og á sunnanverðum Vestfjörðum. Þetta ætti framkvæmdastjóri Sæferða auðvitað að vita, sem og fjárveitingavaldið. Það er því von að spurt sé: Er ferjan Baldur fyrst og fremst fyrir ferðamenn en ekki samgönguæð þeirra sem búa við Breiðafjörðinn?

### Allt í lagi, Geir

**Stefán Máni rithöfundur skrifar um eldsneytisverð:**

Allt í lagi, Geir. Þú vilt ekki semja við ofbeldismenn. En hvers á almenningur að gjalda? Eru meintir ofbeldismenn þeir einu sem kaupa eldsneyti á okurverði? Er ekki lag fyrir hið opinbera að koma til móts við neytandann og lækka álögur á eldsneyti? Setja kannski á fast lítragjald í stað prósentu? Eða er hið opinbera að nota sér reiði trukkabílstjóranna til að slá þessu á frest eða drepa málinu á dreif? Því trúi ég varla. Að lokum: Geir, þú semur auðvitað ekki við ofbeldismenn. Þú sýnir einfaldlega almenningi að þér sé ekki sama um hann og breytir lögunum þess vegna. Þetta er ekki „þú og þeir“, Geir. Þetta erum við; kjósendur; Íslendingar; almenningur. Og hið opinbera ert þú. Einn af okkur. Ekki satt?

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

MBA
CHANGE | LEAD | INNOVATE

ALÞJÓÐLEGT MBA-NÁM Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Alþjóðlegur hópur framúrskarandi kennara frá viðskiptaháskólum beggja vegna Atlantshafsins sem raða sér í efstu sæti í alþjóðlegum samanburði á MBA-námi
Áhersla á sérfræðiþekkingu, persónulega færni og alþjóðlega færni
Námið fer fram á ensku
Sterk tengsl við atvinnulífið

KYNNTU ÞÉR MBA-NÁM Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK BEINT Í TÍMA HJÁ KENNARA OG Í SAMTÖLUM VIÐ NEMENDUR


Dr. Joe Pons

Föstudagur 25. apríl kl. 11.30–13.00 – Kennslufundur með Dr. Joe Pons
Dr. Joe Pons veitir innsýn í kennslustund í MBA-náminu í HR í umræðum um raundæmi (case). Frábært tækifæri fyrir alla sem eru að velta fyrir sér MBA-námi á Íslandi eða í útlöndum til að prófa að setjast á skólabekk! Skráðu þig á mba@ru.is og fáðu raundæmið sent til þín fyrir „tímann“.


Þorbjörg Jónsdóttir


Þorgeir Pálsson


Samúel Guðmundsson

Miðvikudagur 14. maí kl. 12.00–13.00 – Stefnumót við nemendur
Fáðu upplýsingar um MBA-námið í HR – kennsluna, aðstöðuna og námið – beint frá núverandi og fyrrverandi nemendum.
Þorbjörg Jónsdóttir, MBA 2009
Þorgeir Pálsson, MBA 2008
Samúel Guðmundsson, MBA 2007

95% MBA-nemenda við HR segja að námið hafi gert þá hæfari og betri í starfi.*
91% MBA-nemenda við HR segja að námið hafi aukið möguleika þeirra á vinnumarkaðnum.*
*Samkvæmt könnun meðal allra útskrifaðra nemenda frá 2002 til 2007.*

Fundirnir fara fram í HR, Ofanleiti 2, 3. hæð.
Líttu á vefinn okkar fyrir nánari upplýsingar um MBA-námið, **www.ru.is/mba**, eða hringdu í Hrafnhildi (599 6506) eða Aðalstein (599 6430).

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-0628




**1.599** kr/kg. áður 2.498 kr/kg.
Goða grísalund meistarans




**179** kr/kg. áður 598 kr/kg.
Goða lambasvið




**335** kr/pk. áður 669 kr/pk.
Goða sænskar kjötbollur




**99** kr/kg. áður 403 kr/kg.
Cajun kjúklingavængir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 24. apríl til 27. apríl eða á meðan birgðir endast
www.netto.is




**398** kr/pk. áður 568 kr/pk.
Goða alvöru hamborgarar




**395** kr/stk. áður 799 kr/stk.
Luminarc eldfastmót 35 x 27




**39** kr/stk. áður 98 kr/stk.
Sunkist orange 33 cl.




**149** kr/pk. áður 298 kr/pk.
Werthers rolls 4 pk.




**149** kr/stk. áður 298 kr/stk.
Colgate tannbursti sensation med

**WILLIAM SHAKESPEARE SKÁLD LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1616.**

*„Minna gáfaðir menn telja sig jafnan vitra en þeir vitru þekkja takmarkanir sínar.“*

***Shakespeare er eitt þekktasta skáld heims og flestir þekkja Rómeó og Júlíu, ásamt Hamlet og Óþelló.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 23. APRÍL 1923

## Degi bókarinnar fagnað í fyrsta sinn



Dagur bókar og höfundarréttar er í dag. Hann var í fyrsta sinn haldinn hátíðlegur meðal bóksala árið 1923 í Katalóníu á Spáni. Upphaflega var það til að heiðra skáldið Miguel de Cervantes sem lést þennan dag.

Dagurinn varð síðan hluti af hátíð í kringum dag heilags Georgs, en skáldið William Shakespeare lést einnig þennan dag árið 1616. Árið 1995 ákvað UNESCO að gera dag bókarinnar einnig dag höfundarréttar og að honum skyldi fagnað um heim allan, sérstaklega þar sem William Shakespeare lést einmitt þennan dag, auk skáldanna Incas Garcilaso de la Vega og Joseps Pla. Einnig er hann haldinn til að fagna fæðingardegi Maurice Druon, Vladimirs Nabokov, Manuels Mejía Vallejo og Halldórs Laxness. Á Íslandi mun Rithöfundasamband Íslands halda daginn hátíðlegan í dag og vera með dagskrá helgaða aldarminningu Steins Steinarrs. Dagskráin ber yfirskriftina „Ég kvaðst á við fjandann“ og hefst í Iðnó kl. 20. Þar munu skáldin Bragi Ólafsson, Gerður Kristný, Kristján Þórður Hrafnsson, Linda Vilhjálmsdóttir, Matthías Johannessen, Óskar Árni Óskarsson og Sigurður Pálsson flytja ljóð eftir Stein Steinarr. Aðgangur er ókeypis og opinn öllum. Sjá upplýsingar um dag bókarinnar: www.worldbookday.com

### MERKISATBURÐIR

- **1935** Pólverjar taka í gildi nýja stjórnarskrá.
- **1964** Leikfélag Reykjavíkur hélt upp á 400 ára afmæli Shakespeares með hátíðarsýningu á Rómeó og Júlíu.
- **1961** Judy Garland kom fram í Carnegie Hall.
- **1983** Kvennalistinn fékk þrjár konur kjörnar á Alþingi en aðrir listar fengu samtals sex.
- **1992** Halldór Laxness varð níræður og af því tilefni var farin blysför að Gljúfrasteini og efnt til leiksýninga.
- **1997** Omaria-fjöldamorðin áttu sér stað í Omaria, litlu þorpi í suðurhluta Alsír, 42 þorpsbúar, konur og börn voru drepin.

### AFMÆLI



**HILMAR ÖRN HILMARSSON** allsherjargoði og tónskáld. 50 ára.

**JÓN ÞÓR BIRGISSON, JÓNSI** söngvari Sigur Rós, 33 ára.





**MAGNÚS VER MAGNÚSSON** kraftlyftingamaður, 45 ára.



**SHIRLEY TEMPLE** fyrrverandi Hollywood-barnastjarna. 80 ára.

**ÞRÖSTUR LEÓ** Gunnarsson leikari, 47 ára.



**HALLA MARGRÉT** Árnadóttir söngkona, 44 ára.



MENNTASKÓLINN Á LAUGARVATNI: FIMMTÍU OG FIMM ÁR FRÁ STOFNUN

## Skólavistin gengur í ættir

Menntaskólinn á Laugarvatni í Bláskógabyggð var formlega stofnaður sem sjálfstæður framhaldsskóli í apríl árið 1953. Hann var byggður á grundvelli gamla Héraðsskólans á Laugarvatni sem starfrækti svokallaða Skálholtsdeild. Þar var kennt námsefni fyrsta árs menntaskóla frá árinu 1947 og nemendur þaðan voru útskrifaðir í samstarfi við Menntaskólann í Reykjavík.

Við formlega stofnun Menntaskólans að Laugarvatni voru nemendur fimmtíu og tveir talsins. Fyrsti skólameistari var dr. Sveinn Þórðarson og hann veitti skólanum forstöðu á árunum 1953-1959. Einnig má nefna aðild Jónasar Jónssonar frá Hriflu sem studdi stofnun skólans af alefli.

Í dag eru nemendur tæplega hundrað og þrjátíu talsins, þar af eru níutíu prósent nemenda á heimavist skólans. „Menntaskólinn á Laugarvatni hefur frá upphafi verið heimavistarskóli og var stofnaður til að veita nemendum úr dreifðri byggð aðgang að framhaldsskólanámi,“ segir Halldór Páll Halldórsson, skólameistari. „Á þeim tíma var framhaldsskólanám á borð við háskólanám í dag og nemendur úr dreifðri byggð áttu síður kost á að sækja nám til Akureyrar og Reykjavíkur sökum fjárhags. Heimavistarskóli var því hagkvæmur kostur á þessum tíma,“ segir Halldór Páll, sem sjálfur er frá Grafarfirði og útskrifaðist frá Laugarvatni árið 1977, en Snæfellingar sóttu mikið í skólann á þeim tíma.

„Laugarvatn hefur verið mjög vinsælt meðal nemenda úr dreifðum byggðum landsins. Þetta hefur þó breyst nokkuð síðan ég hóf störf árið 2001. Þá voru nemendur af Suðurlandi tæplega fimmtíu prósent en hefur fjölgað í tæp áttatíu prósent í dag,“ útskýrir Halldór Páll, sem telur þetta stafa af breyttu námsframboði í öðrum framhaldsskólum á landinu.

Langflestir nemenda eru sem fyrr segir á heimavistinni, en að sjálfsögðu búa þeir sem geta heima ef þess er kostur. „Byggðin í uppsveitum Árnessýslu er frekar dreifð og hér á Laugarvatni eru aðeins hundrað og fimmtíu með lögheimili,“ útskýrir Halldór Páll sem segir vistarlífið vera ákveðna menntun út af fyrir sig. „Þeir sem hafa verið hérna á vistinni bera skólanum vel söguna. Þarna myndast ævilöng vinátta og þetta er ööruvísi og gífurlega þroskandi undirbúningur fyrir lífið. Krakkarnir hafa stöðugt aðgengi að skólafélögum sínum, sem er líka mikill kostur í náminu. Síðan held ég kannski að í sumum tilvikum þyki foreldrum erfiðara en krökkunum að flytja á vistina,“ segir Halldór Páll og heldur áfram: „Við erum þó í heilmikilli samkeppni við „hótel mömmu“ og þjónustustigið er mjög hátt. Við bjóðum enda fullt fæði allan daginn og þvottahús sem meira að segja brýtur saman þvottinn.“

Í boði eru þrjár brautir sem eru náttúrufræða-, félagsfræða- og málabraut. Mikil hefð er fyrir íþróttaíðkun og Halldór Páll segir ákveðið samstarf vera við íþróttakennaraháskólann um valáfanga og nefnir meðal annars útivistaráfanga. Þó tekur Halldór Páll fram að markmiðið sé aðallega að búa nemendur sem best undir háskólanám, bæði hérlendis og erlendis.

„Sérstaða okkar er fyrst og fremst þessi nánd milli nemenda og starfsmanna. Við erum með fáa nemendur í bekkjakerfi sem ég tel vera einn helsta kost skólans. Auk þess er hann mjög ríkur af hefðum og sögu en um leið vel tækjum og tækni búinn og framsækinn mjög, þannig að þrátt fyrir ríka sögu stöðnum við ekkert í fortíðarþránni,“ segir Halldór Páll hlæjandi, og bætir við að skólavist að Laugarvatni gangi svolítið í ættir. „Mjög margir nemendur eiga systkini eða foreldra sem hafa verið hér. Það finnst mér segja mikið, og kannski mest um líðan nemenda hérna í Menntaskólanum á Laugarvatni.“



**ÆVILÖNG VINÁTTA** Halldór Páll Halldórsson, skólameistari Menntaskólans á Laugarvatni segir einn helsta kost skólans sé nánd nemenda og starfsmanna.

rh@frettabladid.is

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Sveinsdóttir**

frá Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum,

sem lést 10. apríl sl. verður jarðsungin frá Bústaðakirkju föstudaginn 25. apríl kl. 13.00.

**Leifur Þorsteinsson** — **Sigríður S. Frðgeirsdóttir**
**Sturla Þorsteinsson** — **Ingibjörg Haraldsdóttir**
**Áshildur Þorsteinsdóttir** — **Lúðvík Friðriksson**
**og barnabörn.**

---



*Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórey Þorbergsdóttir**

sjúkraliði, Laugarnesvegi 89,

lést á Landspítalanum mánudaginn 21. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Hrafnhildur, Dave og fjölskylda.**

---



*Elsku móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Guðrún Á. Magnúsdóttir**

Hléskógum 16, Reykjavík,

lést laugardaginn 19. apríl á Landspítalanum Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 25. apríl kl. 13.00.

**Vigdís E. Vignisdóttir** — **Bjarni Þór Ólafsson**
**Davíð Örn Vignisson** — **Sunna Miriam Sigurðardóttir**
**Andri Reyr Vignisson** — **Sandra Brynjólfsdóttir**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær frænka okkar,*

**Guðlaug Baldvina Kristjánsdóttir**

frá Uppsölum, Svarfaðardal,
sem lést á Dalbæ, Dalvík þann 17. apríl,

verður jarðsungin frá Dalvíkurkirkju föstudaginn 25. apríl kl. 13.30. Jarðsett verður í Vallakirkjugarði. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Vallakirkju.

**Kristján Jónsson**
**Lára Stefánsdóttir**

---



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bjarni Jóhannsson,**

Blásölum 24, Kópavogi,

andaðist á Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi, sunnudaginn 20. apríl.

**Guðný Þorgeirsdóttir,**
**Íris Bjarnadóttir** — **Kristmar Ólafsson**
**Jóhann Bjarnason** — **Sigríður Vilhjálmsdóttir**
**Björgvin Bjarnason** — **Guðbjörg Elín Ragnarsdóttir**
**Skúli Eyjólfur Bjarnason**
**Guðný Bjarnadóttir** — **Sveinbjörn Sigurðsson**
**Guðrún Bjarnadóttir** — **Þorgeir Reynisson**
**Hjördís Bjarnadóttir** — **Ingi Þór Guðmundsson**
**afa- og langafabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

**EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI 30% AFSLÁTTUR**

**HEILL KRYDDAÐUR FERSKUR KJÚKLINGUR 40% AFSLÁTTUR**

TILBÚINN Í OFNINN - Í ÁLBAKKA




KF einiberjakryddað lambalæri
**1399 kr./kg.** *MERKT VERÐ 1998 KR./KG.*




Bónus ferskur heill kryddaður kjúklingur
**539 kr./kg.** *MERKT VERÐ 899 KR./KG.*

**FROSIN LAMBASVIÐ 50% AFSLÁTTUR**




KS frosin lambasvið
**199 kr./kg.** *MERKT VERÐ 399 KR./KG.*

**SVEITABJÚGU 25% AFSLÁTTUR**




KF sveitabjúgu
**299 kr./kg.** *MERKT VERÐ 399 KR./KG.*

**LAMBA-SIRLOIN GOTT Á GRILLIÐ**

*ÞIÐNAR Á EINNI KLST. Í KÖLDU VATNI.*




KS frosnar lamba-sirlonsneiðar
**aðeins 998 kr./kg.**

*ALLT AÐ 50% LÆGRA VERÐ*




KF heimilispylsur
**477 kr./kg.** *MERKT VERÐ 635 KR./KG.*




Nautaat íslenskir ungnautahamborgarar
*4 STK M/BRAUÐI* **489 kr. pakkinn.**




Fanta 2 ltr. **98 kr.**




Bónus fetaostur 250g í gleri **198 kr.**




Bónus íspinnar 24 stk.
20.75 kr/stk. **498 kr.kassinn**




Bónus ís 2 ltr. **198 kr.**
Súkkulaði og vanillu

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAG 12.00-18.30.

# Sumar-gjafir



**Glampandi geggjaðar**
Skínadi sparibaukar, silfurlitir, gylltir, fjólubláir og bleikir. Endur með fjaðurskraut um hálsinn og kórónu á kollinum. Alveg snargeggjaðar ... 400 krónur stykkið.



**Einn hundur í hendi ...**
... er betri en tveir úti á Geirsnefi. Þessi litla handtaska kostar 400 krónur.



**Fáðu þér hænublund ...**
... með dúnmjúkan hænupúða undir vanga. Fæst í gulu og bleiku og kostar 400 krónur.



**Do - re - mi.**
Vibrafónn með málmnótum og trékjuðum. Átta tærir tónar fyrir 400 krónur. Mikið úrval af öðrum hljóðfærum

TIGER
Villidýr á verði

Kringlan - Smáralind - Laugavegur 13 - Glerártorg Akureyri

Sendum í póstkröfu: tiger.kringlan@simnet.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA Kurteisi og kurteisi

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** FÉKK HARÐSPERRUR Í BROSVÖÐVANA



Ég fór á flengferðalag um Bandaríkin í síðustu viku, í minni fyrstu ferð vestur um haf. Ég flaug til New York, gisti á hóteli og flaug eldsnemma morguns til Louisiana, dvaldi þar í tvo daga, flaug til baka, varði nokkrum klukkutímum á rölti í fyrirheitnu borginni, og flaug aftur heim á leið. Ansi strembið ferðalag og merkilegt um margt – ekki síst uppgötvunina sem ég gerði þegar ég settist, dauðþreytt, upp í Icelandair-vél.

Allir þeir Bandaríkjamenn sem ég komst í tæri við á þessu flengferðalagi mínu um landið voru svo kurteisir og elskulegir að ég fór nánast hjá mér. Afgreiðslufólk hafði miklar áhyggjur af því hvort reynsla mín af því að versla hjá því hefði ekki verið ánægjuleg, óskaði mér góðra stunda í gríð og erg og brosti þar til mig var farið að verkja í kinnarnar af að svara í sömu mynt. Það sama gilti um hótelstarfsmenn, sem nánast héldu á mér upp í leigubíl, þó að ég hefði bara spurt hvar þá væri að finna. Í eina skiptið sem fólki fataðist kurteisisflugið var þegar ég bað um latte úr venjulegri mjólk. Þá var starað.

Þegar ég kom mér fyrir í Icelandair-vélinni að ferðalagi loknu uppgötvaði ég af hverju útlendingum finnst við Íslendingar stundum svolítið kaldranalegir í framkomu. Íslenska kurteisin er bara af öðrum toga. „Kaffi? Kaffi? Kaffi?“ – mantra íslensku flugfreyjanna er fullkomlega kurteis á okkar mælikvarða. Bandaríkjamönnum bregður hins vegar eflaust í brún yfir því að þær bjóði ekki öllum farþegum góðan daginn, inni þá eftir heilsu fjölskyldu þeirra, almennri líðan í dag og í gær, eða fái strengi í kinnarnar af brosi.

Það er vissulega gott að líða eins og nafla alheimsins í verslunarferðum, en ég er ekki sannfærð um að stelpunum í Sephora hafi þótt alveg jafn vænt um mig og þær gáfu í skyn. Kannski eru „Kaffi? – Já, takk“ – samskiptin bara þægilegri eftir allt saman. Og það er örugglega leiðinlegt að eiga við harðsperrur í brosvöðvunum.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Helga flytur mögnuð verk frá þremur löndum

**Tónleikaröðin Tónsnillingar morgundagsins heldur áfram í Salnum í kvöld með tónleikum fiðluleikarans Helgu Þóru Björgvinsdóttur sem útskrifaðist á síðasta ári frá Listaháskólanum í Berlín með hæstu einkunn. Meðleikari Helgu á tónleikunum er Kristinn Örn Kristinsson píanóleikari, en hann er jafnframt listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar.**



**HELGA ÞÓRA OG KRISTINN ÖRN** Koma fram á tónleikum í Salnum í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Helga útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands vorið 2004 og hélt þá um haustið út til Berlínar til frekara náms. Hún segir Berlínardvölina hafa gefið sér mikið. „Berlín er æðisleg borg og það var algerlega mögnuð reynsla að hafa tækifæri til að upplifa allt þetta menningarlíf, sem er á heimsmælikvarða. Sérstaklega fannst mér gott að geta brugðið mér í Fílharmóníuna og upplifað ótrúlega tónleika með einni af bestu sinfóníuhljómsveitum heimsins og fá að sjá alla helstu einleikarana koma þar fram. Slíkir tónleikar voru mér mikil uppspretta innblásturs.“

Listaháskólinn í Berlín er virtur skóli og á hverju ári komast þar færri að en vilja. Það má því áætla að það sé töluvert afrek að útskrifast þaðan með hæstu einkunn, eða hvað? „Ég veit ekki hvað það eru margir á ári hverju sem útskrifast með hæstu einkunn. Ég var reyndar hæst í mínum bekk, en ég veit ekki hvort þetta er eitthvert sérstakt afrek,“ segir Helga hógværðin uppmáluð.

Tónleikarnir í Salnum verða fyrstu einleikstónleikar Helgu á Íslandi frá því að hún lauk námi í Þýskalandi. Á efnisskránni eru Sónata fyrir fiðlu og píanó í f-moll, op. 80 eftir Prokofiev, Sónata fyrir einleiksfiðlu í E-dúr eftir J. S. Bach og Sónata fyrir fiðlu og píanó í g-moll eftir Debussy. „Þessi verk eru öll mögnuð en eru samt frekar ólík; það mætti þannig segja að þau séu ágætir fulltrúar sinna landa, Rússlands, Þýskalands og Frakklands. Að auki lék ég verkið eftir Debussy á útskriftartónleikunum mínum í Berlín og því langaði mig til að flytja það á fyrstu eiginlegu tónleikunum mínum á Íslandi,“ útskýrir Helga.

En hvað ætli framtíðin beri í skauti sér fyrir þessa ungu tónlistarkonu? Helga kveðst ekki hafa niðurnjörvaða langtímaáætlun, en hún hefur þó ótvíræðan metnað. „Ég er sem stendur í námi í París, sem er ekki síðri menningarborg en Berlín, og ég verð þar áfram næsta árið. En svo veit ég ekki hvað tekur við að því loknu; ég stefni að því að starfa sem fiðluleikari og langar því að komast að í hljómsveit, annað hvort hér heima eða erlendis.“

Tónleikar Helgu Þóru hefjast kl. 20. Miðaverð er 2.000 kr., en eldri borgarar, öryrkjar og námsmenn fá miðann á 1.500 kr.

vigdis@frettabladid.is

# Gátan um Saint-Exupéry leyst?

Í seinni heimsstyrjöldinni hvarf fjöldi manna sporlaust. Einn af þeim þekktustu er án efa flugmaðurinn og rithöfundurinn Antoine de Saint-Exupéry sem kunnastur er fyrir hugljúfa sögu sína um Litla prinsinn.

Saint-Exupéry flaug af stað frá eyjunni Korsíku í júlí árið 1944 og sást aldrei aftur. Ýmsar getgátur hafa verið uppi um örlög hans; margir töldu að vélarbilun hefði valdið því að hann hrapaði, aðrir vildu meina að hann hefði framið sjálfsmorð. Enn aðrir héldu því fram að hann hefði verið skotinn niður af þýska hernum. Nú virðist sem þessi síðastnefndi hópur hafi átt kollgátuna þar sem nýverið kom í ljós vitnisburður sem styður kenninguna.

Árið 1998 fengu nokkrir sjómenn frá Korsíku armband sem merkt var Saint-Exupéry í netin hjá sér. Í kjölfar þessa fundu kafarar brak flugvélar hans en jarðneskar leifar rithöfundarins var hvergi að finna. Skammt frá fundust leifar annarrar flugvélar sem reyndist hafa tilheyrt þýska flughernum. Í kjölfarið fór einn kafaranna, Lino von Gartzen, að grafast nánar fyrir um þá sveit þýska flughersins sem flaug á svæðinu undir lok stríðsins. Hann hafði uppi á flugmanni úr sveitinni, Horst Rippert, til að kanna hvort hann vissi til þess að einhver félaga hans hefði flogið daginn



**ANTOINE DE SAINT-EXUPÉRY** Hvarf sporlaust árið 1944, en skildi eftir sig sígilda barnabók.

örlagaríka þegar Saint-Exupéry hvarf. Við fyrirspurnina kom heldur óvænt svar frá hinum 86 ára Rippert: hann kvaðst sjálfur hafa skotið flugvél rithöfundarins niður. Rippert, sem var aðeins 22 ára þegar þetta var, var mikill aðdáandi Saint-Exupéry og honum var því mjög brugðið þegar hann frétti af hvarfi þessarrar hetju sinnar, aðeins degi eftir að hann hafði sjálfur skotið niður flugvél rétt utan við strendur Korsíku. Hann varð umsvifalaust viss um að hann bæri sök á hvarfi Saint-Exupéry, en sagði engum frá grun sínum fyrr en von Gartzen bar að garði.

Engin leið er að sanna fullyrðingar Ripperts, en enn sem komið er verður útskýring hans að teljast ein sú sennilegasta sem fram hefur komið varðandi dularfullt hvarf Saint-Exupéry. - vþ

KRINGLU KRÁIN
Rokksveit Rúnars Júlíussonar í kvöld
Fjölbreyttur sérréttaseðill og tilboðsmatseðill á leikhúskvöldum

# Komu sumars fagnað með brúðum og leikjum

Sumarið er rétt handan við hornið ef marka má dagatalið, þó svo að veðurguðirnir virðist ekki alltaf vera fyllilega með á nótunum. Á morgun verður komu sumars fagnað víða um land með margvíslegum uppákomum. Á Þjóðminjasafni Íslands verður boðið upp á dagskrá helgaða börnum og brúðum. Meðal annars verður hægt að sjá Gangandi brúðuleikhús þeirra Konstantins Shcherbak og Maríu Bjarkar Steinarsdóttur sem verða með leiksýningar klukkan 14 og 16 á morgun.

Aðalbrúða sýningarinnar er hin rússneska karnivalsbrúða Petrushka sem skapar vissa tengingu við rússneska alþýðumenningu. Konstantin og María endurskapa þannig hefðbundið rússneskt brúðuleikhús með brúðunni Petrushka og flutningi á alþýðutónlist.

Í tilefni dagsins verður líka opnuð sýning á gömlum brúðum úr eigu safnsins á Torginu, sungið verður með börnunum, farið í hópleiki og boðið upp á listasmiðju. Börn og fullorðnir geta svo líka fetað saman Fræðsluspor fjölskyldunnar í Þjóðminjasafninu, skemmtilegar leikjaþrautir sem má leysa um leið og grunnsýningin er skoðuð. Fræðslusporin má nálgast í afgreiðslunni ásamt hinum sívinsælu ratleikjum: Hvar eru dýrin? Hvar eru konurnar? Hvar eru beinin og tennurnar? og Hvar eru kynjaverurnar? Dagskráin hefst klukkan 14 en opið hús er allan daginn frá 11 til 17 og ókeypis inn. - vþ



**ÞJÓÐMINJASAFNIÐ** Stendur fyrir skemmtilegri fjölskyldudagskrá á sumardaginn fyrsta.

# Síbreytileg náttúran

Myndlistarkonan Guðný Svava Strandberg sýnir málverk í Geysi Bistro bar, Aðalstræti 2, til 15. maí næstkomandi. Sýningin er opin alla daga vikunnar frá kl. 11.30 til 22.

Á sýningunni, sem hlotið hefur nafnið Eldur, ís og ævintýri, vinnur Guðný Svava með hlýnun jarðar og skyldi engan undra, enda eru umhverfismál talsvert í umræðunni um þessar mundir. Í verkunum má sjá breytilega náttúru sem verður meðal annars fyrir áhrifum af lifnaðarháttum okkar mannanna.

Áhugasömum er bent á að Guðný tekur þátt í samsýningu sex myndlistarkvenna í Ráðhúsi Reykjavíkur í ágúst. - vþ



**MYND Á SÝNINGUNNI ELDUR, ÍS OG ÆVINTÝRI** Guðný Svava vinnur verk sín út frá hugmyndum um hlýnun jarðar.


GULLSMIÐJAN
Guðrún Bjarnadóttir Gullsmiður
LÆKJARGATA 34C
HAFNARFIRÐI
565 4453
GULLSMIÐJAN.IS

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið um helgina
Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri.
Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Sá ljóti e. Marius von Mayenburg
sýn. fim. 24/4 uppselt, fös. 25/4 uppselt
Engisprettur e. Biljana Srbljanovic
sýn. fim 24/4, fös. 25/4 örfá sæti laus
Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. lau. 26/4 sýningum að ljúka
Sólarferð e.Guðmund Steinsson
Tvær sýningar lau. 26/4 örfá sæti laus
sýn. sun. 27/4 örfá sæti laus
Skilaboðaskjóðan e. Þorvald Þorsteinsson
sýn. sun. 27/4 uppselt
Athugið aukasýning 4. maí!

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

> SEND Í ÞJÁLFUN

Breska söngkonan Leona Lewis er farin að finna fyrir pressunni sem fylgir því að ætla að meika það vestanhafs, því ráðgjafar hennar telja nú nauðsynlegt að hún fari í átak, þar sem hún þurfi að vera „kynþokkafyllri“ til að ná árangri á borð við söngkonur eins og Madonnu og Mariuh Carey. Þjálfarinn sem losaði Mariuh við aukakílóin hefur verið ráðinn til að koma Leonu í form.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Skórinn níddur af Eurobandinu

Slúðurvefurinn Heckler Spray hefur að undanförnu tjáð sig um lögin í Eurovision. Í gær tók vefurinn fyrir okkar fólk og fer háðulegum orðum um Eurobandið og lagið. Gagnrýnin felst aðallega í misskilningi enda þekkja Bretarnir ekki íslenska stafinn „ð“ og halda að þetta sé „o“.

„Ókei, til að byrja með – Eurobandio. Eurobandio. Hvað eruði að spá?“ spyr Heckler Spray og heldur áfram: „Á meðan þið eruð með nafn eins og Eurobandio mun enginn kjósa ykkur nema þeir sem halda að atkvæði greitt til ykkar þýði að risavaxnir menn komi og sprauti eitri í hálsinn á ykkur. Í öðru lagi – This Is My Life? Í alvöru? Hverjum er ekki sama hvernig líf ykkar er. Þið eruð kölluð Eurobandio, andskotinn hafiða! Þar að auki lítið þið út eins og systkini sem stunda sifjaspell og lagið hljómar eins og biðtónlist á samkynhneigðri stefnumótalínu.“

Netritið hefur áður verið neikvætt í okkar garð. Í fyrra var Eiríki Haukssyni lýst sem miðaldra eftirlíkingu af Meat Loaf. Þeim sem taka þessa óvægnu gagnrýni inn á sig er bent á að netritið hefur talað illa um nánast öll lögin í ár og með síst óvægnari orðum en þeim sem það dembir yfir okkur.


**EUROBANDIO, ANDSKOTINN HAFIÐA!** Heckler spray veit ekkert í sinn haus.

EUROVISION 30 DAGAR TIL STEFNU


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

Miele S381 Tango Plus 1800W mótor

**Meðal fáanlegra fylgihluta:**
Hepafilter: Hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
Kolafilter: Hreinsar óæskilega lykt. Góður fyrir gæludýraeigendur.
Parketbursti: Skilar parketinu glansandi.

**Miele ryksugur**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

**TILBOÐ kr.: 18.900**

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200 www.eirvik.is


# Vinsælastur í Boston

Baldur Héðinsson er vinsælasti plötusnúðurinn í Boston, annað árið í röð. Lesendur vikublaðsins The Phoenix endurtóku nýlega leikinn frá því í fyrra og kusu Baldur, sem gengur undir nöfnunum DJ Baldur og DJezus ytra, besta plötusnúðinn. Í umsögn um Baldur á heimasíðu The Phoenix, þar sem hægt er að kynna sér niðurstöður úr þessari viðamiklu kosningu, segir meðal annars að hann blandi saman mínímalískum en fjörugum elektró-töktum, „sumum með stemningu sem væri best hægt að lýsa sem kelerís-tónlist fyrir kynþokkafull vélmenni“.

Baldur stundar doktorsnám í hagnýtri stærðfræði við Boston University, og sér fram á að dveljast þar næstu eitt, tvö árin. Hann bregður sér hins vegar reglulega í heimsókn hingað til lands, og er næst væntanlegur í lok maí. „Ég var einmitt að senda Árna E. á Kaffibarnum póst, þannig að hver veit nema að ég verði að spila þar helgina 23. til 24. maí?,“ segir Baldur.


**SIGRAÐI AFTUR** Lesendur vikublaðsins The Phoenix kusu Baldur Héðinsson besta plötusnúðinn í Boston annað árið í röð.

Hann segir það mikinn heiður að hljóta kosningu tvö ár í röð. „George Bush var líka kosinn tvisvar í röð, bandaríska þjóðin veit greinilega hvað hún er að gera,“ segir hann, svo örlar á kaldhæðni.

Þeir sem eru forvitnir um Baldur geta kíkt á heimasíðuna www.djezus.org, eða á myspace.com/baldur. - sun

# Sömdu við Ronaldo

Fyrirtækið Soccerade International, sem er í meirihlutaeigu Íslendinga, hefur samið við fótboltakappann Cristiano Ronaldo um að vera andlit íþróttadrykkjarins Soccerade og tengdrar vöru frá fyrirtækinu.

Drykkurinn verður settur á markað í nokkrum Evrópulöndum í sumar, þar á meðal Íslandi. Um er að ræða kolvetnisdrykk án koffíns og viðbætts sykurs. Fyrirtækið Rolf Johansen & Co er með sölurréttinn að Soccerade hérlendis en það tók einnig yfir umboðið fyrir Leppin á Íslandi fyrir nokkrum vikum. Á meðal íslenskra afreksmanna sem hafa notað Leppin eru Eiður Smári Guðjohnsen, Þórey Edda Elísdóttir, Ólöf María Jónsdóttir og Jón Arnór Stefánsson.


**CRISTIANO RONALDO** Soccerade International hefur samið við leikmann Manchester United, Cristiano Ronaldo.


Hefur þú nýtt þér þjónustu Impru?

www.impra.is

Viltu ná auknum árangri?

**Styrkir**

fyrir einstaklinga og fyrirtæki á landsbyggðinni

**Framtak:** *Styrkupphæð allt að* ***kr. 3.000.000***.
Styrkur til þróunar á þjónustu eða vöru í starfandi fyrirtækjum

**Skrefi framar:** *Styrkupphæð allt að* ***kr. 600.000***.
Styrkur til kaupa á ráðgjöf til nýsköpunar og umbóta í rekstri

**Frumkvöðlastuðningur:** *Styrkupphæð allt að* ***kr. 600.000***.
Styrkur til að þróa viðskiptahugmyndir frumkvöðla

Umsóknir um styrki eru afgreiddar mánaðarlega.

Næsti umsóknarfrestur er til ***15. maí 2008***.

Frekari upplýsingar og umsóknarblöð á ***www.impra.is*** og hjá Sigurði Steingrímssyni ***s. 460 7972***, ***sigurdurs@nmi.is***, og Guðmundi Óla Hilmissyni, ***s. 460 7977***, ***goh@nmi.is***.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Impra frumkvöðlar og sprotar



**ELVIS PRESLEY** Kóngurinn sjálfur skoðaði sig um í London fyrir fimmtíu árum.

# Elvis fór til Englands

Rokkkóngurinn Elvis Presley fór í leynilega heimsókn til Englands fyrir fimmtíu árum. Fór hann í skoðunarferð um London með söngvaranum Tommy Steele.

Hingað til hefur verið talið að Elvis hafi aldrei stigið fæti á enska grundu nema þegar hann millilenti á Prestwick-flugvellinum í Skotlandi árið 1960. Þá var hann á heimleið frá herþjónustu sinni í Þýskalandi. Framleiðandinn Bill Kenwright, vinur Tommy Steele, greindi frá hinni leynilegu heimsókn Elvis í útvarpsviðtali.




*Þú leggur fram 2.000 – við gefum þér 1.000*

**Þessi ávísun er 1.000 króna gjöf til þín frá bókaútgefendum og bóksölum.**
Ávísunin veitir þér 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Hún gildir í bókabúðum og á flestum útsölustöðum bóka þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir 3.000 kr. að lágmarki. Ef þig skortir meira fé til bókakaupa getur þú nælt þér í nýja ávísun í næstu bókabúð eða farið inn á bokautgafa.is og prentað meiri peninga.

9 773535 201747

*Gildir til 4. maí 2008*

# *Þjóðargjöf til Íslendinga*

Félag íslenskra bókaútgefenda og bóksalar ábyrgjast að Íslendingar geti sótt ótakmarkað fjármagn til bókakaupa á tímabilinu 22. apríl til 4. maí. Í dag fá íslensk heimili senda ávísun að andvirði 1.000 kr. sem nýta má til bókakaupa. Síðan er hægt að sækja fleiri ávísanir í næstu bókabúð og prenta sína eigin peninga að vild með því að fara inn á bokautgafa.is. Dæmið er einfalt: Við gefum þér 1.000 kr. Þú leggur fram 2.000 kr. Í staðinn færðu bækur: skemmtun, fróðleik og andlega næringu.

Ávísunin er frábært tækifæri fyrir foreldra til að leggja í framtíðarsjóð barnanna. Munum að bóklestur er grundvöllur námshæfni, málþroska og skilnings á samhengi. Leiðin til bætts námsárangurs er einföld:
***Meiri lestur!***
Ávísunin veitir 1.000 kr. afslátt af bókakaupum. Hún gildir í bókabúðum og á flestum útsölustöðum bóka þegar keyptar eru bækur útgefnar á Íslandi fyrir 3.000 kr. að lágmarki.

FÉLAG ÍSLENSKRA
BÓKAÚTGEFENDA




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| STREET KINGS LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 4 | |
| 21 | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |

AUKAKRÓNUR 5%

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| THE RUINS | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE BAND´S VISIT | kl. 6 ENSKUR TEXTI | |
| VANTAGE POINT | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| THE KING OF KONG | kl. 6 - 10.20 ÍSLENSKUR TEXTI | |
| TROPA DE ELITE | kl. 5.30-8- 10.20 ENSKUR T | 16 |
| CARAMEL | kl. 6 ENSKUR TEXTI | |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 6 - 8.30 - 11 | 16 |
| AWAKE | kl. 8 - 10 | 12 |
| 21 | kl. 6 - 9 | 7 |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | 16 |
| DOOMSDAY | kl. 10.20 | 7 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 | |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| STREET KINGS | kl. 8 - 10 | 16 |
| FORGETTING SARA MARSHALL | kl. 8 - 10 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 | |
| SUPERHERO MOVIE | kl. 6 | 7 |

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR




LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| DRILLBT TAYLOR | kl. 6, 8 og 10 | L |
| FORGETTING SARAH MARSHALL | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| BUBBI BYGGIR Í VILLTA VESTRINU | kl. 6 - 550 kr. | L |
| DEFINITELY, MAYBE | kl. 10.15 | L |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 6 | 7 |




SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU

| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 3:30 - 5:40 - 8 -10:20 | 10 |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| FORGETTING SARAH... | kl. 3:30 - 5:40 - 8 -10:30 | 12 |
| SHINE A LIGHT | kl. 8 - 10:30 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 5:30 | VIP |
| FOOL´S GOLD | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 4 - 6 | L |
| STEP UP 2 | kl. 3:30 | 7 |
| **KRINGLUNNI** | | |
| OVER HER DEAD BODY | kl. 3:50 - 5:50 - 8 -10:10 | 7 |
| P2 | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| STÓRA PLANIÐ DIGITAL | kl. 4D - 6D - 8D - 10D | 10 |
| JUNO | kl. 6 | 7 |
| HANNA MONTANA 3D-DIGITAL | kl. 4 (3D) | L |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| OVER HER DEAD BODY | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| FOOL´S GOLD | kl. 8 | 7 |
| DOOMSDAY | kl. 10:20 | 16 |
| **AKUREYRI** | | |
| DRILLBIT TAYLOR | kl. 8 | 10 |
| P2 | kl. 10:10 | 16 |
| DEFINETLY MAYBE | kl. 8 | L |
| SHINE A LIGHT | kl. 10:10 | L |
| **KEFLAVÍK** | | |
| FORGETTING SARAH... | kl. 8 - 10:20 | L |
| FOOL'S GOLD | kl. 8 | 12 |
| VANTAGE POINT | kl. 10:20 | 16 |

SparBíó 550kr Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU


# Rökkvi selur „skemmda vöru"

Uppistandarinn Rökkvi Vésteinsson hefur látið hanna fyrir sig stuttermaboli sem á stendur „skemmd vara". Allur ágóðinn af sölunni rennur til Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF.

„Ég er mikið í því að styrkja alls konar málefni og ef einhver pantar mig fer það allt í góðgerðarstarfsemi. Mér fannst fyndið að gera bol því umboðsmaðurinn minn fyrrverandi kallaði mig skemmda vöru," segir Rökkvi. „Mér finnst mjög skemmtilegt að ná að gera eitthvað gott úr því þegar það eru einhver rifrildi og leiðindi." Að sögn Rökkva hannaði Þórdís Clausen bolina eftir að grínistinn Þorsteinn Guðmundsson hafði bent honum á hana. Eru þeir fáanlegir bæði á heimasíðu og í verslunum Dogma sem sér um alla framleiðslu og sölu á bolunum.

Rökkvi kom nýverið fram í Hollandi og Belgíu, þrisvar sinnum í hvoru landi, og var hann sérlega ánægður með viðtökurnar í Belgíu. Að undanförnu hefur hann sett grínmyndbönd á heimasíðu sína, rokkvi.is, og hefur eitt þeirra, þar sem hann hleypur um Laugaveginn í Borat-skýlu, vakið mikla athygli. „Það hafa komið pantanir um að ég komi fram í þessari Borat-skýlu og það er eitt svoleiðis gigg fram undan," segir Rökkvi, sem er hvergi nærri af baki dottinn. - fb




**„SKEMMD VARA"** Rökkvi Vésteinsson í nýja stuttermabolnum sem hann hefur látið hanna fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Stefnt að styttri opnunartíma

**Kormákur Geirharðsson vert segir að sér virðist sem borgaryfirvöld ætli bakdyramegin í að stytta opnunartíma veitingahúsa. Ölstofunni hefur borist bréf frá borgaryfirvöldum þar sem segir að mælt verði með því að lokað verði klukkan þrjú en ekki hálf sex.**



**OPNUNARTÍMI TIL SKOÐUNAR** Kormákur Geirharðsson á Ölstofunni segir borgaryfirvöld ætla sér að stytta opnunartíma veitingahúsa. Rót vandans er reykingafrumvarpið, að sögn Kormáks, en stjórnvöld eru ófáanleg til að breyta um stefnu þar.

„Bæði við og á Vegamótum höfum fengið bréf frá umhverfis- og samgöngunefnd hjá Reykjavíkurborg þar sem þær mælast til að opnunartími okkar verði styttur úr hálf sex að morgni til klukkan þrjú. Á hæpnum forsendum," segir Kormákur Geirharðsson vert á Ölstofunni.

Veitingamenn í miðborg Reykjavíkur óttast nú mjög að að stefnt sé að því leynt og ljóst að stytta opnunartíma veitingastaða. Og telja sig hafa rökstuddan grun þess efnis. Er þá um að ræða staði á borð við Kaffibarinn, Óliver, Barinn og Q-bar. Kormákur segir borgina hafa gefið kost á andsvörum en þó sérkennilega lítinn miðað við hversu mikið sé í húfi eða þrjá daga. Þessar hæpnu forsendur sem Kormákur nefnir, aðspurður um hvaða röksemdir hafi fylgt af hálfu borgarinnar, segir hann vera fjölmargar skýrslur sem lögregla hafi lagt fram vegna hávaða utan Ölstofunnar.

„Lögreglan hefur lagt fram um 50 skýrslur, þar af um þrjátíu sem snúast um kvartanir frá íbúum. Við viljum fá sundurgreint frá hversu mörgum íbúum þetta er og á hvaða tíma? Við teljum okkur vita að þetta sé mest einn eða tveir sem hafa hringt í öll þessi skipti og kvartað," segir Kormákur.

Þá finnst honum það öfugsnúið að þegar þeir sjálfir hafa hringt í lögreglu vegna vandræða sem skapast hafa fyrir utan staðinn teljist slík skýrsla vegna vandamála tengdum Ölstofunni. „Ef lögreglunni er alvara um að vilja ná fram samvinnu við okkur er sérkennilegt að skrifa á okkar reikning þegar við hringjum í hana og bendum á það sem betur má fara."

Kormákur segir fyrirliggjandi að ónæði fylgi búsetu í miðborginni. Og fráleitt sé að ætla fáum að stjórna því hvernig 10 þúsund manns haga lífi sínu. Rót vandans liggur í reykingafrumvarpinu. Vertum var gert að vísa kúnnum sínum út til að reykja og þá byrjuðu vandræðin. Enginn vilji sé hins vegar hjá kerfinu að finna farsæla lausn á því vandamáli.

„Það er einhver mjög sérkennileg tregða í kerfinu núna. Fjöldi veitingamanna rekur staði sína samkvæmt bráðabrigðaleyfi. Samkvæmt reglugerð á afgreiðsla leyfisumsóknar að taka að hámarki sextíu daga. Við höfum nú beðið afgreiðslu í þrjá mánuði," segir Kormákur og telur að borgin vilji fara bakdyramegin að því að stytta opnunartíma vegna óska Stefáns Eiríkssonar lögreglustjóra.

Ölstofunni hefur ekki borist svar við andmælum sínum enn þrátt fyrir að hafa sent þau inn fyrir um mánuði. Hvorki tókst að ná tali af þeim Ólafi Kr. Hjörleifssyni, skrifstofustjóra borgarstjórnar, né Erni Sigurðssyni sviðsstjóra sem fara með þessi mál fyrir hönd borgarinnar. Ekki heldur Gísla Marteini Baldurssyni, formann umhverfis- og samgöngunefndar.

jakob@frettabladid.is

# Unnið úr sambandsslitum

Þegar leikkonan Sarah Marshall hættir með kærastanum sínum, lagahöfundinum Peter Bretter fer allt í vaskinn hjá honum. Í von um að endurnæra sjálfan sig fer hann í frí, þar sem hann óvart eltir uppi vandræðin; fyrrverandi kærustu sína og kærasta hennar.

Forgetting Sarah Marshall er nýjasta afsprengi Judds Apatow sem er á góðri leið með að vera einn ferskasti kvikmyndagerðarmaður draumasmiðjunnar. Það virðist sem flestar myndir sem hann kemur nálægt verði grínsmellir en fyrri verk hans hafa m.a. verið Knocked Up, Superbad og Anchorman. Og áfram heldur fjörið með Forgetting Sarah Marshall.

Myndin er frumraun leikstjórans Nicholas Stoller, sem skrifaði m.a. Fun with Dick and Jane hér fyrir nokkrum árum. Myndin er skrifuð af aðalleikara myndarinnar, Jason Segel, sem leikur í sjónvarpsþáttunum How I Met Your Mother ásamt því að fara með aukahlutverk í Knocked Up. Myndin er full af frábærum bröndurum sem sjaldan eða aldrei eru endurteknir og fara aldrei yfir strikið eins og tíðkast. Einfaldur og trúverðugur söguþráður myndarinnar heldur alltaf sama góða flæðinu út myndina og dalar aldrei.

Segel er einkum viðkunnanlegur sem hinn seinheppni Peter Bretter og gæðir hann hlutverk sitt miklum persónuleika og slær ekki feilnótu út myndina. Russell Brand mætti segja að steli senunni sem útlifaður breskur rokkari. Persónu Brands mætti segja vera blöndu af lífsreynslu Keiths Richards og Bobs Dylan sem er ótrúlega áhugavert að fylgjast með. Hinar fallegu Kristen Bell og Mila Kunis leysa hlutverk sín vel af hólmi og verður gaman að fylgjast með Kunis í næstu myndum. Einnig koma Jonah Hill, Paul Rudd og Jack McBrayer sterkir inn sem skrautlegar aukapersónur en nóg er af þeim í myndinni.

Eftir tvö áhorf stendur myndin enn þá fyrir sínu og verður við fyrsta tækifæri kíkt á hana í þriðja skiptið. Ólíkt fyrri Apatowmyndum er lengd Forgetting ... afar passleg og botninn er sleginn í myndina á þægilegu nótunum og ganga áhorfendur út úr salnum með bros á vör. Af þessum nokkru mánuðum sem liðnir eru af árinu stendur Forgetting Sarah Marshall upp úr sem ein eftirminnilegasta og besta gamanmynd ársins.

Vignir Jón Vignisson - Topp5.is



**KVIKMYNDIR**

**Forgetting Sarah Marshall**

Leikstjóri: Nicholas Stoller. Aðalhlutverk: Jason Segel, Kristen Bell, Mila Kunis, Russell Brand.

★★★★

Ein besta gamanmynd ársins.

# Gósentíð hjá hnökkunum

**Það er gott að vera hnakki þessa dagana. Það hreinlega hrúgast inn hnakkatengdir stórviðburðir og hnakkarnir ráða ríkjum í auglýsingaheiminum með yfirtöku Merzedes Club og Eurobandsins. Rokkstöðin X-ið mælist varla í könnunum á meðan FM957 fitnar á fjósbitanum.**




**DANSTÓNLISTIN VINSÆLLI EN ROKKIÐ** Svali á FM957 man tímana tvenna enda með elstu hnökkum landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Já, það er gósentíð og okkur gengur vel," segir Svali á FM. Hann man tímana tvenna enda elsti starfsmaður stöðvarinnar, hefur verið með síðan 1991. „X-ið var lengi álíka vinsælt og við í könnunum. Ég held að núna sé bara tímabil sem líkist því sem var í gangi sirka 1993 þegar Prodigy var að koma upp. Danstónlistin er einfaldlega vinsælli en rokkið núna. En þetta á örugglega eftir að breytast eins og gerðist á sínum tíma. Ég spái rokksveiflu aftur eftir tvö ár."

Svali telur skýringuna líka geta legið í því að rokkarar og hnakkar eru ólíkar manngerðir. „Rokkarar eru jaðarhópur sem er erfiðara að selja auglýsingar. Og án auglýsinga er minna lagt í útvarpsstöðina þína. Rokkarar eru minna uppteknir af neyslunni. Þeir eru sjálfum sér nógir og láta ekki segja sér hvað er vinsælt eða hvað á að verða vinsælt næst. Áherslur okkar hóps eru á öðrum sviðum. Okkar fólki finnst bara þægilegt að vera matað á vinsælli músík en hefur í staðinn mun sterkari skoðanir á því hvar það á að kaupa jakkann sinn."

Hlustendaverðlaun FM957 fara fram laugardaginn 3. maí. Mikið verður um dýrðir og þessa dagana getur almenningur kosið á milli flytjenda á heimasíðunni fm957.is. Þetta eru því mun lýðræðislegri verðlaun en Hin íslensku tónlistarverðlaun. Svali segir viðbrögðin „rosafín".

Svo eru það tónleikarnir. Fedde Le Grand heldur uppi stuðinu í kvöld á Broadway. Þessi hollenski plötusnúður og lagahöfundur hefur átt þrjú topplög á FM957 og er því sannarlega aufúsugestur. Næsti stórhnakki til að heiðra klakann er svo hinn sænski Eric Prydz en hann er frægastur fyrir „eróbikmyndbandið" við smellinn Call on Me. Mercedez Club hafði þetta vídeó ekki síst í huga þegar „kynþokkafyllsta myndband í heimi" var búið til. Eric verður á Broadway 17. maí.

Sem sagt, brjálæðislega góðir tímar fyrir hnakkana!

gunnarh@frettabladid.is

# Kanye einhleypur

Kanye West og unnusta hans, Alexis Phifer, eru hætt saman, en þau höfðu verið trúlofuð í eitt og hálft ár. Phifer staðfesti sambandsslitin í viðtali við tímaritið People. „Það er alltaf leiðinlegt þegar svona hlutir enda," sagði Phifer, sem segir þau þó ennþá góða vini. „Ég óska honum alls hins besta í framtíðinni með allt sem hann tekur sér fyrir hendur. Hann er ein hæfileikaríkasta manneskja sem ég hef nokkru sinni hitt," segir Phifer.

West og Phifer tilkynntu trúlofun sína á síðasta ári og hugðu á vetrarbrúðkaup þegar móðir Kanye, Donda West, lést skyndilega í nóvember. Heimildir People herma að parið, sem kynntist árið 2002, hafi átt við nokkra erfiðleika að stríða í sambandinu um hríð, áður en þau skildu að skiptum.



**HÆTT SAMAN** Kanye West og Alexis Phifer höfðu verið trúlofuð í eitt og hálft ár þegar þau hættu saman á dögunum.

# Moby skiptir um gír

**TÓNLIST**

**Last Night**

Moby

★★★

Á Last Night er Moby búinn að kveðja stemningsfulla stofupoppið og kominn aftur út á dansgólfið á ágætri plötu sem sækir í danstónlist síðustu tveggja áratuga.

Ferill Richards Melville Hall, sem er betur þekktur sem Moby, hefur verið vægast sagt sveiflukenndur. Hann hóf ferilinn sem pönkari, en vakti fyrst athygli fyrir hraða teknóskotna danstónlist og sló í gegn í Bretlandi strax árið 1991 með slagaranum Go! sem notaðist við brot úr Twin Peaks-laginu.

Þegar Play kom út 1999 var Moby hins vegar kominn yfir í stemningsfulla popptónlist. Play seldist gríðarlega og Moby seldi tónlistina af henni í kjölfarið í nokkrar stórar auglýsingaherferðir. Afleiðing þess var algjör ofspilun sem olli því að aðdáun margra á vinalegu grænmetisteknóundrinu sem gerðist poppstjarna snerist upp í fyrirlitningu. Næstu tvær plötur, 18 (2002) og Hotel (2005) hjuggu í sama knérunn og Play en fengu lakari viðtökur.

Nú er Moby kominn með nýja plötu. Og hann er búinn að skipta um gír aftur. Last Night er tileinkuð næturlífinu og inniheldur fjórtán lög um og fyrir dansgólfið. Platan sækir í danstónlist síðustu tveggja áratuga. Það er diskó á henni, old-school hiphop (með þátttöku Sugarhill Gang-liðans



Grandmaster Caz), elektró, trans og teknó. Og kunnugleg tilþrif og hljómar frá fyrri Moby-plötum heyrast á ný.

Þótt ekki sé verið að upplifa eitthvað glænýtt og spennandi þegar maður hlustar á Last Night þá er þetta samt ágætis plata. Svolítið mistæk, en á köflum stórskemmtileg. Og góðu lögin eru mun fleiri en þau lélegu.

Trausti Júlíusson


## Stórir og sterkir á tilboði



**Renault Midlum 150.08**
**Nýskr.: 11/2000**
**Akstur 279.000 km**
**Tilboðsverð:**
**980.000**
án vsk.



**Renault Kerax 420.40 8x4**
**Nýskr.: 08/2006,**
**Akstur 51.000 km.**
**Tilboðsverð:**
**8.800.000**
án vsk.



**Renault Mascott 130.65**
**Nýskr.: 04/2001**
**Akstur 130.000 km**
**Tilboðsverð:**
**1.190.000**
án vsk.

bílaland B&L notaðir bílar
bilaland.is **575 1221**




**HELLVAR** Hljómsveitirnar Hellvar og Vicky Pollard eru á leiðinni til Kína.

# Safna fyrir Kínaferð

Hljómsveitirnar Hellvar og Vicky Pollard, sem spila á Midi-hátíðinni í Peking í byrjun maí, ætla að spila í Kommúnistapartíi á Paddys í Reykjanesbæ í kvöld.

Þetta verður í síðasta sinn sem sveitirnar leika fyrir Íslendinga áður en haldið verður til Kína á mánudag. Þeim til halds og trausts verður keflvíska sveitin Klaus sem leikur stefnulausa kaflaskipta rokktónlist. Húsið opnar klukkan 22 og stígur fyrsta sveitin á svið um klukkutíma síðar. Miðaverð er 500 krónur og rennur peningurinn í ferðasjóð Hellvar og Vicky Pollard.


## LÁTTU OKKUR LÉTTA ÞÉR BYRÐINA

N1

3% afsláttur í formi Safnkortspunkta

-3%




Fíton/SÍA

N1 Skógarseli, Reykjavík. 557 5233
N1 Ægisíðu, Reykjavík. 552 2474
N1 Gagnvegi, Reykjavík 567 6580
N1 Lækjargötu, Hafnarfirði 565 1988

**N1** ÞJÓNUSTUSTÖÐVAR WWW.N1.IS

Kerruleiga N1 býður úrval af vönduðum kerrum. Verðskrá og nánari upplýsingar um kerrurnar er að finna á **www.n1.is.**

### > Fannar til Stjörnunnar?

Miðjumaðurinn efnilegi, Fannar Friðgeirsson, er að öllum líkindum á leið til Stjörnunnar eftir því sem heimildir Fréttablaðsins herma. Fannar sagði upp samningi sínum við Valsmenn í febrúar síðastliðnum og hefur síðan þá verið að skoða aðra möguleika. Stjörnumenn eru með Ólaf Víði Ólafsson í meiðslum fram á næsta ár og Heimir Örn Árnason er auk þess líklega á förum. Garðbæingar hafa því eðlilega mikinn áhuga á að fá Fannar í sínar raðir, en hann hefur tekið miklum framförum síðastliðið ár og spilað mjög vel fyrir Valsliðið.



**sport**
sport@frettabladid.is

**PATREKUR JÓHANNESSON:** KAUPÞING HÆTT AÐ STYRKJA OG LEIKMENN SEM TRÚA EKKI Á VERKEFNIÐ MEGA FARA

# *Hlynur treysti sér ekki í að taka þátt í mínu plani*

Það eru breyttir tímar í handboltanum í Garðabæ. Kaupþing mun í lok tímabils hætta sem aðalstyrktaraðili handknattleiksdeildarinnar og enn hefur ekki verið samið við nýjan styrktaraðila. Stjarnan veit sem er að rekstrarumhverfið verður breytt og félagið er byrjað að draga saman seglin.

Hlynur Morthens er farinn í Gróttu, Volodimir Kysil fær ekki nýjan samning þar sem hann er of dýr, og svo er óvíst hvað verður um Heimi Örn Árnason sem hefur fengið leyfi til þess að ræða við önnur félög.

„Það sem Hlynur sagði í Fréttablaðinu er ekki alveg rétt. Ég lagði fyrir hann mínar áætlanir og hann treysti sér ekki til þess að taka þátt í því sem ég ætla að gera. Það hentaði honum ekki. Í kjölfarið var það sameiginleg lausn að hann mætti ræða við önnur lið og hann samdi við Gróttu skömmu síðar. Að hann hafi ekki verið í mínum plönum er ekki rétt og ég segi frekar að hann hafi hafnað mínum plönum. Ef hann er ekki tilbúinn að taka þátt í því sem ég legg upp þá gengur málið ekki. Það er samt allt í góðu og menn voru heiðarlegir í samskiptum," sagði Patrekur Jóhannesson sem tekur við Stjörnuliðinu í lok sumars. Patrekur segir að hið sama eigi við um Heimi Örn. Ef hann sé tilbúinn að taka þátt og vera með af fullum hug sé það sjálfsagt. Ef ekki þá megi hann skoða aðra möguleika.



Leikmenn Stjörnunnar fá vikufrí eftir tímabilið og svo verður æft 8-9 sinnum í viku til 10. júní. Eftir það verður frí til 15. júlí en leikmenn þurfa að æfa sjálfir nokkrum sinnum í viku í fríinu.

„Á þessu tímabili þarf að vinna í grunnþolinu en það hefur verið vandamál liðsins í vetur að það hefur ekki úthald í heilan leik. Með því að æfa svona í maí get ég vonandi byrjað meira í taktík strax í júlí. Til að ná árangri þarf að æfa og ég viðurkenni að ég ætla að láta liðið æfa miklu meira en gert hefur verið. Þetta verður unnið fagmannlega í samstarfi við aðra góða þjálfara," sagði Patrekur, en hann ætlar að taka ungu strákana í félaginu meira inn í meistaraflokkinn í vetur en áður hefur verið gert.



**FRÁ 1998** Rivaldo í leik gegn United fyrir 9 árum. NORDICPHOTOS/GETTY

Barcelona og Man. United:

## Mættust síðast fyrir níu árum

**FÓTBOLTI** Leikur Barcelona og Manchester United á Nou Camp í kvöld verður fyrsti leikur liðanna síðan tímabilið 1998-99 þegar liðin gerðu tvö 3-3 jafntefli í Meistaradeildinni.

Félögin hafa alls mæst sjö sinnum í Evrópukeppni, hvort um sig hefur unnið tvo leiki og þrír leikir hafa endað með jafntefli. Markatalan er 15-13 Börsungum í hag.

- óój

Barcelona tekur á móti Manchester United í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildarinnar í kvöld:

# Endar markaþurrð Eiðs gegn Manchester?

**FÓTBOLTI** Það verður mikið um dýrðir á Nývangi í Barcelona í kvöld þegar Englandsmeistarar Manchester United mæta heimamönnum í fyrri undanúrslitaleik liðanna í Meistaradeild Evrópu.

Íslendingar vonast eftir því að eiga fulltrúa í leiknum, en það á eftir að koma í ljós hvort Frank Rijkaard teflir Eiði Smára Guðjohnsen fram í stærsta leik liðsins á tímabilinu til þessa.

Eiður Smári hefur verið mikið í sviðsljósinu í breskum fjölmiðlum í kringum leikinn, sökum tengsla sinna við England þar sem hann spilaði í sjö tímabil með Bolton og Chelsea. Eiður Smári skoraði bæði gegn Chelsea og Liverpool í Meistaradeildinni í fyrra og myndi væntanlega fagna því að komast á markalistann gegn Manchester United en það yrði þá fyrsta mark hans í sextán leikjum fyrir Börsunga.

Eiður Smári Guðjohnsen hefur ekki fundið netmöskvana síðustu mánuði, sem hefur ekki hjálpað honum í harði samkeppni við aðra sóknarmenn Barcelona. Hann er nú búinn að spila í 590 mínútur án þess að skora en síðasta mark hans kom í 5-0 sigri á Murcia 12. janúar síðastliðinn. Eiður hefur byrjað inn á í undanförnum tveimur leikjum en ekki náð að nýta góð færi þar sem hann fékk frábær tækifæri í báðum leikjum til þess að skjóta Barcelona aftur inn í baráttuna um spænska titilinn. Það tókst ekki og kannski fór traust Rijkaard á okkar manni í leiðinni.

Þetta er lengsta bið Eiðs Smára eftir marki í búningi Barcelona en hann var búinn að vera án marks í 544 mínútur í fyrra þegar hann kom inn á sem varamaður og tryggði Barcelona 1-0 sigur á Liverpool á Anfield í seinni leik liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Markið dugði þó ekki til þess að komast í undanúrslit keppninnar.

Komist Barcelona í úrslitaleikinn getur Eiður Smári orðið fyrsti Íslendingurinn til þess að spila úrslitaleik í Evrópukeppni Meistaraliða, en Ásgeir Sigurvinsson sat á bekknum allan tímann þegar Bayern Munchen tapaði fyrir Aston Villa vorið 1982.

- óój



**SÍÐASTA MARKIÐ** Eiður Smári Guðjohnsen fagnar sínu síðasta marki fyrir Barcelona sem hann skoraði 12. janúar. NORDICPHOTOS/AFP

LÚXUS | Glæsilegt úrval lúxusbíla
Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



**BMW 320**
Nýskráður 02/2008, 1995CC, 170 hestöfl
4 dyra, sjálfskiptur, silfurgrár, ekinn 1.100.
**Verð 5.320.000**



**BMW 325 XI**
Nýskráður 07/2007, 2497cc, 218 hestöfl
4 dyra, sjálfskiptur, dökkgrár, ekinn 5000.
**Verð 6.450.000**



**BMW X5**
Nýskráður 08/2003, 4619cc, 350 hestöfl
5 dyra, sjálfskiptur, svartur, ekinn 80.000.
**Verð 5.350.000**



**RANGE ROVER SUPERCHARGED**
Nýskráður 07/2005, 4200cc, 400 hestöfl
5 dyra, sjálfskiptur, dökkblár, ekinn 21.000.
**Verð 11.500.000**

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI

Opið virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

bíla land B&L notaðir bílar
**bilaland.is**
**575 1230**

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu*

Liverpool-Chelsea 1-1
1-0 Dirk Kuyt (43.), 1-1 sjálfsmark (95.).

*Lengjubikar kvenna í fótb.*

KR-Stjarnan 4-0
1-0 Katrín Ómarsdóttir (48.), 2-0 Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir (56.), 3-0 Hrefna Huld Jóhannesdóttir (65.), 4-0 Edda Garðarsdóttir (85.).

Valur-Breiðablik 4-0
1-0 Hallbera Guðný Gísladóttir, 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir, 3-0 Thelma Björk Einarsdóttir, 4-0 Margrét Lára Viðarsdóttir.



**ÖRUGGT** Valsstúlkur tryggðu sér farseðilinn í úrslitaleikinn með sannfærandi hætti í gærkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lengjubikar kvenna í fótbolta:

## KR og Valur í úrslitaleikinn

**FÓTBOLTI** KR og Valur tryggðu sér farseðilinn í úrslitaleik Lengjubikarsins í gærkvöld.

KR sigraði Stjörnuna 4-0 á KR-vellinum og komu öll mörk leiksins í síðari hálfleik og Valur sigraði Breiðablik 4-0 í Kórnum þar sem Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði tvö mörk fyrir Íslandsmeistarana.

Elísabet Gunnarsdóttir, þjálfari Vals var sátt við leik Vals í gær. „Þetta var fínn leikur hjá okkur og þetta verður flottur úrslitaleikur og alltaf gaman að mæta KR, sagði Elísabet við Fréttablaðið.

Úrslitaleikurinn fer fram á næstkomandi föstudag kl. 19.00 í Egilshöll. - óþ

# Dramatískt jafntefli á Anfield

Allt leit út fyrir að Liverpool myndi tryggja sér 1-0 sigur með marki Dirks Kuyt gegn Chelsea á Anfield í gærkvöld þegar varamaðurinn John Arne Riise varð fyrir því óláni að skalla boltann í eigið mark á 95. mínútu.



**HETJAN** Dirk Kuyt var réttur maður á réttum stað í gærkvöld og skoraði fyrsta mark leiksins á 43. mínútu. Lengi leit út fyrir að markið myndi duga til sigurs en svo varð ekki. NORDIC PHOTOS/GETTY

**FÓTBOLTI** Liverpool og Chelsea skildu jöfn á Anfield í gærkvöld þar sem jöfnunarmarkið kom á 95. mínútu leiksins.

Fyrsti hálftími leiksins í gærkvöld var hálfgerður skotgrafahernaður þar sem bæði lið héldu að sér höndunum og ætluðu greinilega ekki að hætta of miklu á upphafsmínútunum.

Á 30. mínútu fóru hlutirnir að gerast fyrir alvöru og Didier Drogba gerði tilkall til vítaspyrnu eftir baráttu við varnarmanninn Jamie Carragher en dómari leiksins kaus að flauta ekki. Í næstu sókn þar á eftir fékk Fernando Torres ákjósanlegt marktækifæri eftir eitraða sendingu Stevens Gerrard en Spánverjinn skaut boltanum beint í fangið á Petr Cech í markinu.

Liverpool náði í kjölfarið ágætis tökum á leiknum og uppskar samkvæmt því undir lok hálfleiksins.

### Kuyt mikilvægur

Kuyt náði þá að vinna boltann af Frank Lampard á teigshorni Chelsea og eftir misheppnað skot Mascherano barst boltinn inn fyrir vörn Chelsea á áðurnefndan Kuyt sem var réttur maður á réttum stað skoraði af stuttu færi og staðan 1-0 í hálfleik.

Þetta var fimmta mark Kuyts í Meistaradeildinni og jafnframt hefur hann skorað á öllum þremur stigum keppninnar til þessa eftir að riðlakeppninni lauk.

Liverpool hélt uppteknum hætti í upphafi síðari hálfleiks á meðan lítið virtist ganga upp hjá Chelsea og lítill broddur í liðinu með Drogba einan og hálf týndan í framlínunni. Chelsea-liðið braggaðist þó þegar líða tók á hálfleikinn og fór að sýna sitt rétta andlit með hraðara og beinskeyttara spili á miðjunni og Liverpool-liðið færðist aftar á völlinn til að verjast áhlaupinu.



**SKÚRKUR** John Arne Riise skoraði sjálfsmark á 95. mínútu í gærkvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY

### Dýrkeypt mistök

Allt leit hins vegar út fyrir að Liverpool-vörnin myndi halda velli og raunar fengu leikmenn Liverpool bestu marktækifærin á lokakaflanum þegar Cech gerði vel að verja frá Gerrard og Torres. Herfileg mistök varamannsins Johns Arnes Riise á 95. mínútu leiksins urðu hins vegar til þess að Chelsea jafnaði leikinn þegar Norðmaðurinn skallaði boltann í eigið mark eftir sendingu Salomon Kalou og lokatölur urðu því 1-1.

Sjálfsmarkið gæti reynst dýrkeypt og gerbreytir stöðu Liverpool fyrir seinni leikinn á Brúnni þar sem Chelsea er illviðráðanlegt.

Markaskorarinn Dirk Kuyt er þó bjartsýnn á framhaldið.

„Auðvitað er svekkjandi að við fengum fjögur til fimm góð marktækifæri en Chelsea aðeins eitt og niðurstaðan er jafntefli. En á móti kemur fannst mér við stjórna leiknum og við mætum því fullir sjálfstrausts í seinni leikinn og tryggjum okkur í úrslitaleikinn,“ sagði Kuyt. omar@frettabladid.is



## > Patricia Arquette

Eins og áður leikur Patricia aðalhlutverkið í þáttunum Medium sem Stöð 2 sýnir í kvöld. Hún var eitt sinn spurð út í hlutverk sitt í þáttunum og svaraði hún þá: „Mig langaði að leika konu sem lítur eðlilega út. Það er mjög mikilvægt í mínum augum að vera alvöru.“



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON UNDRAST VÖLD SEBASTIANS STARK

# *Lögfræðingur og lögregla í senn*

James Woods er heldur betur fylginn sér í hlutverki Sebastians Stark í lögfræðiþáttunum Shark. Hann beitir öllum brögðum til að verja skjólstæðinga sína og virðast honum í raun engin takmörk sett í starfi sínu. Hann yfirheyrir hina grunuðu eftir að lögreglan hefur tekið af þeim skýrslu, þar sem hann kemst oftast að einhverju nýju, og þegar málið hefur verið til lykta leitt er hann mættur á staðinn til að handtaka bófann. Reyndar fær lögreglan oftast að vera með honum í för, en alltaf þó í bakgrunninum. Stark er aðalmaðurinn og gerir hvað sem honum sýnist.

Ekki þekki ég störf lögfræðinga nákvæmlega en ég leyfi mér að efast um að þeir mæti á staðinn með svala setningu á vörunum þegar vondu kallarnir eru handteknir. Í raun held ég að pappírsvinna sé frekar stór hluti af starfi lögfræðinga, en Stark hefur einfaldlega ekki tíma fyrir slíkt. Kannski sem betur fer því annars væri þátturinn bæði þurr og leiðinlegur.

Auðvitað er óeðlilegt vald Stark líður í að gæða starf hans lífi á skjánum, enda hefur slíkum brögðum lengi verið beitt í bandarískum sakamálaþáttum. Þar hafa hinir ólíklegustu starfsmenn miklu meira vald en eðlilegt getur talist. Má þar nefna réttarmeinafræðinga og vísindanörda í CSI sem taka þátt í yfirheyrslum á fólki eins og ekkert sé og eiga jafnvel þátt í að koma því á bak við lás og slá.

Einhvern veginn hefur maður náð að sætta sig við þessa þróun mála, enda hefur afþreyingarefni á borð við Shark og CSI aldrei snúist um raunsæi heldur fyrst og fremst heilalausa skemmtun.



**STARK** Sebastian Stark kallar ekki allt ömmu sína í lögfræðiþáttunum Shark.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.10** Less Than Perfect
SKJÁREINN



▶ **20.10** Private Practice
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.20** Tim Gunn's Guide to Style
STÖÐ 2



▶ **21.30** Chappelle's Show
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.30** Team America
STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Kappflugið í himingeimnum**
**17.55 Alda og Bára**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Alvöru dreki**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Nýi skólinn keisarans**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Fæðingarheimilið** (2:9) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð. Addison Montgomery læknir í Grey's Anatomy-þáttunum heimsækir gömul skólasystkini sín til Kaliforníu. Einkalíf þeirra er í molum en þeim gengur betur í starfi og Addison bræðir það með sér að flytjast frá Seattle til Santa Monica og fara að vinna með þeim.
**20.55 Gatan** (5:6) (The Street II) Breskur myndaflokkur um hversdagsævintýri nágranna í götu í bæ á Norður Englandi. Fyrri syrpan úr þessum flokki hlaut bæði BAFTA- og alþjóðlegu Emmy-verðlaunin.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Kiljan**
**23.10 Olíukreppan** Í þessari þýsku heimildamynd er sagt frá því hvernig jarðarbúar eru að þurrausa dýrmæta og óendurnýjanlega náttúruauðlind, olíuna.
**00.35 Sharpe kemst í hann krappan**
**02.20 Kastljós**
**02.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.00 Ray**
**08.30 Land Before Time XII**
**10.00 Just My Luck**
**12.00 Deuce Bigalow. European Gigolo**
**14.00 Land Before Time XII**
**16.00 Just My Luck**
**18.00 Deuce Bigalow. European Gigolo**
**20.00 Ray**
▶**22.30 Team America. World Police** Afar sérstök og marglofuð gamanmynd eftir þá South Park-höfunda Trey Parker og Matt Stone.
**02.00 Assault On Precinct 13**
**04.00 Team America. World Police**

## STÖÐ 2

**07.00 Justice League Unlimited**
**07.25 Ofurhundurinn Krypto**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.10 Oprah**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 La Fea Más Bella**
**10.10 Standoff** (3:18)
**11.15 Extreme Makeover. HE** (15:32)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Neighbours** (Nágrannar)
**13.10 Sisters** (11:24)
**14.00 Phenomenon** (4:5)
**14.45 Wife Swap** (5:10)
**15.30 ´Til Death** (22:22)
**15.55 Skrímslaspilið** (Yu Gi Oh)
**16.20 Batman**
**16.45 Könnuðurinn Dóra**
**17.10 Tracey McBean**
**17.20 Ruff's Patch**
**17.30 Bold and the Beautiful**
**17.55 Neighbours** (Nágrannar)
**18.20 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag og íþróttir**
**19.30 The Simpsons**
**19.55 Friends** (16:24) (Vinir)
▶**20.20 Tim Gunn´s Guide to Style** (3:8) Tim Gunn er tískugúru Bandaríkjanna. Það sem hann segir, það verður að lögmálum í tískunnar. Hér á Íslandi er Tim Gunn hvað þekktastur fyrir það að vera yfirdómarinn og heilinn á bak við hönnunarþættina Project Runway, sem Stöð 2 hefur nú einnig tryggt sér sýningarréttinn á.
**21.10 Medium** (5:16) Í þessari fjórðu þáttaröð heldur Allison áfram að liðsinna lögreglunni við rannsókn á flóknum sakamálum og nýtist náðargáfa hennar þar vel.
**21.55 Nip/Tuck** (14:14)
**22.45 Oprah** (Superstar Couples)
**23.30 Grey´s Anatomy** (15:36)
**00.15 Closer**
**01.55 Rome** (7:12)
**02.50 Rome** (8:12)
**03.40 Bones** (3:13)
**04.25 Tim Gunn´s Guide to Style** (3:8)
**05.10 The Simpsons**
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - Chelsea)
**08.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**14.35 PGA Tour 2008 - Hápunktar**
**15.30 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - Chelsea) Útsending frá leik Liverpool og Chelsea í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**17.10 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**17.30 Gillette World Sport**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun**
**18.30 Meistaradeild Evrópu** (Barcelona - Man. Utd) Bein útsending frá leik Barcelona og Man. Utd í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu.
**20.40 Meistaradeildin** (Meistaramörk)
**21.00 Michael Owen** Frábær þáttur þar sem fjallað er um Michael Owen sem hefur gert garðinn frægan með Liverpool, Newcastle og Real Madrid á undanförnum árum.
**22.00 Inside Sport** (Gianfranco Zola / Bernard Hopkins)
**22.25 Meistaradeild Evrópu**
**00.05 Meistaradeildin** (Meistaramörk)

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 West Ham - Derby**
**18.30 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**19.00 Coca Cola-mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.30 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.30 4 4 2**
**21.50 Leikur vikunnar**
**23.30 Arsenal - Reading**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.25 Vörutorg**
**16.25 Snocross** (e)
**16.50 World Cup of Pool 2007** (e)
**17.45 Rachael Ray**
**18.30 Jay Leno** (e)
**19.15 Kid Nation** (e) Bandarísk raunveruleikasería sem hefur vakið mikla athygli.
▶**20.10 Less Than Perfect** (6:13) Bandarísk gamansería sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk krydda tilveruna. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Hún er orðin vön því að fást við snobbaða samstarfsmenn sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að losna við hana.
**20.30 Fyrstu skrefin** (12:12)
**21.00 America's Next Top Model** (9:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Stúlkurnar fá kennslu í hvernig þær eiga að haga sér í blaðaviðtölum og í stjörnuveislum. Þær klæðast fötum frá Jay Godfrey og blanda geði við risana í tískuheiminum í stjörnuveislu. Ein stúlkan brotnar niður þegar hún kemst að því að hún er búin að glata skilríkjunum sínum og gæti misst af utanlandsferð með stelpunum.
**21.50 Lipstick Jungle** (4:7) Wendy undirbýr glæsilegt frumsýningarpartí og fær Victory til að hanna kjólinn fyrir aðalleikonuna. Nico segir vinkonum sínum frá ástarævintýrinu með Kirby, sem heldur ótrauður áfram með málsóknina. Nico verður að taka erfiða ákvörðun sem gæti bjargað málunum en það gæti líka reynst henni dýrkeypt.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 Boston Legal** (e)
**00.15 Life** (e)
**01.05 C.S.I.**
**01.55 Vörutorg**
**02.55 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




# Sumarstemning í Vatnsmýrinni

Fjölbreytt tónleikasyrpa í Norræna húsinu 23.-27. apríl

**Mið. 23. apríl kl. 20.00**
SÖNGSKÓLINN DOMUS VOX
Tónleikar síðasta vetrardag með nemendum á framhaldsstigi. **Anna Birgitta Bóasdóttir** og **Guðný Jónsdóttir** flytja sönglög frá ýmsum tímum.
Aðgangseyrir 1000 / 500

**Fös. 25. apríl kl. 21:00**
DUO RESONANTE
Dansk-hollenskt tvíeyki leikur blöndu af sígildri alþýðutónlist, djassi og þjóðlegri tónlist á Obukano, tréflautu og saxófón. Tónlist þeirra félaga er erfitt er að flokka, hana verður að upplifa.
Aðgangseyrir 1500 / 750

**Lau. 26. apríl kl. 16:00**
TRANSTRÖMER OG LIZST
Ljóðadagskrá um **Thomas Tranströmer**, eitt þekktasta núlifandi ljóðskáld Svía. **Leif Olsson** kynnir og flytur við tónlist eftir **Franz Liszt**, við undirleik **Lars Hägglund og Björn J:son Lindh**.
Aðgangseyrir 1500 / 750

**Sun. 27. apríl kl. 15:15**
15:15 TÓNLEIKAR
Mið-evrópsk saxófóntónlist. **Guido Bäumer** saxófónn og **Aldadár Rácz** píanó. Á efnisskránni eru verk eftir **Hans Gal, Erwin Schulhoff, Paul Hindemith og Werner Heider.**
Aðgangseyrir 1500 / 750

**Bókasafnið er opið alla daga vikunnar 12-17.**
**Bistro Alvar A er opið virka daga 10-17, helgar 12-17 og þegar viðburðir eru í húsinu.**

NORRÆNA HÚSIÐ - NORDENS HUS - POHJOLAN TALO - NORDIC HOUSE www.nordice.is nh@nordice.is sími: 551 7030

NORRÆNA HÚSIÐ

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT KL. 18.30

### Barcelona - Manchester Utd.



Ein áhugaverðasta viðureign síðari ára í Meistaradeild Evrópu. Það eru liðin níu ár frá því að Man. Utd vann Meistaradeildina og þá gerði liðið það á heimavelli Barcelona. Liðið virðist til alls líklegt þetta árið á meðan Barcelona hefur verið í töluverðri lægð heima fyrir. En það skiptir litlu þegar komið er í Meistaradeildina og ætla Börsungar sér alla leið. Hér mætast tvö af skemmtilegri liðum í Evrópu og því má búast við sóknarbolta af bestu gerð í þessari viðureign.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Gatan

### Sjónvarpið kl. 20.55

Að þessu sinni er fylgst með bréfberanum í götunni. Konan fór frá honum og tók með sér syni þeirra tvo og hundinn; hann er að drepast í bakinu og er staurblankur. Hann fer á misheppnað stefnumót og er svo miður sín eftir það að honum finnst hann þurfa að hefja nýtt líf og það helst í Grikklandi. Við sjáum hvað setur.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Á slóðum Gutenbergs
**23.00** Gárur

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7** FM957 / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Special Unit 2** (18:19)
**17.45 X-Files** (20:24)
**18.30 Chappelle´s Show**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Special Unit 2** (18:19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af.
**20.45 X-Files** (20:24)
▶**21.30 Chappelle´s Show** Dave Chappelle er einn allra vinsælasti og umdeildasti grínistinn í Bandaríkjunum í dag. Hér er hann mættur í þriðju þáttaröðinni og hefur aldrei verið meira krassandi.
**22.00 Hell´s Kitchen** (5:11) Klárasti, kröfuharðasti og kjaftforasti kokkur heims, Gordon Ramsay, er mættur í þriðja sinn í Eldhús helvítis; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðinni til þessa.
**22.45 Shark** (7:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark.
**23.30 Extreme: Life Through a Lens**
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen bjóða upp á spjall í anda samræðna kvenna á kvennaklósetti. Elísabet Jökulsdóttir og Katrín Júlíusdóttir kíkja við ásamt leynigesti.
**21.00 Ármann á alþingi** Ármann Kr. Ólafsson þingmaður ræðir stjórnmál við viðmælanda sinn.
**21.30 Hvað ertu að hugsa?** Þáttur í umsjón Guðjóns Bergmanns þar sem hann veltir fyrir sér hvernig viðhorf þurfi til afreksverka ásamt Kolbrúnu Björnsdóttur grasalækni.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Kontant **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.25** Planter på rejse **11.50** Ha' det godt **12.20** Elsker dig for evigt? **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** Pigerne mod drengene **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** AMIGO **15.30** Shanes verden **15.55** Tjulahop - Zakkarias **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Verdens vildeste krydstogt **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost **21.40** Onsdags Lotto **21.45** OBS **21.50** Seinfeld **22.10** Godt arbejde **22.40** Kom igen

## NRK 1

**10.00** Rapport **10.05** Så ska det låta **11.05** Mitt i naturen **11.50** Vänd dem inte ryggen **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Naturnollorna **15.30** Krokodill **16.00** Bolibompa **16.10** Så orättvist **16.20** Lilla röda traktorn **16.30** Hjärnkontoret **16.55** Känsliga bitar **17.00** Bobster **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Barnmorskorna **19.30** Morgonsoffan **20.00** Big Love **20.50** Wind **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Häxdansen **22.10** Var fan är mitt band?

## SVT 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Frilandshagen **10.40** Brennpunkt **11.30** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **12.00** Jan i naturen **12.15** Presidenten **13.00** Utfordringen **13.30** Fra 7-ende til 8-ende **14.05** Desperados **14.30** Fabrikken **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Skispor fra fortiden **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Nysgjerrige Nils **16.15** Dyrestien 64 **16.25** Todds verden **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** Jakten på storrøya **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Lydverket **21.50** The Wire **22.45** Viten om **23.15** Kulturnytt **23.25** Du skal høre mye jukeboks **1.00** Dansefot jukeboks




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## GAMLA MYNDIN



*„Þarna er ég 19 ára blómarós í Versló. Ég átti eitt ár eftir í stúdentinn og var í hljómsveitinni Celsius á þessum árum, með ekki verri stjörnum en Pálma Gunnars og Jóhanni Helgasyni. Þetta er flott klipping...“*

Helga Möller, söngkona.

Myndin er tekin í nóvember 1976.

# Dýrasta málverk í heimi í Ráðhúsinu

Dýrasta málverk í heimi er nú til sýnis í Ráðhúsi Reykjavíkur. Það heitir Stjáni blái og er eftir Ásgeir Val Sigurðsson. Ásett verð er fjögur hundruð milljón Bandaríkjadalir.

„Stjáni Blái hefði aldrei fengið þessa athygli ef myndin væri ódýrari,“ segir Ásgeir. „Með þessu tryggði ég íslensku þjóðinni sérstakan sess í myndlistarsögunni og sjálfum mér líka. Selji ég myndina hyggst ég nýta mér peningana til að greiða hluta af skuldum ríkissjóðs. Íslenska þjóðin er stórskuldug sem stendur. Aðeins hluti af upphæðinni verður þó notaður til að greiða skuldir, hitt fer undir lóðakaup þar sem lögð verður áhersla á að auka græn svæði og útrýma svæðum sem áður voru græn en eru það ekki lengur.“

Verk Ásgeirs eru hluti af samsýningunni List án landamæra. Ásgeir sýnir þar einnig önnur málverk sem eru á mun viðráðanlegra verði, 10.000 - 65.000 kr, og hefur selt tvö til þessa. Ásgeir byrjaði að mála olíumálverk undir handleiðslu Öldu Ármönnu Sveinsdóttur fyrir rúmum áratug. Þetta er önnur samsýningin sem hann tekur þátt í en hann hefur fullan hug á halda einkasýningu í náinni framtíð.

Listamaðurinn hefur miklar áhyggjur af stöðu þjóðarbúsins og finnst að listafólk eigi að sameinast um fjáröflun fyrir ríkissjóð. „Íslenska þjóðin þarf að fara að spara og ekki eyða meira en hún ræður við. Það á að hætta að kenna Seðlabankanum og Davíð eða einhverjum öðrum um ef illa fer. Við erum jú einu sinni mannleg og þurfum að passa upp á fjármálin okkar svo við séum ekki alltaf stórskuldug. Ég tel að engin þörf sé á að við göngum í Evrópusambandið þar sem ég álít það hafa verið bara tómt plat og frat frá því að það varð til.“

Samsýningunni List án landamæra lýkur á morgun. Næstdýrasta málverk í heimi er eftir Jackson Pollock og seldist á 140 milljón dali árið 2006. **- glh**



**ÞESSI MYND GÆTI GREITT HLUTA AF SKULDUM RÍKISSJÓÐS** Ásgeir Valur Sigurðsson með Stjána bláa.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LÁRÉTT**
**2.** snöggur **6.** rún **8.** erta **9.** veiðarfæri **11.** vörumerki **12.** hald **14.** ósannindi **16.** tveir eins **17.** háma **18.** eyrir **20.** tveir eins **21.** gefa frá sér reiðihljóð.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfengisblanda **3.** ung **4.** viðhorf **5.** fljótfærni **7.** starfræksla **10.** hald **13.** titill **15.** laun **16.** efni **19.** tveir eins.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** snar, **6.** úr, **8.** ýfa, **9.** net, **11.** ss, **12.** skaft, **14.** skrök, **16.** tt, **17.** úða, **18.** aur, **20.** uu, **21.** urra.
**LÓÐRÉTT: 1.** púns, **3.** ný, **4.** afstöðu, **5.** ras, **7.** rekstur, **10.** tak, **13.** frú, **15.** kaup, **16.** tau, **19.** rr.


Gerðu góðverk í dag
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


GUÐMUNDUR ARNARSSON: ENGINN HUGH HEFNER-BRAGUR Á ÞESSU

# Bleikt og blátt lagt niður

„Jú, nú er búið að slá þetta af formlega. Af hverju? Bara... önnur verkefni sem taka meiri tíma hjá mér,“ segir Guðmundur Arnarsson, starfsmaður útgáfufélagsins Birtings. Hann stendur í þeim sporum að vera síðastur ritstjóra hins stundum umdeilda tímarits Bleikt og blátt. Það hefur nú verið lagt niður. Fróði gaf blaðið út á sínum tíma og þá tók Erótíska útgáfan við.

Guðmundur segir aldrei að vita nema tímaritið verði endurreist en þegar hann tók við því fyrir um tveimur árum hafði útgáfa þess legið í láginni. Þetta mega heita nokkur tíðindi því þó útgáfusaga Bleiks og blás hafi verið brokkgeng er tímaritið rétt tæplega tvítugt. Fyrsti ritstjóri var Jóna Ingibjörg Jónsdóttir kynlífsfræðingur og átti hún hugmyndina að nafninu. Fyrsta tölublaðið kom út í nóvember árið 1989.

„Barnið óx og fór sína leið. Þrátt fyrir ævintýralega byrjun og fantagóða sölu tókst útgefendum að fara á hausinn og ég hætti sem ritstjóri og afþakkaði djobbið þegar nýir eigendur tóku við,“ skrifar Jóna Ingibjörg á síðu sína. Hún lagði upp með kynlífsfræðslurit en segir það hafa þróast út í hefðbundið ljósblátt kynlífsrit.

Meðal annarra ritstjóra tímaritsins eru Hrund Hauksdóttir, Davíð Þór Jónsson, Björn Jörundur (hét þá blaðið bogb) og Ragnar Pétursson. Guðmundur telur ritstjórnartíð Davíðs Þórs standa upp úr; að þá hafi verið farin sú leið að fá íslenskar fyrirsætur til að fækka fötum auk þess Davíð stóð í stórræðum við að verja blaðið á forsendum tjáningarfrelsis.

„Blaðið gekk best þá og seldist í bílförmum. Ég hef ekki lent í neinum ævintýrum. Enginn Hugh Hefner-bragur á þessu starfi. Undir það síðasta tók afskaplega lítinn tíma að setja blaðið saman. Hætt var að nota íslenskar fyrirsætur. Allt mein- og saklaust frá mínum bæjardyrum séð,“ segir Guðmundur. Hann lætur þess jafnframt svo getið að erfitt hafi reynst að keppa við netið þegar erótíkin er annars vegar.

Guðmundi kom á óvart hversu breiður lesendahópur Bleiks og blás reyndist þegar hann tók við blaðinu. „Í könnun sem gerð var fyrir minn tíma kom í ljós að lesendur voru 30 prósent konur. Og fyrsti sem hringdi í mig til að gerast áskrifandi er fæddur 1914,“ segir Guðmundur. Hann segist aðspurður blessunarlega hafa verið laus við öll átök við femínista. Að mestu. „Þær komu einu sinni í fjölmiðla til að mótmæla því að blaðið væri gróft en þá náttúrulega seldist það tölublað upp. Annars lenti ég frekar í því að fólk hefði samband til að lýsa yfir ánægju sinni,“ segir Guðmundur Arnarsson, síðasti ritstjóri tímaritsins Bleikt og blátt – að sinni.

**jakob@frettabladid.is**

### BLEIKT OG BLÁTT JARÐSETT Í KYRRÞEY



**Guðmundur Arnarsson** var síðasti ritstjóri tímaritsins Bleikt og blátt, en sá fyrsti var **Jóna Ingibjörg Jónsdóttir**, kynlífsfræðingur, sem átti heiðurinn að nafninu. Á meðal annarra ritstjóra tímaritsins í gegnum tíðina eru **Davíð Þór Jónsson**, **Ragnar Pétursson** og **Björn Jörundur**, en í hans tíð hét blaðið bogb.









## FRÉTTIR AF FÓLKI



Útvarpsmaðurinn knái **Ólafur Páll Gunnarsson** á Rás 2 hefur verið valinn besti útvarpsmaður landsins í skoðanakönnun sem birtist í nýjasta tölublaði Mannlífs. Í öðru sæti kemur **Þorgeir Ástvaldsson** á Bylgjunni og í því þriðja er kollegi Ólafs Páls á Rás 2, **Gestur Einar Jónasson**. Athygli vekur að **Sigmundur Ernir Rúnarsson** er í fjórða sæti könnunarinnar. Hingað til hefur Sigmundur verið þekktur sem sjónvarpsmaður en líklega hefur ómþýð rödd hans í samtengdum fréttum Stöðvar 2 og Bylgunnar fallið svona vel í kramið hjá þátttakendum könnunarinnar.

Og meira af Óla Palla. Söguleg-ar sættir voru í Popplandi í gær þegar Óli Palli ræddi við **Bubba Morthens** um lagið „Ég er kominn heim“ en Fréttablaðið greindi nýverið frá því að Bubbi taldi útgáfu sína og **Björns Jörundar** á laginu ekki hafa verið spilaða sem skyldi á Rás 2. Bubbi sagði frá því að Björn hefði sungið lagið á sínum tíma í brúðkaupi **Jóns Ásgeirs Jóhannessonar** og **Ingibjargar Pálmadóttur**, þá vakið athygli sína á laginu þegar hann söng það í Bandinu hans Bubba. Útgáfa þeirra hafi ekki verið til höfuðs útgáfu **Sigurðar Guðmundssonar** sem kenndur er við Hjálma, Siggi væri vissulega snillingur en útgáfa hans er þó nokkuð dauf að mati Bubba. Hann sagði svo vini sínum Óla Palla af því að fyrir dyrum stæði gifting hans auk þess sem hann væri að flytja inn í nýtt hús við Meðalfellsvatn.



**-fb/jbg**


VERÐBÓLGUTILBOÐ
Glæný stórlúða aðeins 990kr/kg
-á meðan byrgðir endast
Opið til 18:15
vegna Barcelona-Man.utd
HAFIÐ FISKIPRINSINN
Þú getur alltaf treyst á prinsinn
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is


# Lífvörður með Gael í Mexíkó

„Þetta var mikil upplifun,“ segir Gísli Örn Garðarsson sem er nýkominn heim frá Mexíkó þar sem sýningar Vesturports stóðu yfir á Kommúnunni. Sex sýningar voru haldnar við góðar undirtektir í Mexíkóborg og Guadalajara, heimaborg Gaels Garcia Bernal, sem farið hefur með eitt aðalhlutverkanna.

„Þetta var eins og að vera í sirkus með Gael þarna. Hann er stærsta stjarna Mexíkó og er með lífvörð hjá sér allan sólarhringinn. Hann getur hvergi gengið óáreittur,“ segir Gísli Örn, sem líkir aðstæðunum við bíómyndir frá Hollywood. „Það var upplifun að sjá hvernig þetta virkar. Ég tók einn blaðamannafund með honum og það var bara grín. Fundurinn leystist upp og hann þurfti að hlaupa í burtu með hundrað paparazzi-ljósmyndara á eftir sér.“

Gísli er mjög ánægður með viðbrögðin sem Kommúnan fékk. „Við lékum sjötíu prósent á íslensku og þrjátíu á ensku, en með textavél. Maður hefur oft farið með sýningar út en þá höfum við leikið alveg á ensku. Núna var þetta svo mikið á íslensku og tónlistin líka en samt virkaði þetta allt jafn vel og heima.“

Ferðalag Vesturports stóð yfir í tvær vikur og gekk ýmislegt á. Meðal annars festist leikmyndin í mexíkóska tollinum og var henni ekki hleypt út fyrr en þremur tímum fyrir frumsýninguna. „Það hafði einhver pakkað niður bjór sem er notaður í leikritinu með leikmyndinni, og þá var öllu lokað og læst,“ segir Gísli, sem leitar nú að nýjum leikara í stað Gael Garcia Bernal. „Hann kom með ótrúlega skemmtilega orku inn í sýninguna og maður getur lært fullt af honum. Síðan er hann líka góður drengur og alveg á jörðinni.“

Framundan hjá Kommúnunni eru sýningar í Borgarleikhúsinu auk þess sem Vesturport hefur þekkst boð um að sýna leikritið í Young Vic-leikhúsinu í London eftir áramót. **-fb**



**GÍSLI ÖRN GARÐARSSON** Leikritið Kommúnan var sýnt sex sinnum í Mexíkó við mjög góðar undirtektir.

**GAEL GARCIA BERNAL** Mexíkóski leikarinn var eltur á röndum í heimalandi sínu.




# LAGERSALA

Í LAGERHÚSNÆÐINU HOLTAGÖRÐUM (SJÁ KORT)

## ALLT Á 50-90% AFSLÆTTI

ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR OG SÝNISHORN ÚR VERSLUN
EINNIG MIKIÐ ÚRVAL AF VÖRUM SEM ERU AÐ HÆTTA Í SÖLU

OPIÐ:
MÁNUDAGA - LAUGARDAGA 10-18
SUNNUDAGA 12-18

TEKK
COMPANY

Sími 564 4400 | Fax 564 4435 | tekk@tekk.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000



SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!





**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Ást við fyrstu sýn*

Þrátt fyrir allskyns uppsteyt í garð dæmigerðrar kynjaskiptingar hef ég með sóma haldið uppi merkjum kvenlegs yndisþokka með því að vera átakanlega seinfær þegar kemur að vélbúnaði. Ég er allsendis ófær um að stilla rásir á sjónvarpinu, vírushreinsa tölvuna og man aldrei af hvaða tegund bíllinn minn er. Ólíkt því sem gildir um áhuga á fólki er allt sem ég vil vita um vélar sjáanlegt á yfirborðinu. Kveikja. Nota. Slökkva.

**EN** lengi má konuna reyna. Einn dæmalaust góðan veðurdag gekk ég út úr húsinu mínu allsendis grunlaus um það óvænta ástarævintýri sem beið úti á stétt. Þarna stóð hún þrýstin, spengileg og glansandi fögur. Blá eins og miðnæturhiminn að vori. Hvorug þurfti að tala, þetta var ást við fyrstu sýn. Ég var hennar og hún var mín.

**ENN** um sinn er okkur þó meinað að njótast. Til að vinna mér rétt til að frelsa ítölsku vespuna mína úr álögum þarf ég fyrst að klífa fjallið og sigra drekann, sem sagt að taka stóra mótorhjólaprófið. Sem eindregin talskona ferðalags út úr þægindahringnum hafði mér þó aldrei áður dottið í hug að sitja heila helgi fyrirlestur um vélbúnað ökutækja, umferðarhegðun og þá einstöku tilfinningu þegar malbik skrapast í gegnum gallabuxur.

**OG** það gekk bara glettilega vel að skilja orð eins og chopper, enduró, dunlóp, krossari, hippi og hæsæder. Líka páerslæða, krassa, krúsa og reisa. En þótt ég hafi eitt sinn í Kína snarlega heyrt muninn á mandarín og kantónsku er líklegasta niðurstaðan af námskeiðinu þessi: skilningur á vélbúnaði er annars eðlis og hlýtur að vera bundinn í gen. Annaðhvort hefurðu hann eða – í mínu tilfelli – ekki. Eftir að hafa langalengi reynt með félagsfærni og djúpu innsæi að skynja hvað töffarinn í hlutverki ökukennara var að tala um, glitti þó í dálítinn vott af samhengi. Trúlega var hann að meina að fyrir veturinn væri best að fylla bensíntankinn. En bíddu nú við! Mínútu síðar segir hann að mikilvægt sé að tæma tankinn fyrir veturinn. Tæma? Sagðirðu ekki fylla? Thetta er mjooog skrytid, mig ekki skilja.

**TÖFFARINN** leit á opinmynntan sauðinn með þolinmæði manns sem hefur séð allt: „Ég var að tala um karbóratorinn“ sagði hann.

**Ó.** (Muna að spyrja einhvern hvað karbórator er.)

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 23. apríl, 114. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.27 | 13.26 | 21.27 |
| Akureyri | 5.02 | 13.11 | 21.22 |

*Heimild: Almanak Háskólans*





VILTU STUNDA NÁM VIÐ HR OG MIT SAMTÍMIS?

Háskólinn í Reykjavík hefur gert samstarfssamning við einn besta og virtasta tækniháskóla í heimi, MIT í Boston í Bandaríkjunum. Með þessum samningi gengur HR inn í samstarf MIT og háskóla í Singapúr sem gerir meistaranemum í verkfræði við HR kleift að taka hluta námskeiða sinna við MIT.

MIT er einn framsæknasti háskóli í heimi og hefur starf skólans getið af sér tæknilegar framfarir á ótal mörgum sviðum. Þessi samningur er lýsandi dæmi um þá framsækni og þann stórhug sem einkennir allt starf Háskólans í Reykjavík.

Hefurðu áhuga á verkfræðinámi? Komdu þá í HR og MIT samtímis.

Framtíðin er HR.

Tökum við umsóknum núna
Kynntu þér námið á www.hr.is

Rekstrarverkfræði BSc | Ákvarðanaverkfræði MSc | Fjármálaverkfræði BSc & MSc | Hátækniverkfræði BSc
Heilbrigðisverkfræði BSc & MSc | Hugbúnaðarverkfræði BSc & MSc | Véla- og rafmagnsverkfræði MSc
Byggingarverkfræði MSc

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0608